

**SKOÐUN** Bjarni Bjarnason skrifar um forstjórabústað Orkuveitu Reykjavíkur. 20



**TÍMAMÓT** Starfsfólk Marels hleypur til ágóða fyrir SOS barnaþorp. 22



**LÍFIÐ** Kvikmyndin Land Ho! er opnunarmynd Reykjavík Film Festival í ár. 42



**SPORT** Fylkir hefur fengið á sig fleiri mörk síðan Þóra kom í markið. 38


WOW

FLUGFÉLAG FÓLKSINS


# FRÉTTABLAÐIÐ


Miðvikudagur

10. september 2014

212. tölublað 14. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## MARKAÐURINN



### Stefnir á Ameríku aftur

Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi WOW air, segir flugfélagið ætla að hefja áætlunarflug til Norður-Ameríku næsta vor.

## FRÉTTIR

**Örlögin ráðin** Forstjóri Orkuveitunnar segir afráðið að rífa forstjórahús stofnunarinnar. 2

**Einmana og niðurlægð** Kona sem reyndi sjálfsvíg kveið útskrift af spítala en engin úrræði bíða fólks í hennar sporum. 4

**Ný ríkisstjórn í Írak** Haider al Adabi, forsætisráðherra Íraks, tókst að tryggja sér stuðning allra trúarhópa í landinu. 4




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 10° | SV | 9 |
| Akureyri | 13° | SV | 8 |
| Egilsstaðir | 15° | SV | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 13° | SV | 6 |
| Reykjavík | 12° | SV | 7 |

**VÍÐA SKÚRIR** Í dag verða suðvestan 5-10 m/s en 8-13 m/s V-til. Víða skúrir fram eftir degi en styttir upp og léttir til eystra síðdegis. Hiti 8-16 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk






**TYRKJALÁN Í LAUGARDAL** „Við verðum að reyna að spila svona í hverjum einasta leik. Ég held að við höfum spilað einn besta leik Íslands frá upphafi," sagði Kolbeinn Sigþórsson, framherji Íslands, eftir glæsilegan 3-0 sigur Íslands á Tyrkjum í gær. Kolbeinn skoraði sitt 16. landsliðsmark í gær í 24 leikjum. Þetta var fyrsti leikur Íslands í undankeppni EM 2016 og óhætt að tala um draumabyrjun. 36

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Segir vandanum velt yfir á sveitarfélögin

Formaður BSRB segir að þeir sem eru langtímaatvinnulausir fái kaldar kveðjur frá ríkisstjórninni í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015. Fjármálaráðherra segir frumvarpið hafa jákvæð áhrif á verðlag og kaupmáttur ráðstöfunartekna muni aukast.

**EFNAHAGSMÁL** Þeir sem eru langtímaatvinnulausir geta einungis þegið atvinnuleysisbætur í tvö og hálft ár í stað þriggja, samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, kynnti frumvarpið í gær. Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, segir að verið sé að velta vandanum yfir á sveitarfélögin sem veita atvinnulausum fjárhagsaðstoð eftir að rétti til töku atvinnuleysisbóta lýkur. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tekur í sama streng.

„Það verður að ræða þetta miklu betur áður en hægt verður að sætta sig við að þetta verði niðurstaðan því þetta er mjög óskynsamlegt út frá langtímahagsmunum bæði ríkis og sveitarfélaga en síðast en ekki síst út frá þeirri stöðu sem langtímaatvinnulausir eru í," segir Dagur. Elín Björg tekur í sama streng. „Þetta eru mjög kaldar kveðjur til þeirra sem eru langtímaatvinnulausir." Önnur stórtíðindi er hækkun neðra þreps virðisaukaskatts úr sjö prósentum í tólf prósent. Í neðra þrepi virðisaukaskatts eru meðal annars matvæli. Að sama skapi lækkar efra þrep úr 25,5 prósentum í 24 prósent. Forystumenn launþegahreyfingarinnar hafa mótmælt breytingum á virðisaukaskattskerfinu. Þeirra á meðal er Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Hann telur að stuðla megi að auknum jöfnuði með því að hafa matarskatt lægri en almennan virðisaukaskatt.



ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR



DAGUR B. EGGERTSSON



BJARNI BENEDIKTSSON

Fram undan eru kjarasamningaviðræður, en þeir samningar sem gerðir voru fyrir síðustu jól voru skammtímasamningar. Bjarni segir að frumvarpið verði ekki hindrun í vegi fyrir samningunum. „Það sem er tvímælalaust jákvætt við frumvarpið er að það hefur jákvæð áhrif á verðlag. Við leggjum upp með engar hækkanir á krónutölugjöldum og sköttum, sem voru nokkuð umdeildar í fyrra. Kaupmáttur mun vaxa vegna áhrifa frumvarpsins og tengdra mála. Þetta hefði ég talið að væri verulega mikilvægt innlegg inn í kjarasamningagerðina," sagði Bjarni í gær.

– fbj, jhh / sjá síðu 8, 10 og 14

Eldgosin orðin sjö talsins:

## Rétt að tala um Holuhraunselda

**NÁTTÚRA** Björn Oddsson, jarðeðlisfræðingur og verkefnisstjóri hjá Almannavörnum, segir atburðarásina í Vatnajökli að undanförnu krefjast þess að talað sé um Holuhraunselda frekar en eldgosið í Holuhrauni.



Nú eru gosin á svæðinu orðin sjö en þau eru aðeins hluti af miklu stærri umbrotum sem spanna allan norðvesturhluta Vatnajökuls.

– shá / síða 6





NEXT • KRINGLUNNI • SÍMI 5513200

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka




Iceland

HEY'DI




HEY'DI PROFF, 15 KG

Sementsbundið, plaststyrkt, grátt flísalím í duftformi til að blanda við vatn. Við storknun verður til vatnsheld, frostþolin límfúga.

2.995,-

BAUHAUS

Allt fyrir hús, heimili og garða

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 11. september til og með miðvikudeginum 17. september 2014.

## SPURNING DAGSINS



Friðgeir, er þetta það heitasta í fluginu núna?

**„Já, klárlega fyrir þá sem eru nógu kaldir.“**

Friðgeir Guðjónsson er sölu- og markaðsstjóri hjá Reykjavík Helicopters þar sem nú eru miklar annir við að fljúga með fólk yfir gosstöðvarnar í Holuhrauni.

Hanna Birna svaraði umboðsmanni í gær en hún telur samskipti sín við lögreglustjóra ekki óeðlileg:

# Segir Stefán ekki hafa stjórnað rannsókninni

**STJÓRNSÝSLA** Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra segir að samskipti sín við Stefán Eiríksson lögreglustjóra á meðan á rannsókn á lekanum úr ráðuneytinu stóð verði að skoða í ljósi þess að hann stjórnaði ekki rannsókninni. Hún segir rannsóknina hafa verið í höndum Ríkissaksóknara og því hafi ekkert verið við samskipti hennar og Stefáns að athuga. Þetta kemur fram í svari hennar til Umboðsmanns Alþingis sem birt var á vef ráðuneytisins í gær.

Að mati Hönnu Birnu var af þessum ástæðum ekki tilefni fyrir hana að víkja úr embætti við upphaf rannsóknarinnar.

Hún spyr jafnframt hvaða tilgangi það þjóni yfirhöfuð að taka upp athugun á starfsháttum hennar „og fjalla um hana fyrir opnum tjöldum án þess að um leið sé gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ég hef fram að færa“.

Vísar hún þar í þá ákvörðun Umboðsmanns að gefa henni ekki frest til viðbragða við bréfi hans sem birt var 25. ágúst. Gerir hún alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð.

Hanna Birna segir í bréfinu samtal sitt við Stefán um framgang rannsóknarinnar hafa „verið slitið úr öllu samhengi og sett í þann búning að í þessu hafi falist einhvers konar þvingun“. Ekkert sé fjær sanni. Hún vísar enn fréttaflutningi DV, að Stefán hafi hætt sem lögreglustjóri vegna þrýstings frá innanríkisráðherra, á bug. **- nej**



**EKKI YFIR RANNSÓKNINNI** Hanna Birna segir að samskipti sín við Stefán Eiríksson lögreglustjóra verði að skoða í ljósi stöðu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**AÐ GUÐSÞJÓNUSTU LOKINNI** Agnes Sigurðardóttir biskup og Ólafur Ragnar Grímsson ræddu saman eftir guðsþjónustu í Dómkirkunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

144. löggjafarþing Íslendinga sett í gær við hátíðlega athöfn:

## Forseti Alþingis boðar siðareglur

**STJÓRNMÁL Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, tilkynnti í ræðu sinni við setningu Alþingis í gær að unnið væri að því að setja siðareglur fyrir þingmenn. Haldið yrði áfram að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis með stofnun rannsóknarnefnda en í ljósi mikils kostnaðar af þeim þurfi að skýra umboð þeirra betur og gera grunn að skipan þeirra traustari. Einar flutti einnig minningarorð um Vilhjálm Hjálmarsson, fyrrverandi þingmann og ráðherra Framsóknarflokksins, sem lést í sumar á hundraðasta aldursári en hann sat á samtals 26 löggjafarþingum. Þingmenn minntust hans með stuttri þögn. Stefnuræða forsætisráðherra, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, verður flutt á Alþingi næsta miðvikudagskvöld.** - lb

Skyndileit í verslanakeðju:

## Starfsmenn seldir mansali

**NOREGUR** Átján manns voru handteknir í Noregi í gær í tengslum við rassíu í stórri matvöruverslanakeðju sem 200 lögreglumenn tóku þátt í. Hinir handteknu eru grunaðir um fjölda alvarlegra brota, eins og til dæmis mansal og skattsvik. Leitað var í 20 verslunum keðjunnar Lime.

Ekki hefur verið greint frá því nákvæmlega hvernig starfsmenn voru notaðir en í mörgum tilfellum var um að ræða hælisleitendur sem voru nýkomnir til Noregs og þekktu lítið til reglna og laga í Noregi. **- ibs**

400 látnir vegna flóðanna:

## Neyðarástand mun ríkja lengi

**INDLAND** Fjöldi látinna vegna flóðanna í Indlandi og Pakistan eykst dag frá degi. Yfirvöld segja að nú hafi yfir 400 látist vegna hamfaranna sem hafa haft áhrif á líf tæplega milljón einstaklinga á svæðinu.

Tólf manns létust í gær þegar þak mosku féll á meðan á síðdegisbænastund stóð.

Ahmed Kamal, talsmaður fyrir almannavarnir í Pakistan, sagði björgunaraðgerðir koma til með að taka langan tíma. „Neyðarástand mun ríkja á svæðinu í langan tíma.“ **- nej**



**SUMARHÚSIÐ Í RIÐVÍK** Bústaðurinn, sem er nýlega klæddur að utan, verður fjarlægður ásamt stóru bátaskýli sem reist var 1998. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Forstjórinn ætlar að láta rífa sumarhúsið

„Það mun taka nokkurn tíma að ná endanlegu markmiði,“ segir forstjóri Orkuveitunnar um viðræður um brotthvarf sumarhúsa af leigulóðum fyrirtækisins við Þingvallavatn í landi Nesjavalla. Örlög forstjórabústaðarins við vatnið eru ráðin.

**FJÁRMÁL** Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, segir að sumarbústaður fyrirtækisins við Þingvallavatn verði rifinn. Þetta kemur fram í grein sem Bjarni ritar í Fréttablaðið í dag.

Um er að ræða svokallaðan forstjórabústað Orkuveitunnar í Riðvík við Þingvallavatn í landi Nesjavalla sem Hitaveita Reykjavíkur keypti árið 1964.

„Jörðinni fylgdi lítill sumarbústaður í Riðvík og hefur hann stundum verið kallaður forstjórabústaðurinn innan Orkuveitunnar. Að auki eru þar tíu aðrir sumarbústaðir í einkaeigu meðfram vatnsbakkanum. Einkabústaðirnir standa á leigulandi úr Nesjavallajörðinni,“ segir Bjarni.

Eins og fram hefur komið fól stjórn Orkuveitunnar Bjarna í júní „að leita leiða til að ljúka nýtingu landsins undir sumarhús“. Var þar með hætt við ákvörðun frá því 2011 um að selja leigulóðirnar undir sumarbústöðum einkaaðilanna. Bjarni segir að við nánari skoðun hafi verið talið óráðlegt að Orkuveitan missti forræði yfir svæðinu til frambúðar.

„Ég þekki ekki notkunarsögu bústaðarins í Riðvík en nafngiftin bendir til þess að hann hafi verið notaður af forstjórum Orkuveitunnar að einhverju marki eða að þeir hafi haft ráðstöfunarrétt yfir honum,“ segir Bjarni. Fréttablaðið hefur ekki fengið skýr svör frá Orkuveitunni um notkun á bústaðnum að undanförnu.

Þá rifjar Bjarni upp að ný stjórn hafi tekið við Orkuveitunni 2010 og ráðið nýjan forstjóra til hálfs árs. „Tóku nýja stjórnin og forstjórinn meðal annars þá ákvörðun að afnema öll sérréttindi stjórnenda í Orkuveitunni. Einkaafnot eða forgangur að húseignum Orkuveitunnar heyrðu þar undir,“ skrifar Bjarni sem sjálfur hóf störf í Orkuveitunni 1. mars 2011.

„Ákvæði um einkaafnot mín af bústaðnum í Riðvík er ekki að finna í ráðningarsamningi og vissi ég ekki á þeim tíma að bústaðurinn væri til. Sú hugmynd var rædd um þetta leyti að afhenda starfsmannafélagi Orkuveitunnar bústaðinn til útleigu fyrir félagsmenn. Bústaðurinn stendur á viðkvæmu vatnsverndarsvæði sem útilokaði þá hugmynd,“ skrifar Bjarni.



**„Tóku nýja stjórnin og forstjórinn meðal annars þá ákvörðun að afnema öll sérréttindi stjórnenda í Orkuveitunni.**

*Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar.*

Viðræður við eigendur sumarhúsanna á leigulóðunum standa enn. „Ljóst er að það mun taka nokkurn tíma að ná endanlegu markmiði og þarf Orkuveitan að huga að góðu meðalhófi í framgöngu,“ segir forstjórinn og bætir við: „Bústaður Orkuveitunnar í Riðvík stendur næst vatnsbólinu á Grámel og því mun hann víkja fyrstur en ákveðið hefur verið að rífa hann næsta sumar.“

**gar@frettabladid.is** / sjá síðu 20




Rannsókn bendir til að MH-117 hafi orðið fyrir sprengjubrotum úr flugskeyti:

# Margir hlutir þeyttust í vélina

**HOLLAND** Allt bendir til þess að margir litlir hlutir hafi skollið á miklum hraða á malasísku farþegavélinni, sem hrapaði yfir Úkraínu í sumar.

Þetta er meginniðurstaðan í bráðabirgðaskýrslu, sem rannsóknarnefnd skilaði frá sér í gær. Nefndin segir ekkert benda til þess að bilun hafi orðið á einhverjum tækjabúnaði í vélinni. Ekkert bendi heldur til þess að áhöfnin hafi gert mistök.

Flugritar vélarinnar sýna að allt hafi gengið eðlilega fyrir sig þangað til hún hrapaði skyndilega. Engin viðvörun kom frá tækjabúnaði um að eitthvað væri að. Flugmenn vélarinnar höfðu heldur ekki haft orð á neinu óeðlilegu.

Í skýrslunni er engin afstaða tekin til þess hver kunni að bera ábyrgð á því sem gerðist.

Niðurstaðan samræmist hins vegar því að flugskeyti hafi verið skotið á vélina. Flugskeytið hefði þá sprungið stuttu áður en það kom á vélina. Brotin úr því hafi síðan þeyst á miklum hraða í vélina og valdið skemmdum, sem urðu til þess að hún hrapaði.

Úkraínskir uppreisnarmenn hafa legið undir grun um að hafa skotið flugskeyti á vélina.

Farþegavélin, sem var af gerðinni Boeing 777, hrapaði skyndilega þann 17. júlí á svæði sem uppreisnarmenn, hliðhollir Rússum, höfðu á sínu valdi í austanverðu landinu.

Um borð voru 298 manns, sem allir létu lífið. Margir þeirra voru Hollendingar, en vélin var á flugi frá Hollandi áleiðis til Kúala Lúmpúr.



**BROT ÚR VÉLINNI** Uppreisnarmaður í austanverði Úkraínu skoðar brot úr malasísku farþegavélinni, sem enn liggja eins og hráviði á svæðinu þar sem hún hrapaði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

gudsteinn@frettabladid.is

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# VIÐ LÆKKUM VERÐ



**LÆKKUN VIRÐISAUKASKATTS TEKUR STRAX GILDI Á NÝJUM TOYOTA BÍLUM**

Við fögnum ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lækkun virðisaukaskatts niður í 24,0% sem taka á gildi 1. janúar á næsta ári og sem án efa á eftir að verða neytendum til hagsbóta. Við teljum þó jafnframt að það sé ekki eftir neinu að bíða og höfum því ákveðið að lækka verðlistaverð á nýjum Toyota bílum sem nemur þessari breytingu á virðisaukaskattinum. Sú lækkun tekur gildi frá og með deginum í dag.

Verið velkomin til viðurkenndra söluaðila Toyota.

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## SVONA ERUM VIÐ



**18 tonn af pylsum og „áþekkum afurðum úr lifur“ voru seld árið 2002 á Íslandi, eins og það heitir hjá Hagstofu Íslands.**

Pylsusala var 154 tonn tíu árum seinna.

Ný ríkisstjórn mynduð í Írak með þátttöku sjía, súnnía og Kúrda:

# Tvö lykilráðuneyti ómönnuð

**ÍRAK, AP** Ráðuneyti innanríkismála og varnarmála eru enn ómönnuð í Írak, þrátt fyrir að ný stjórn hafi verið mynduð með samþykki þingsins á mánudagskvöld.

Haider al Abadi forsætisráðherra þykir engu að síður hafa náð mikilvægum áfanga með því að tryggja sér stuðning allra helstu trúar- og þjóðernishópa landsins við nýju stjórnina.

Sjálfur er hann sjía-múslimi, rétt eins og forveri hans, Núrí al Maliki. Maliki gaf embættið eftir í ágúst síðastliðnum eftir að ljóst var að honum tækist ekki að afla nýrri stjórn meirihlutastuðnings í þinginu.

Súnní-múslimum mislíkaði að Maliki skyldi iðulega taka hagsmuni sjía-múslima fram yfir hagsmuni annarra landsmanna. Þessi óánægja meðal súnní-múslima virðist hafa átt sinn þátt í því að öfgasveitum Íslamska ríkisins varð verulega ágengt við að ná á sitt vald svæðum súnní-múslima í vestanverðu landinu. - gb



**NÚRÍ AL MALIKI OG HAIDER AL ABADI** Fyrrverandi og núverandi forsætisráðherra takast í hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingfesting í Marple-máli:

# Sakborningar neita allir sök

**DÓMSMÁL** Hreiðar Már Sigurðsson, Guðný Arna Sveinsdóttir og Magnús Guðmundsson, fyrrverandi stjórnendur Kaupþings og Kaupþings í Lúxemborg, og Skúli Þorvaldsson athafnamaður neituðu öll sök við þingfestingu svonefnds Marple-máls í héraðsdómi í gær. Þau eru sökuð um fjárdrátt og yfirhylmingu með því að hafa fært um átta milljarða frá Kaupþingi til félags í eigu Skúla Þorvaldssonar en saksóknari telur að lögmætar ástæður hafi ekki legið að baki. - ktd



**Á HORNAFIRÐI** Flest rýmin á hjúkrunarheimilinu eru tvíbýli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tvíbýli á hjúkrunarheimili:

# Óásættanlegt fyrir aldraðra

**FÉLAGSMÁL** Bæjarstjórn Hornafjarðar segir mjög brýnt að bæta úr búsetuskilyrðum fyrir aldraða í sveitarfélaginu. Heilbrigðisstofnun Suðausturlands sé með 24 hjúkrunarrými sem flest séu lítil tvíbýli. Það stangist á við viðmiðunarreglur heilbrigðisráðuneytisins.

„Í ljósi samþykktarinnar um viðmiðunarreglur um aðbúnað þá telur bæjarstjórn að í raun séu 27 einstaklingar í bið eftir einbýli. Það teljum við algerlega óásættanlegar aðstæður,“ segir bæjarstjórnin. - gar

Kosningarnar í Svíþjóð:

# Orðræða fellir frambjóðendur

**SVÍÞJÓÐ** Formaður Svíþjóðardemókratanna í Stokkhólmi og sex aðrir frambjóðendur flokksins til sveitarstjórnar- og þingkosninganna í Svíþjóð næstkomandi sunnudag hafa dregið sig í hlé eftir að sænska blaðið Expressen greindi frá hatursfullri orðræðu þeirra á samfélagsmiðlum í garð innflytjenda.

Skoðanakannanir höfðu sýnt að Svíþjóðardemókratar myndu nær tvöfalda fylgi sitt í þingkosningunum nú en í síðustu þingkosningum var fylgi þeirra 5,6 prósent. - ibs

# „Upplifði mig alveg eina“

**Ríflega helmingur þeirra sem fara á spítala vegna sjálfsskaða eru ekki lagðir inn á deild heldur fara heim samdægurs. Ekkert teymi eða sértæk úrræði bíða þeirra sem útskrifast af spítala eftir að hafa reynt sjálfsvíg.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Málfríður Hrund Einarsdóttir var með mikla sjálfsskaðahegðun, sem lýsti sér í því að hún skar sig ítrekað. Tvisvar var hún lögð inn á spítala vegna sjálfsvígstilrauna og sett í yfirsetu á geðdeild vegna sjálfsvígshættu. „Ég var svo einmana í yfirsetunni og upplifði mig niðurlægða. Mér fannst ég enga aðstoð fá.“

Málfríður segir að boðið hafi verið upp á viðtöl einu sinni á dag við lækni en þá hafi fyrst og fremst verið farið yfir lyfjagjöf, hvort hún svæfi rétt og borðaði. Annars hafi enginn talað við hana. „Enginn fylgdist raunverulega með mér og svo var ég send heim. Ég kveið hrikalega fyrir að fara heim því ég vissi að ég yrði ein. Það var engin eftirfylgni.“

Það var undir Málfríði sjálfri komið að leita sér aðstoðar en þegar maður er þungt haldinn af geðrænum veikindum getur verið erfitt að taka frumkvæði að eigin bata. Málfríður heyrði svo af tilviljun af Hugarafli, sem er samstarf fagaðila og sjálfboðaliða með reynslu af geðsjúkdómum, og fékk loksins viðeigandi aðstoð. Hún segir að slíkt teymi ætti að vera á sjálfsvígsvakt allan sólarhringinn og veita nauðsynlegan stuðning og eftirlit, bæði sjúklingum og fjölskyldum þeirra. Í Hugarafli lærði Málfríður að mögulegt er að ná bata með því að vinna í rót vandans. Hún hætti því að bíða heima og taka eingöngu lyfin sín, eins og þau væru sýklalyf sem gætu læknað hana, og náði að breyta því hvernig hún nálgaðist veikindi sín. „Í mörg ár lokaði ég mig bara af ein heima, var alltaf mjög tæp með látlausar sjálfsvígshugsanir og upplifði mikla skömm. Í Hugarafli tilheyri ég hópi fólks með svipaða reynslu og þar fann ég í fyrsta skipti von um að eiga öðruvísi líf.“

> **Enginn fylgdist raunverulega með mér og svo var ég send heim. Ég kveið hrikalega fyrir að fara heim því ég vissi að ég yrði ein. Það var engin eftirfylgni.**
>
> *Málfríður Hrund Einarsdóttir*

Vegna þöggunar í samfélaginu og lítillar umræðu er oft litið á geðsjúkdóma sem varanlegt ástand sem ekki er hægt að lifa góðu lífi með eða ná bata. „Skömmin veldur því að fólk leitar sér síður hjálpar eða of seint enda telur það ástandið vonlaust. Þar spila manns eigin fordómar að sjálfsögðu stórt hlutverk,“ segir Málfríður sem hefur oft óskað sér að vera með einhvern annan „venjulegri“ sjúkdóm. Einhvern sem auðveldara er að leita sér hjálpar við og þar sem þjónustan er bæði aðgengilegri og sýnilegri.

erlabjorg@frettabladid.is



**BÚIN AÐ NÁ BATA** Málfríður ól aldrei með sér von um að leið væri út úr veikindunum fyrr en hún ákvað að taka þátt í starfi Hugarafls. Hún segir úrræðaleysi í heilbrigðiskerfinu fyrir fólk með sjálfsvígshugsanir og að með aukinni fræðslu sé möguleiki á að útrýma skömminni sem fylgir geðrænum sjúkdómum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Bæta aðgengi að sálfræðiþjónustu



Um þrjú hundruð voru greindir á sjúkrahúsum í fyrra með sjálfsskaða, ríflega helmingur þeirra var sendur heim samdægurs.

Halldóra Ólafsdóttir, yfirlæknir á bráðaþjónustu og göngudeild geðsviðs Landspítalans, segir að gert sé geðmat á sjúklingum sem reynt hafa sjálfsvíg og þeim sem séu enn í sjálfsvígshættu sé boðið upp á innlögn á geðdeild. Ekkert sérstakt teymi eða ferli sé fyrir sjúklinga en þeim sé beint í viðeigandi meðferðir, eftir þörfum hvers og eins.

Halldóra segir að mögulega mætti efla verklagið á sjúkrahúsunum en mikilvægast sé þó að ráðast gegn rót vandans. Stærstu áhættuþættirnir varðandi sjálfsvíg séu þunglyndi og vímuefnavandi. „Aðgengi að meðferðum við vímuefnavanda er gott á Íslandi en það á ekki við um aðgengi fólks að meðferð við þunglyndi og kvíða.“ Halldóra segir göngudeild geðsviðs eingöngu geta tekið á móti litlum hluta þeirra sem þurfa aðstoð og aðgengi að sálfræðiþjónustu sé takmarkað við efnahag fólks því þjónustan sé svo dýr. „Í raun er mun betra aðgengi að lyfjum á Íslandi en sálfræðimeðferð, sem er þó oft mjög áhrifaríkt úrræði og sérstaklega fyrir ungt fólk sem er með byrjunareinkenni þunglyndis og kvíða.“

Þess má geta að sálfræðiþjónusta er ekki niðurgreidd af Tryggingastofnun ríkisins og kostar eitt viðtal frá tíu til fimmtán þúsund króna.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 29° | Friedrichshafen | 20° | New York | 24° |
| Aþena | 29° | Gautaborg | 17° | Orlando | 32° |
| Basel | 25° | Kaupmannahöfn | 17° | Ósló | 20° |
| Berlín | 18° | Las Palmas | 27° | París | 22° |
| Billund | 19° | London | 19° | San Francisco | 24° |
| Frankfurt | 19° | Mallorca | 29° | Stokkhólmur | 17° |







**STYTTIR UPP** Víða á skúrir á landinu fyrri part dags en styttir upp er líður á daginn fyrst um landið austanvert. Úrkomulaust víða á morgun og léttskýjað en skýjað og lítilsháttar úrkoma vestast. Kólnar aðeins í veðri næstu daga.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

NÝR MITSUBISHI **OUTLANDER PHEV**

VIÐ FÖGNUM
35
ÁRUM MEÐ
ÍSLENDINGUM

# ÉG MAN VARLA LENGUR HVERNIG BENSÍNDÆLA LÍTUR ÚT




**Mitsubishi Outlander PHEV** er fyrsti fullvaxni rafknúni fjórhjóladrifsbíllinn sem knúinn er íslenskri orku og bensíni; þitt er valið. Hann er tvíorkubíll svo að þú stingur bara í samband og sparar bensínið til betri tíma. Ef þú vilt vernda umhverfið, hvíla veskið eða fá þér öruggan fjórhjóladrifinn fjölskyldubíl er Outlander málið.

**Mitsubishi Outlander**
PHEV (Plug-in Hybrid)
**6.690.000 kr.**

**Mitsubishi Outlander**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:
**5.290.000 kr.**

TIL AFHENDINGAR STRAX!

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

Búnaður í Outlander PHEV: 18” álfelgur, aðgerðastýri, upplýsingaskjár í mælaborði með bakkmyndavél, USB tengi og handfrjáls símabúnaður, hraðastillir með fjarlægðarskynjara, árekstravörn, akreinavari, tvískipt tölvustýrð miðstöð, upphituð framsæti, upphituð framrúða, AM/FM útvarp, CD/MP3 spilari, rafdrifnir og upphitaðir útispeglar með stefnuljósum, vindskeið að aftan með LED lýsingu, þokuljós að framan með beygjuljósum, regnskynjari á rúðuþurrkum, sjö öryggispúðar, skyggt gler í hliðar- og afturrúðu, svartir langbogar á þaki, þvottasprautur á aðalljósum, dagljósabúnaður.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað hefur fyrirtækið Norðurflug til þessa verið að taka fyrir þyrluferðir yfir eldgosið í Holuhrauni?
**2.** Hvaða flugfélag á stóru Airbus-þotuna sem lenti á Reykjavíkurflugvelli á mánudag?
**3.** Hvað heitir borgarstjórinn í London?

**SVÖR:**

**1.** Nærri 240 þúsund krónur. **2.** Færeyska flugfélagið Atlantic Airways. **3.** Boris Johnson.

Viðurkennir að hafa hent skiptilykli en neitar að tjá sig um alvarlega árás:

# Ók á fyrrverandi sambýliskonu

**DÓMSMÁL** Maður sem játað hefur að hafa hent skiptilykli inn um glugga fyrrverandi sambýliskonu sinnar og er grunaður um að hafa síðan ekið á konuna situr í gæsluvarðhaldi til 14. september. Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þessa efnis.

Árásin var gerð að morgni síðasta laugardags. Konan meiddist á fæti og á hendi. Sagði hún manninn hafa í tvígang reynt að aka á sig og náð því í seinna skiptið. Dóttir hennar staðfesti þá frásögn. Vitni segja konuna fyrst hafa reynt að sussa á manninn þar sem hann stóð fyrir utan glugga hennar ásamt annarri konu og haft hátt. „Kona hafi svo komið út úr húsinu og staðið við grindverk við húsið en þar hafi allt orðið vitlaust. Eftir að maðurinn hafi æpt og öskrað hafi hann farið upp í bifreið, sett í gang og bakkað frá fyrst en komið svo á fullri ferð áfram og ekið á konuna þar sem hún hafi staðið upp við grindverkið. Hann hafi svo bakkað frá og ekið aftur á konuna,“ segir í dómsskjölum þar sem fram kemur að maðurinn liggi „undir rökstuddum grun um að hafa gert lífshættulega atlögu að fyrrum sambýliskonu sinni“. - gar



**HÆSTIRÉTTUR** Staðfesti vikulangan gæsluvarðhaldsúrskurð yfir árásarmanninum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LÖKE-málið í Héraðsdómi:

# Höfnuðu kröfu um frávísun

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur hafnaði frávísunarkröfu verjenda lögreglumannsins sem sakaður er um að hafa flett upp nöfnum fjölda kvenna í málaskrárkerfi lögreglunnar. Garðar Steinn Ólafsson, verjandi mannsins, staðfesti í samtali við Vísi að dómurinn hefði ekki fallist á röksemdir hans fyrir frávísun. Dómur mun næst koma saman í nóvember til þess að ákveða hvort þinghaldið verði lokað eða ekki. - sáp

Skortur á plássi í Noregi:

# Norskir fangar til Hollands

**NOREGUR** Norsk yfirvöld ætla að flytja fanga sína yfir í hollensk fangelsi. Ástæðan er sú að ekki er nægt pláss í norskum fangelsum.

Leigð verða þrjú hundruð fangapláss af Hollendingum, sem nú þegar leigja Belgum hluta af plássum sínum. Samkvæmt samkomulagi á milli norskra og hollenskra yfirvalda munu hollenskir verðir hafa eftirlit með norsku föngunum en fangelsisvörðurinn verður norskur. Um 1.300 manns bíða eftir plássi í Noregi, samkvæmt frétt BBC. - fb

Nýr hugbúnaður í þróun:

# Snjallsímar gegn Parkinson

**HEILSA** Snjallsímatækni sem var kynnt á Bresku vísindaráðstefnunni gæti hjálpað til við greiningu og meðferð Parkinson-sjúkdómsins. Hingað til hefur reynst erfitt að mæla einkenni sjúkdómsins eftir að sjúklingar hafa yfirgefið heilsugæslustöðvar eftir tíma hjá læknum sínum. Með nýjum snjallsímahugbúnaði, sem var þróaður af Aston-háskóla, er læknirinn svo að segja kominn í vasa sjúklings síns þar sem hann getur greint hreyfingar og talsmáta sjúklingsins á heimili hans, að því er kom fram hjá BBC. - fb






# Eldgosin orðin sjö frá upphafi jarðhræringa

**Tímabært er að vísa til umbrotanna í Vatnajökli á sama hátt og tíðkast hefur um Kröfluelda og Skaftárelda. Þegar hefur eldur verið uppi á sjö stöðum – sem þó er aðeins hluti af mun stærri jarðfræðilegum atburði sem hófst fyrir þremur vikum.**

**NÁTTÚRA** „Þessi atburðarás fer að krefjast þess að talað sé um elda, líkt og talað er um Kröfluelda eða Skaftárelda. Við erum með mikla eldvirkni á ákveðnu svæði sem kemur og fer. Við höfum þegar sjö atvik þar sem kvika hefur komið upp á yfirborð jarðar,“ segir Björn Oddsson, jarðeðlisfræðingur og verkefnastjóri hjá Almannavörnum. „Sérstaklega á þetta við ef umbrotin halda áfram næstu misserin.“

Í yfirlitsflugi vísindamanna á sunnudag sást þriðji sigketillinn í Dyngjujökli, aðeins um þrjá kílómetra frá sporði jökulsins. Fyrir höfðu sést þrír sigkatlar; tveir í Dyngjujökli síðustu daga og sá fyrsti, eða þeir fyrstu, mun sunnar í jöklinum fyrir suðaustan Grímsvötn. Þá eru ótalin eldgosin utan jökuls. Örgosið fyrsta í Holuhrauni; annað gosið sem stendur enn yfir af krafti, og síðan sprungan þar fyrir sunnan sem nú er kulnuð.

Björn segir, og á því þurfi að hnykkja vegna áhuga fólks á að fara til að skoða eldsumbrotin, að eldgosin sjö séu aðeins hluti af miklu stærri atburðarás.

„Þetta spannar allan norðvesturhluta Vatnajökuls. Á síðustu dögum höfum við séð sigið í Bárðarbungu upp á allt að 20 metra og nýjan sigketil í Dyngjujökli. Eldgos er uppi í Holuhrauni. Við þetta bætist framrás berggangsins með miklum jarðhræringum því fylgjandi. Fólk horfir mjög til þessa fallega eldgoss, sem þó getur reynst mjög hættulegt þeim sem staddir eru nálægt því. En váin á svæðinu er miklu meiri, eins og rætt var um áður en eldgosin hófust utan jökuls,“ segir Björn og vísar til hættu á eldgosi undir jökli og flóðahættu sem því tengist. „Kannski er þetta tímaspursmál hvenær þessir litlu atburðir undir Dyngjujökli verði af þeirri stærðargráðu að þeir bræði sig upp úr jöklinum,“ segir Björn. Í ljósi þess að sigkatlarnir eru orðnir fjórir, hið minnsta, má spyrja hvert vatnið fari. Björn segir það koma til greina að bráðin úr Dyngjujökli renni út í Jökulsá á Fjöllum án þess að þess verði sérstaklega vart. Áin er vatnsmikil og rennur undan jöklinum í mörgum kvíslum á tuga kílómetra löngu svæði. „Fræðilega getur verið að vatnið renni þar fram, án þess að við verðum þess vör, því magnið er það lítið.“ svavar@frettabladid.is



**HOLUHRAUNSELDAR** Á þremur vikum hefur kvika sjö sinnum náð upp á yfirborð – og því eru eldgosin sjö. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**„Þessi atburðarás fer að krefjast þess að talað sé um elda, líkt og talað er um Kröfluelda eða Skaftárelda.**

*Björn Oddsson, jarðeðlisfræðingur.*

## Bráð hætta stafar af gasi frá eldgosinu

- Mikið gasstreymi er í og kring um eldstöðina. Bráð lífshætta stafar af gasinu og því er ekki óhætt að nálgast svæðið án gasmæla og gasgríma. Vísindamenn hafa þurft að rýma svæðið endurtekið síðasta sólarhringinn vegna þess að gasstyrkur fór langt yfir hættumörk þegar vindátt breyttist skyndilega. Við gosstöðvarnar má búast við sífelldum staðbundnum breytingum á vindátt, vegna hitauppstreymis, sem gera aðstæður þar mjög hættulegar.
- Ekkert dregur úr gosinu í Holuhrauni. Gosvirkni er svipuð og undanfarna daga. Hraun rennur til austurs af svipuðum krafti og áður. Það hægir ekki á hrauninu en það lengist í farvegi Jökulsár á Fjöllum. Áin flæmist til austurs undan hrauninu.

**Heimild:** *Fundur vísindamannaráðs Almannavarna í gær.*


# Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 11. september gefur Íslandspóstur út frímerki í tilefni 800 ára minningar Sturlu Þórðarsonar (1214-1284), sagnaritara, skálds og lögmanns. Einnig koma út tvö frímerki í útgáfuröð vitafrímerkja.




Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni. Sími: 580 1050. Netfang: stamps@stamps.is Heimasíða: www.stamps.is facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN


Alþjóðleg nefnd um lyfjamál segir stríðið gegn fíkniefnum löngu tapað:

# Refsistefna eflir glæpalýðinn

**HEILBRIGÐISMÁL** Ríki heims ættu að skipta algerlega um stefnu gagnvart fíkniefnum, segir alþjóðleg nefnd um lyfjamál í nýrri skýrslu þar sem skorað er á Sameinuðu þjóðirnar að taka forystu í þessum málum.

„Stríðið gegn fíkniefnum hefur mistekist,“ segir í skýrslunni. Í staðinn fyrir að dregið hafi úr fíkniefnaotkun og glæpum sem henni tengjast, þá hefur fíkniefnanotkun aukist jafnt og þétt auk þess sem kynt er undir glæpastarfsemi með því að gera fíkniefnasölu arðbæra.

„Eftir að hafa reynt þessa refsistefnu í meira en hálfa öld, þá eru nú yfirgnæfandi vísbendingar um að ekki aðeins hafi með henni mistekist að ná þeim markmiðum sem að var stefnt heldur hafi hún einnig skapað alvarleg félagsleg og heilsufarsleg vandamál,“ segir í skýrslu nefndarinnar.

Í nefndinni eiga meðal annars sæti Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, Louise Arbor, fyrrverandi mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, og Ernesto Zedillo, fyrrverandi Mexíkóforseti. - gb



**UPPSKERAN EYÐILÖGÐ** Heilu tonnin af kókaíni og maríjúna brennd á vegum stjórnvalda í Panama. NORDICPHOTOS/AFP



# HEILSA Í HAGKAUP

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa




**RAPUNZEL hnetusmjör**
Hnetu- og sesamsmjör.

## NUTRA VÍTAMÍN - GÆÐI OG GOTT VERÐ



TILBOÐ 15% afsláttur á kassa

Nýtt




**LEAN WHEY**
Mysuprótein með öllum helstu brennsluefnunum í (t.d. CLA, L-Carntine, Grænt te) og hver skammtur undir 100 kcal. Stelpurnar eru brjálaðar í þetta!

GOTT VERÐ 399 kr/stk

Nýtt




**QNT SOGOOD!**
Próteinstykki.

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa




**SUPERCHARGER PREWORKOUT**
Inniheldur m.a. amínósýrur, flókin kolvetni, kreatín, glútamín, nitric oxide(N.O.) og koffín.

GOTT VERÐ 209 kr/stk




**FREYJA próteinstykki**
Hreysti, Styrkur og Kraftur.

Nýtt




**CHI kókosvatn**
Aðeins 63 kaloríur í 330 ml.

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa




**EFA LEAN** sameinar ólíkar fitusýrur sem styðja við alhliða fitubrennslu, keyrir upp orkuna yfir daginn, styður við vöðvauppbygginguna.

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa




**EAS 100% WHEY PROTEIN (MYSUPRÓTEIN)**
Hágæða prótein sem styður við vöðvavöxt og hámarksafköst. Nærir vöðva til að hámarka hreinan vöðvamassa á meðan náttúrulegar amínósýrur draga úr vöðvaskemmdum eftir erfiðar æfingar.

## VALIN VÍTAMÍN Á AFSLÆTTI

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa




Gildir til 14. september á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## TÖLUR ÚR FJÁRLAGAFRUMVARPINU

**800** MILLJÓNIR
aukalega fara til Rannsóknarsjóðs og Tækniþróunarsjóðs

**400** MILLJÓNIR
fara í að styrkja rekstrargrundvöll framhaldsskólanna

BARNABÆTUR ▲
**13%**
+2,5% verðlagsuppfærsla



UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS
**174,7** MILLJÓNIR

**1.800.000** MILLJÓNIR
verða veittar til að styrkja rekstrargrunn spítala og heilsugæslu og til að fjárfesta í tækjum og búnaði

**60** MILLJÓNIR
vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna

**0,1%**
TRYGGINGAGJALD
▼ mun lækka úr 7,59% í 7,49%

**AUÐLEGÐARSKATTUR**
10,5 milljarðar innheimtust í ríkissjóð vegna auðlegðarskatts á síðasta ári

Landhelgisgæslan
**160**
▼ milljónir

**ÁTVR**
Áætlaðar rekstrartekjur árið 2015:
**29,7** milljarðar

**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS FÆR**
**20** MILLJÓNIR
til að setja upp nýja vefsíðu

Heildarútgjöld ríkissjóðs
**640,5**
milljarðar króna
en heildarútgjöld hafa farið lækkandi allt frá 2009

Heildarskuldir ríkissjóðs
**1.480**
milljarðar króna
þar af eru 697 milljarðar sem engar eignir koma á móti

# Matarskattur mun hækka um fimm prósentustig á næsta ári

Neðra þrep virðisaukaskatts hækkar úr sjö prósentum í tólf prósent á næsta ári, samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi sem dreift var á Alþingi í gær. Efra þrep mun lækka úr 25,5 prósentum í 24 prósent. Áætlað er að barnabætur hækki en skerðingarhlutfall aukist á móti.

Efra þrep virðisaukaskatts mun lækka úr 25,5% í 24% en neðra þrep mun hækka úr 7% í 12%, samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs. Í neðra þrepi virðisaukaskatts eru meðal annars matvæli og bækur.

Fjárlagafrumvarpinu var dreift á Alþingi í gær.Samkvæmt því munu fjárhæðir barnabóta hækka um 13% umfram hækkun neysluverðsvísitölunnar. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, greindi frá því á blaðamannafundi í Salnum í gær að skerðingarhlutföll yrðu hækkuð um eitt prósent þannig að barnabótum verði frekar beint að hinum tekjulægri. Að auki verður undanþága á greiðslu virðisaukaskatts vegna fólksflutninga í afþreyingarskyni felld úr gildi 1. maí 2015 og fer í lægri þrep virðisaukaskattsins.

Bjarni sagði í samtali við Fréttablaðið eftir blaðamannafundinn að lagt hefði verið upp með þá meginhugsun að fækka sem mest má undanþágum í kerfinu til að halda aftur af háu prósentustigi. „Lækkun efra þrepsins leiðir til þess að við verðum með lægsta efra þrepið í virðisaukaskattskerfinu frá stofnun þess. Og það er skynsamleg leið að mínu áliti að breikka virðisaukaskattstofnana eins og hægt er. En þetta er samt þannig að það er engin tilviljun hvaða atriði hafa verið tínd út úr virðisaukaskattskerfinu. Þær breytingar hafa hins vegar orðið í ferðaþjónustunni að henni hefur vaxið svo fiskur um hrygg á undanförnum árum að það er ekki ástæða til að hafa sömu áhyggjur af þeirri grein eins og áður,“ sagði Bjarni.

Bjarni sagði að skuldir ríkissjóðs væru enn of miklar og vaxtajöfnuður gríðarlega íþyngjandi. Einnig sé ljóst að ýmsar skuldbindingar ríkissjóðs eigi eftir að hafa neikvæð áhrif til framtíðar, svo sem skuldbindingar gagnvart lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna, ríkisábyrgðir gagnvart Íbúðalánasjóði og aukin útgjöld vegna öldrunar þjóðarinnar. „Það er alveg ljóst að ríkisfjármálastaðan er miðað við þessa stöðu í járnum,“ sagði Bjarni á blaðamannafundinum. Hann sagði þó að búist væri við því að skuldir ríkissjóðs myndu fara lækkandi sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Þær voru 90% árið 2011, áætlað er að þær verði 78% í lok þessa árs og verði komnar niður fyrir 60% árið 2018.

jonhakon@frettabladid.is



**KYNNTI FRUMVARPIÐ** Bjarni Benediktsson segir nauðsynlegt að selja eigur ríkissjóðs til að lækka skuldir.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hefja sölu Landsbankans

Bjarni Benediktsson sagði á blaðamannafundi að það tæki að óbreyttu áratugi að greiða niður þær skuldir sem ríkissjóður stendur frammi fyrir og á sama tíma kæmi vaxtabyrðin í veg fyrir framlög til mikilvægra málaflokka. Því sé nauðsynlegt að hefja tiltekt á efnahagsreikningi ríkissjóðs með eignasölu og skuldalækkun. Stefnt er að sölu á um 30 prósenta eignarhlut í Landsbankanum á árunum 2015 og 2016 og verður andvirðið nýtt til að greiða niður lán sem tekin voru til að endurfjármagna fjármálastofnanir í kjölfar bankahrunsins.

„Það sem kemur inn í þá mynd er að lög hafa gert ráð fyrir því að bankasýslan myndi renna sitt skeið á þessu ári. Það mun þurfa lagabreytingu til að undirbúa það með hvaða hætti eigi að standa að sölu þessara eignarhluta. Sú undirbúningsvinna stendur yfir en við erum ekki að gera ráð fyrir sölu á Landsbankanum fyrr en í fyrsta lagi á seinni hluta næsta árs og síðan á árinu 2016. Samtals um í kringum 30% hlut. En það er auðvitað forsenda þess að af þessari sölu geti orðið að réttar aðstæður hafi skapast og rétt verð fáist fyrir hlutinn,“ sagði Bjarni í samtali við Fréttablaðið eftir blaðamannafund.

Til greina kemur að selja eignarhluti ríkisins í Arion banka og Íslandsbanka líka, en Bjarni segir að ekki hafi verið rætt um sölu á hlut í Landsvirkjun.

## Matarskattur mikil vonbrigði



„Það eru mikil vonbrigði að stjórnvöld skuli hafa ákveðið að hækka virðisaukaskatt á matvæli úr 7% í 12%,“ segir **Karl Garðarsson**, þingmaður Framsóknarflokksins, um fyrirhugaðar virðisaukaskattsbreytingar á fésbókarsíðu sinni. „Það mun óhjákvæmilega leiða til hækkunar matarverðs og kemur sérstaklega illa við þá lægst launuðu. Hækkun barnabóta nær einungis til afmarkaðs hóps. Eftir standa fátækir barnlausir einstaklingar, eldri borgarar og öryrkjar, svo fátt eitt sé nefnt sem þurfa að borga hærra verð fyrir nauðsynjavörur.“ Þá segir Karl jafnframt að hann hafi enga trú á að lækkun á efra þrepi virðisaukaskattsins um 1,5%, úr 25,5 prósentum, í 24 prósent skili sér í lægra vöruverði – reynslan sýnir það. Afnám vörugjalda snýr einungis að afmörkuðum hlutum, þótt ákveðnar matvörur séu þar líka. Bæði Karl og Vigdís Hauksdóttir höfðu lýst andstöðu við breytingarnar og Karl segir að skoðun sín hafi ekki breyst. „Það er nauðsynlegt að ná fram breytingum í meðförum þingsins,“ segir Karl.

## Mikilvægt að fara í uppbyggingarstarf



„Það sem mér finnst blasa við er að það eru til peningar,“ segir **Guðmundur Steingrímsson**, formaður Bjartrar framtíðar. „Það er hægt að setja pening í uppbyggingu í heilbrigðismálum, í menntakerfið og vegakerfið og greiða niður opinberar skuldir sem væri nú það besta sem við myndum gera,“ segir hann. Það blasi við að það sé pólitísk ákvörðun og lýsi pólitískri forgangsröðun að gera það ekki. „Mér finnst það vera stærstu tíðindin í þessu. Sem koma svo sem ekkert á óvart. Það blasti við, en er staðfest núna,“ segir Guðmundur.

Guðmundur fagnar því þó að bætt sé í rannsóknarsjóðina. Þannig mun framlag til Rannsóknarsjóðs hækka um 360 milljónir króna frá fjárlögum yfirstandandi árs og einnig er gert ráð fyrir að framlög í Tækniþróunarsjóð hækki. „Ég hefði viljað sjá meira af slíkum hlutum,“ segir hann. Eftir djúpa lægð og mikinn niðurskurð þurfi að fara í öflugt uppbyggingarstarf. „Ég hefði viljað sjá fjárlög sem sýndu fram á að það væri farið í það,“ segir Guðmundur.

## Lítil hækkun barnabóta



„Það sem mér finnst vera sárgrætilegt þegar þetta svigrúm myndast þegar hagur ríkisins vænkast er að það sé allt saman nýtt í þágu þeirra sem standa mjög vel fyrir,“ segir **Oddný G. Harðardóttir**, þingmaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi fjármálaráðherra. „Eðlilegt hefði verið, þegar fólkið í landinu er búið að leggja svo mikið á sig til að ná sér upp úr hruninu, að þá fengju allir að njóta svigrúmsins. Ekki bara þeir allra ríkustu.“

Oddný segir að auki að hún hefði viljað sjá meiri mótvægisaðgerðir til þess að vega á móti hækkun neðra þreps í virðisaukaskattskerfinu. „Ég hefði viljað sjá mótvægisaðgerðir sem skiptu almenning máli og myndu duga til jöfnunar í samfélaginu. Til dæmis ef þeir hefðu hækkað skattleysismörkin myndarlega þá hefði verið hægt að kalla það alvöru mótvægisaðgerðir,“ segir hún.

Hún segir að hækkun barnabóta sem kveðið er á um í frumvarpinu sé mjög lítil og hún búist við því að frumvarpið muni taka breytingum í meðferð þingsins.

## Ísland fjarlægist Norðurlöndin



„Það er ríkisfjármálaáætlunin til næstu fjögurra ára sem mér finnst mesta áhyggjuefnið. Það er ljóst að áform þessarar ríkisstjórnar ganga út á það að lækka hlutfall samneyslunnar, eða frumútgjalda, sem eru heilbrigðismál, menntamál, almannatryggingar og sjúkratryggingar,“ segir **Steingrímur J. Sigfússon**, þingmaður Vinstri grænna og fyrrverandi fjármálaráðherra, um fjárlagafrumvarpið. „Það kemur fram að þetta hlutfall lækkar úr 28% í ár niður í 24,5% árið 2018. „Þarna er verið að að fara með Ísland aftur í burtu frá hinum Norðurlöndunum,“ segir hann.

Steingrímur segir líka að afkoman næstu tvö ár sé dapurleg, einungis 0,2% afgangur 2015 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu og 0,3% árið 2016. „Þetta er auðvitað ekki neitt neitt og kallar á að það verði eiginlega stöðnun í afkomubata,“ segir Steingrímur enda þýði þetta að nafnverð heildarskulda ríkisins lækki mjög lítið að minnsta kosti næstu tvö árin. Hann segir skuldahlutfallið lækka vegna vaxandi landsframleiðslu en nafnverð skuldanna standi í stað.

## Skorið enn dýpra inn að beini



„Fjárlögin bera þess enn þá merki að það er aðhaldskrafa,“ segir **Birgitta Jónsdóttir**, þingmaður Pírata. Hún segir að verið sé að skera enn dýpra inn að beini hjá mörgum af ríkisstofnunum. Hún segir að það gleymist líka alltaf, þegar verið er að fara út í breytingar á virðisaukaskatti, að það setji margt úr skorðum hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem þurfi að gera ýmsar breytingar hjá sér til þess að aðlagast breytingum á skattkerfinu. Birgitta segist alls ekki vera hlynnt breytingum á virðisaukaskattskerfinu og sú breyting hafi ekki verið vel útfærð. „Ég hef allavega tekið eftir því að matarkarfan hefur hækkað mikið, óútskýranlega mikið, og ég fæ reglulega póst frá fólki sem á mjög erfitt með að ná endum saman,“ segir hún. Með þessu fjárlagafrumvarpi sé núverandi ríkisstjórn ekki að forgangsraða í þágu þeirra sem þurfa á mestum stuðningi að halda. Þá segir Birgitta líka að með breytingunum sé ekki nægilega gætt að lýðheilsusjónarmiðum, þegar sykurskattur er lækkaður.



# Útsala!



Gerð HTJS-5, kr. 31.500



OMEGA, kr. 12.900



Gerð M9016, kr. 59.900

**Baðinnréttingar, verð frá kr. 12.900**
**Handklæðaofnar, verð frá kr. 9.900**
**Blöndunartæki, verð frá kr. 5.900**
**Sturtuhorn, verð frá kr. 31.500**
**Speglaskápar, verð frá kr. 19.900**

# Gæði og gott verð!

**Opið virka daga frá 9 til 18**
**laugardaga 11 til 15**
**Ármúla 31 - Sími 588 7332**

# i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI

*- fyrir þitt heimili*




## Nýir áfangastaðir 2015:

# BIRMINGHAM OG PORTLAND, OREGON

**Það er áframhaldandi vöxtur í kortunum**

Leiðakerfi Icelandair hefur meira en tvöfaldast síðan árið 2009 og nú er flogið beint til 39 áfangastaða. Árið 2015 bætast svo tveir nýir áfangastaðir við leiðakerfið okkar, Birmingham í Englandi og Portland í Oregon-fylki Bandaríkjanna. Portland er 14. áfangastaður Icelandair í N-Ameríku og Birmingham er fimmti áfangastaður okkar á Bretlandseyjum.

Icelandair er stolt af því að taka þátt í uppbyggingu ferðaþjónustunnar á Íslandi og með komandi vexti áætlum við að flytja um 2,9 milljónir farþega til og frá landinu á árinu 2015. Með því að fjölga ferðum til flestra áfangastaða næsta sumar komumst við enn nær þessu marki en áður. Verið velkomin um borð.




Vertu með okkur

ICELANDAIR

FJÁRLAGAFRUMVARP 2015







# Hvað þýðir fjárlagafrumvarpið fyrir þig?

**Fréttablaðið rýndi í hvað ákvæði fjárlagafrumvarpsins þýða fyrir afkomu einstaklinga og fjölskyldna. Skattalækkanir og hækkun bóta eykur ráðstöfunartekjur, en á móti hækka ýmis gjöld og millifærslum og niðurgreiðslum er hætt, sem þýðir að fólk hefur úr minna fé að spila.**



## LÆGRI SKATTAR, HÆRRI RÁÐSTÖFUNARTEKJUR

**Hækkun barnabóta**
Fjárhæðir barnabóta hækka um 13% auk 2,5% verðlagsuppfærslu og er beint frekar að tekjulægri foreldrum með eins prósentustigs hækkun á skerðingarhlutföllum.

**Útvarpsgjald lækkað**
Gjaldið fer úr 19.400 krónum í 17.800 krónur, og lækkar svo enn frekar í janúar 2016 þegar það verður 16.400 krónur.

**Elli- og örorkulífeyrir**
Dregið verður úr skerðingum bóta sem þýðir hækkun á útgjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega.

**Vörugjöld felld niður**
Almennt vörugjald verður afnumið þann 1. janúar 2015. Það verður til að lækka verð á sykruðum matvælum, drykkjarvörum, byggingavörum, varahlutum í bíla, stærri heimilistækjum og öðrum raftækjum.

**Lækkun virðisaukaskatts**
Efra þrep virðisaukaskatts lækkar úr 25,5% í 24%. Undir efra þrepið falla allar vörur og þjónusta sem ekki er í neðra þrepi.

**Dæmi um væntanlega verðlækkun:**

Bíómiði: 1.100 kr. ➜ 1.087 kr.

Ajax triple action 750 ml.: 488 kr. ➜ 482 kr.

Klipping kvenna: 6.500 kr. ➜ 6.422 kr.

Líkamsræktarkort mánaðargjald: 6.840 kr. ➜ 6.758 kr.

Barna kuldagalli: 9.999 kr. ➜ 9.880 kr.

## HÆRRI GJÖLD, LÆGRI RÁÐSTÖFUNARTEKJUR

**Atvinnuleysistímabil stytt**
Það tímabil sem heimilt er að greiða atvinnulausum atvinnuleysisbætur verður stytt um hálft ár; úr 36 mánuðum í 30 mánuði.

**Sóknargjöld hækkuð**
Sóknargjöld til Þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga verða hækkuð í 810 kr. á mánuði en voru áður 750 kr.

**Allir vinna**
Átakið allir vinna verður ekki framlengt. Um áramót falla því niður endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna vinnu við húsnæði.

**Framkvæmdasjóður aldraðra**
Lagðar eru til breytingar á lögunum þannig að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hækki um 2,5% úr 9.911 kr. í 10.159 kr. á ári.

**Tóbak og áfengi**
Sértæk vörugjöld eru ekki felld niður líkt og þau almennu. Þau eru lögð á vörur með neikvæð ytri áhrif, það er ökutæki, bensín, dísilolíu, áfengi og tóbak. Þessi gjöld munu hækka um 2,5% í byrjun árs 2015 í samræmi við hækkun verðlags.

**Matarskattur hækkar**
Lægra þrep virðisaukaskatts verður hækkað úr 7% í 12%. Samkvæmt greiningu sem var unnin fyrir fjármálaráðuneytið þýðir þetta að matarkostnaður fjögurra manna fjölskyldu, þar sem annað barnið er yngra en sjö ára, hækkar um 3.520 krónur. Það þýðir 42.240 króna hækkun á ári í matarkostnað.

**Dæmi um væntanlega verðhækkun:**

Súrmjólk 1 lítri: 191 kr. ➜ 200 kr.

Kellog's kornflögur: kílóverð 798 kr. ➜ 835 kr.

Ali-skinka silkiskorin: kílóverð 2.766 kr. ➜ 2.895 kr.

Sætar kartöflur: kílóverð 398 kr. ➜ 417 kr.

Gevalia kaffi: 500 gr. 659 kr. ➜ 690 kr.




# Landspítali þarf meira fé

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, fagnar því að staðið sé við tækjakaupaáætlun spítalans. Spítalinn sé þó enn að fá um 10% minna fé en hann gerði 2008.

Í nýju fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir að rekstrargjöld Landspítala – háskólasjúkrahúss verði 44,98 milljarðar króna og hækki um 1,95 milljarða króna að meðtöldum launa- og verðlagsbreytingum frá gildandi fjárlögum.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss, segir að enn þá sé Landspítalinn að fá um 10% minna fé úr ríkissjóði en hann gerði árið 2008 miðað við fast verðlag. „Staðreyndin er sú að við þurfum meira, bæði í rekstrargrunn og ekki síður í viðhald húsnæðis sem hefur verið ábótavant,“ segir Páll Matthíasson.

Hann segir þó jákvæða þætti vera í fjárlagafrumvarpinu. „Það er vissulega gott að sjá að ríkisstjórnin stendur við tækjakaupaáætlun sína, sem lagt var upp með, á næsta ári. En það er ljóst að miðað við þau verkefni sem við þurfum að sinna þá skortir enn upp á rekstrargrundvöll,“ segir Páll. Þarna séu ýmsar ástæður að baki.

„Auk meira álags þá skortir meðal annars verulega upp á að við fáum kjarasamningsbundnar hækkanir á launum að fullu bættar,“ segir hann. Þessar kjarabætur séu því teknar af rekstrarfé Landspítalans. Einnig sé fjárveiting til viðhalds húsnæðis ekki í neinu samræmi við þörfina.

„Í heildina skortir okkur um fjögur prósent í viðbót til að rekstrargrunnur sé í samræmi við verkefnin og til að hægt sé að sinna bráðaviðhaldi húsnæðis.


**FORSTJÓRINN** Páll Matthíasson segir að jákvæða þætti sé að finna í fjárlagafrumvarpinu en spítalinn þurfi meira fé. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Í heildina skortir okkur um fjögur prósent í viðbót til að rekstrargrunnur sé í samræmi við verkefnin**
> *Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala–háskólasjúkrahúss*

Á síðasta ári mætti Landspítali miklum skilningi Alþingis og við treystum því að svo verði einnig að þessu sinni og Alþingi veiti Landspítala fjárveitingar sem duga til að sinna lögbundnum verkefnum og standast fjárlög.“

jonhakon@frettabladid.is



# Eitt mesta úrval landsins fæst hjá okkur!




**PCI NANÓFÚGA, 4 KG**
Fúga fyrir keramík, mósaík vegg- og gólfflísar. Fæst í mörgum litum.

**1.895,-**

**MARMO VEGGFLÍSAR**
20 x 25 cm. Hvítar, glansandi eða mattar.
Verð á m².

**1.495,-**



**MAGNUM GÓLFFLÍSAR**
30 x 60 cm. Glerjað postulín, slitþolsstig 5, frostþolnar. Svartar, brúnar, ljósbrúnar eða gráar.
Verð á m².

**3.495,-**



**CORALLI GÓLFFLÍSAR**
33,3 x 50,2 cm. Glerjað postulín, slitþolsstig 4, frostþolnar. Skrikvörn R9. Fást í drapplitu og „azurro".
Verð á m².

**3.495,-**



**ATRIUM GÓLFFLÍSAR**
30 x 60 cm. Fást í svörtu og ljósbrúnu.
Verð á m².

**4.995,-**

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 11. september til og með miðvikudeginum 17. september 2014.
Gildir á meðan birgðir endast.

**BAUHAUS®**

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Skoðaðu úrvalið á Bilaland.is

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR




LAND ROVER DISCOVERY SE LTD.
Nýskr. 08/13, ekinn 25 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 281963.
Verð 12.690 þús.



BMW X5 xDrive
Nýskr. 01/11, ekinn 61 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 10.790 þús.
Rnr. 320119.



RENAULT MEGANE SP.TOURER
Nýskr. 10/12, ekinn 23 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.220 þús.
Rnr. 142111.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 04/11, ekinn 26 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 102330.



HYUNDAI IX35
Nýskr. 01/11, ekinn 84 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.590 þús.
Rnr. 320129.



HYUNDAI i20 CLASSIC
Nýskr. 07/10, ekinn 75 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.690 þús.
Rnr. 281933.



VW BEETLE
Nýskr. 06/13, ekinn 13 þús km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.090 þús.
Rnr. 281970.

bílaland
Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is


FJÁRLAGAFRUMVARP 2015

Formaður BSRB segir grafalvarleg tíðindi felast í nýja fjárlagafrumvarpinu:

# Kaldar kveðjur til atvinnulausra



ELÍN BJÖRG

„Þetta eru mjög kaldar kveðjur til þeirra sem eru langtímaatvinnulausir,“ segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, um fjárlagafrumvarpið 2015. Í því er kveðið á um að réttur fólks til að þiggja atvinnuleysisbætur verði styttur um hálft ár, en hann er nú þrjú ár.

Elín Björg bendir á að fólk geti jafnvel verið í þeirri stöðu að það þurfi að hætta á atvinnuleysisbótum strax núna um áramót. Hún bendir á að vandamálið hverfi ekki við þessar breytingar á frumvarpinu. „Ríkissjóður er ekki að eyða þessu vandamáli heldur færa greiðsluna til,“ segir Elín Björg og bætir við að ábyrgðinni sé varpað frá atvinnuleysistryggingasjóði til sveitarfélaga.

„Á sama tíma sýnist okkur að það sé ekki verið að greiða neitt framlag úr ríkissjóði til Virk starfsendurhæfingarsjóðs sem hefur það hlutverk meðal annars að endurhæfa fólk til starfa þegar það hefur orðið fyrir skerðingu á vinnugetu vegna slysa eða veikinda þannig að þetta bítur hvað í annað,“ segir Elín Björg. Að auki bendir hún á að sér virðist sem það sé heilmikill niðurskurður hjá Vinnumálastofnun sem hafi það hlutverk að sinna vinnumarkaðsúrræðum. „Þannig að heilt yfir sýnist mér þetta vera grafalvarlegt,“ segir Elín Björg. - jhh




**NÝFRAMKVÆMDIR BÍÐA** Vegamálastjóri vill heldur að viðbótarframlag í fjárlögum fari í viðhald vega frekar en nýframkvæmdir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Ekki aukið við fjármagn í viðhald vega

Vegagerðin verður af því þriggja milljarða króna framlagi sem ráðgert hafði verið að færi til stofnunarinnar í samgönguáætlun. Samkvæmt frumvarpinu verður 850 milljóna króna hækkun lögð í nýframkvæmdir. Engin viðbót fer í viðhald vega.

Ljóst er að lítið verður um nýjar framkvæmdir Vegagerðarinnar á komandi ári en í stað þriggja milljarða króna viðbótarframlags sem kveðið var á um í samgönguáætlun sem rædd var á Alþingi í vor er í fjárlögum ársins 2015 gert ráð fyrir hækkun sem hljóðar upp á 850 milljónir króna. Heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar er 20 milljarðar og 419 milljónir króna sem jafngildir 315 milljóna króna hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs.

„Þetta er náttúrulega mun lægri upphæð en við vonuðumst til eftir að samgönguáætlun var lögð fram,“ sagði Hreinn Haraldsson vegamálastjóri eftir að fjárlagafrumvarpið var gert opinbert í gær.

„Þarna eru að skila sér 850 milljónir sem eiga að fara í nýframkvæmdir. Það þýðir að það er engin viðbót í viðhald sem við teljum mjög mikilvægt að sinna.“

Af þeim þremur milljörðum sem ráðgert var í samgönguáætlun að leggja til Vegagerðarinnar átti einn þriðji að renna í viðhald og viðgerðir vega. Hreinn segir vonbrigði að ekki sé reiknað með neinni aukningu í þá liði.

Í frumvarpinu er það þó tekið fram að í meðförum þess á þingi sé mögulegt að færa einhvern hluta framlagsins úr nýframkvæmdum í viðhald. „Það myndi þá þýða að það myndi vera hægt að leggja af stað með á næsta ári.“

Hreinn segist tvímælalaust vilja taka hluta framlagsins sem ætlaður er í nýframkvæmdir og færa yfir í viðhald vega. Talar hann um allt að 500 milljónir í þessu samhengi.

„Það er sérstaklega þetta viðhaldsleysi sem er farið að koma niður á endingu veganna sem við lítum alvarlegum augum. Það getur að auki komið niður á öryggi vegfarenda.“ Hann segist fá margar kvartanir um skemmdir á bílum vegna þess að vegir eru ekki nógu góðir.

Hreinn segist þó sýna lægra framlagi ákveðinn skilning. „Þetta eru alltaf miklar sveiflur í þeim verkefnum sem við sinnum, sérstaklega hvað varðar nýjar framkvæmdir. Við fylgjumst náttúrulega með ástandi þjóðarbúsins eins og aðrir og tilraunum til hallalausra fjárlaga. Það er oft einfaldara að fresta verklegum framkvæmdum heldur en rekstri á heilsugæslu eða menntastofnunum og öðru slíku.“

Hreinn segist þó vongóður um að hægt verði að bæta framlögin til Vegagerðarinnar í meðförum þingsins. nanna@frettabladid.is



**Það er sérstaklega þetta viðhaldsleysi sem er farið að koma niður á endingu veganna sem við lítum alvarlegum augum.**
*Hreinn Haraldsson vegamálastjóri*

Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins saknar aðhalds og skattalækkana:

# Gríðarlega mikilvæg skref tekin

„Þetta eru gríðarlega mikilvæg skref sem verið er að stíga með því að breyta virðisaukaskattskerfinu og við teljum þetta geta skapað svigrúm fyrir frekari lækkun á virðisaukaskattsprósentunni,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA).

Þorsteinn segir niðurfellingu vörugjalda einnig mjög jákvæða þar sem það sé oft mjög kostnaðarsamt að flokka vörur eins og til dæmis tölvubúnað „sem á endanum gerir ekkert annað en að skekkja samkeppni á markaði“. Þorsteinn segir SA þó sakna frekara aðhalds í fjárlögum fyrir árið 2015. „Það er alveg ljóst að skuldavandi ríkissjóðs er allnokkur og við teljum það ekki ásættanlega stefnu að ætla einfaldlega að vaxa út úr honum.“

Þorsteinn segir enn fremur að SA hefði viljað sjá undið ofan af þeim skattahækkunum sem bæði núverandi og fyrri ríkisstjórn stóðu fyrir frá árinu 2009 en fremur virðist sem verið sé að festa þær í sessi. „Þar er gengið allt of skammt.“ - fbj



**MEIRA AÐHALD** Framkvæmdastjóri SA hefði viljað frekara aðhald í fjárlagafrumvarpið til að hægt væri grynnka á skuldum ríkissjóðs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

www.renault.is




# NÝR RENAULT MASTER TIL AFGREIÐSLU

## ÁREIÐANLEGIR ATVINNUBÍLAR

Hvernig væri að keyra inn í haustið á nýjum sparneytnum Renault sendibíl? Láttu sölumenn okkar í Fyrirtækjaþjónustu BL gera þér tilboð í nýjan sendibíl.

Renault sendibílar eru sparneytnir, ríkulega búnir og á góðu verði. Hafið samband við okkur í síma 525 8000 eða sendið okkur línu á bl@bl.is



RENAULT

## RENAULT KANGOO RAFBÍLL
VÆNTANLEGUR

## ÞÚ FINNUR ATVINNUBÍLINN HJÁ OKKUR



**RENAULT** KANGOO EXPRESS
DÍSIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 4,2 L/100 KM***
VERÐ: **3.190.000 / 2.541.833 KR.** ÁN VSK.



**RENAULT** KANGOO MAXI
DÍSIL, **EYÐSLA 4,5 L/100 KM***
VERÐ: **3.490.000 / 2.780.876 KR.** ÁN VSK.



**RENAUL** TRAFIC
DÍSIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,9 L/100 KM***
VERÐ FRÁ: **4.290.000 / 3.418.327 KR.** ÁN VSK.



**RENAULT** TRAFIC 9 MANNA
DÍSIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 6,9 L/100 KM***
VERÐ: **6.490.000 / 5.481.000 KR.** MEÐ NIÐURFELLINGU



**RENAULT** MASTER
DÍSIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,8 L/100 KM***
VERÐ FRÁ: **5.390.000 / 4.294.821 KR.** ÁN VSK.



**RENAULT** MASTER COMBI 8-9 MANNA
DÍSIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,8 L/100 KM***
VERÐ: **8.890.000 / 7.750.000 KR.** MEÐ NIÐURFELLINGU



**RENAULT** MASTER BUS 17 MANNA
DÍSIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,8 L/100 KM***
VERÐ: **8.290.000 KR.** MEÐ HÓPFERÐARLEYFI



**RENAULT** MASTER PALLBÍLL
DÍSIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,8 L/100 KM***
VERÐ: **6.290.000 / 5.011.952 KR.** ÁN VSK.
EINNIG TIL MEÐ TVÖFÖLDU HÚSI

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM64334

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L









Hjartalag

Kährs
QUALITY IN WOOD SINCE 1857

kronotex
FLOORS FOR LIVING

Casa dolce casa

ringo


ÚTSALA
PARKET - FLÍSAR - HURÐIR
15-50% AFSLÁTTUR
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

Fagna ber fjárlögum réttum megin við núllið:

# Er einfalt betra?

Ríkisstjórnin hefur nú í annað sinn skilað hallalausum fjárlögum og á fyrir það hrós skilið. Afgangurinn er þó ekki ýkja mikill og verkefnið hefði án efa verið um margt auðveldara hefðu þeir fjármunir sem sólundað er í skuldaniðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána verið nýttir til annarra verka.

Ekki sjást þess heldur merki í áætlunum þeim sem birtast í fjárlagafrumvarpinu að til standi að gera breytingar á átt til hagræðingar og endurbóta á stórum póstum á borð við landbúnaðarmál, þar sem maður hefði samt talið að eftir nokkru væri að slægjast. Til marks um það eru þeir 12,6 milljarðar króna sem ætlaðir eru í framleiðslustyrki og rekstur Bændasamtakanna á næsta ári í útgjaldaáætlunum landbúnaðarráðuneytisins.



**Óli Kristján Ármannsson**

olikr@frettabladid.is

Mesta athygli vekja þó þær breytingar á virðisaukaskattskerfi landsins sem ráðast á í. Um næstu áramót færist neðra þrep virðisaukaskattsins úr sjö prósentum í tólf, meðan það efra lækkar úr 25,5 prósentum í 24 prósent. Ákveðnir afkimar ferðaþjónustunnar sem verið hafa undanþegnir virðisaukaskatti verða svo færðir inn í neðra þrepið næsta vor. Þá eru afnumin vörugjöld af ýmsum raftækjum og stærri heimilistækjum, byggingavörum, bílavarahlutum og vörum sem innihalda sykur og sætuefni.

Ekki liggur alveg í augum uppi hver áhrif þessara breytinga verða á hag landsmanna. Fjármálaráðherra lýsti yfir því í gær að komið yrði til móts við tekjulægri hópa með hækkun barnabóta. En þær ráðstafanir ná svo sem ekki til fjöldans, sem eftir sem áður þarf að kaupa sér í matinn. Þá á eftir að koma í ljós hvort eða að hversu stórum hluta afnám vörugjalda skilar sér í verðlagningu þeirra hluta sem um ræðir.

Áætlanir fjármálaráðuneytisins gera hins vegar ráð fyrir því að breytingarnar skili sér í 0,5 prósenta aukningu ráðstöfunartekna og 0,2 prósenta lækkun verðlags. Hvort þar gætir óskhyggju á eftir að koma í ljós.

Eins hljóta nokkur hliðaráhrif að geta hlotist af breytingunum. Til dæmis er vandséð hvernig aukin álagning á bækur, úr sjö prósentum í 12, rímar við áætlanir menntamálaráðuneytisins um bætta lestrargetu landans.

Þótt vel geti hljómað að „einfalda kerfið“ má ekki gleymast að kerfið má líka nota til þess að ná pólitískum markmiðum. Hér býr vel menntuð þjóð og ágætlega tækjum búin sem ætti alveg að ráða við dálítið flækjustig í kerfinu. Frakkar hafa til dæmis þann háttinn á að bækur (ásamt sviðslistum margvíslegum og kvikmyndasýningum) bera 5,5 prósenta virðisaukaskatt. Klám og bækur sem ýta undir ofbeldi eru hins vegar í hæsta þrepi.

Breytingarnar á kerfinu eru samt líklega til bóta. Viðskiptaráð hefur bent á að hér hafi almenni virðisaukaskatturinn verið sá næsthæsti á byggðu bóli á sama tíma og mælingar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) hafi sýnt að skilvirkni kerfisins hafi verið ábótavant í samanburði við önnur lönd. Ef til vill má kerfið samt alveg við auknu flækjustigi, til dæmis þegar kemur að menningu og matvöru.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Góður dagur fyrir vondar fréttir

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra svaraði í gær bréfi Tryggva Gunnarssonar, umboðsmanns Alþingis, vegna lekamálsins svokallaða. Bréfið birtist á heimasíðu ráðuneytisins upp úr klukkan fimm í gær. Svo skemmtilega vildi til að í gær var einmitt líka fjárlagafrumvarp ársins 2015 gert opinbert klukkan fjögur. Svarið drukknaði eðlilega í fréttum fjölmiðla af frumvarpinu. Jo Moore, fyrrverandi upplýsingafulltrúi breska samgönguráðuneytisins, sagði í síðasta tölvupósti sínum áður en henni var sagt upp: „Þetta er góður dagur til að grafa vondar fréttir.“ Það var 11. september 2001.



### Óbeint svar númer tvö

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, svaraði spurningu umboðsmanns Alþingis til forsætisráðherra um siðareglur fyrir ráðherra óbeint í ræðu sinni í gær þegar þingsetning var haldin í Alþingishúsinu. Umboðsmaður hafði beint spurningum til forsætisráðherra um hvort slíkar reglur hefðu verið settar fyrir núverandi ríkisstjórn, líkt og sú fyrri hafði gert. Einar sagði í ræðu sinni að hann sem forseti þingsins myndi á þessu þingi kynna nýjar siðareglur. Verið er að þýða og staðfæra reglur Evrópuráðsins. Einar tók þannig óbeint að sér að svara fyrirspurn umboðsmanns til forsætisráðherra, mögulega óafvitandi.



### Einföldun

Andri Snær Magnason rithöfundur gagnrýndi hækkun á neðra þrepi virðisaukaskatts á Facebook-síðu sinni í gær, en meðal þess sem hækkar í verði við þá aðgerð eru bækur. Andri sagði fjármálaráðherra leggja til næstum 100% skattahækkun á bækur. Á sama tíma eigi að leggja niður vörugjöld til að lækka verð á flatskjáum. Þetta kalli hann að „einfalda“ kerfið. Við þetta tilefni sagði Andri: „Maður er bara strax orðinn einfaldari.“

**fanney@frettabladid.is**

## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTARITSTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




# Nakin á netinu – Myndir

INTERNETIÐ



**Þórdís Elva Þorvaldsdóttir**
höfundur stuttmyndarinnar *Fáðu já!*



**Guðberg K. Jónsson**
verkefnastjóri SAFT

Veistu hver Audrie Pott var? En Amanda Todd? Hvað með Hope Witsell? Þær voru heilbrigðir unglingar sem áttu framtíðina fyrir sér, þangað til nektarmyndir af þeim fóru í dreifingu á netinu gegn vilja þeirra. Þessu fylgdi niðurlæging, mannorðsmissir og vægðarlaust einelti sem olli því að þær fyrirfóru sér. Sú elsta var fimmtán ára þegar hún lést, sú yngsta þrettán.

Þótt áðurnefndar stúlkur hafi verið erlendar er vandinn það ekki. Á síðasta ári biðlaði íslensk móðir til foreldra í sama bæjarfélagi að eyða nektarmynd af þrettán ára dóttur hennar úr símum og tölvum barna sinna. Óprúttnir aðilar dreifa nektarmyndum af íslenskum börnum, allt niður í tólf ára gömlum, á netinu. Lögreglan er vanmáttug eins og fram kom í ummælum yfirlögregluþjóns lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í Fréttablaðinu 8. september: „Við getum ekki stjórnað internetinu.“

Kynþroskanum fylgir forvitni um kynferðismál og unglingum er eðlislægt að gera tilraunir með sjálfsmynd sína, þar á meðal kynverundina. Ný tækni gefur þeim önnur tækifæri en fyrri kynslóðum bauðst. Sumir hrista höfuðið og finnst fólk sem tekur af sér nektarmyndir geta sjálfu sér um kennt ef þær enda á netinu.

**➜ Það er rétt hjá yfirlögregluþjóninum, við getum ekki stjórnað netinu. Við getum hinsvegar haldið úti öflugri fræðslu fyrir börn og foreldra um virðingu og ábyrga hegðun á tímum snjallsíma, leitarvéla og klámvæðingar.**

Hér ber að staldra við áður en skuldinni er skellt á brotaþolann. Fæstir ætla sér að berhátta sig fyrir alheiminn. Þó gætu það orðið örlög margra sem ætluðu sér það ekki – ekki síst ef forvörnum er ábótavant. Nýleg bandarísk rannsókn sýnir að meirihluti unglinga tekur þátt í sexting (að senda og móttaka kynferðisleg smáskilaboð, oft nektarmyndir). Þótt slíkar sendingar útheimti trúnað er þetta mikið hættuspil, því rannsóknin sýndi líka að 26% áframsendu skilaboðin á þriðja aðila.

Það er rétt hjá yfirlögregluþjóninum, við getum ekki stjórnað netinu. Við getum hins vegar haldið uppi öflugri fræðslu fyrir börn og foreldra um virðingu og ábyrga hegðun á tímum snjallsíma, leitarvéla og klámvæðingar. Undirrituð bjóða upp á slíka fræðslu í vetur. Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu SAFT verkefnisins, saft.is/fraedsla.

# Athugasemdir við leiðara Fréttablaðsins

FJÁRMÁL



**Arnór Sighvatsson**
aðstoðarseðlabankastjóri

Hinn 5. september sl. ritaði Fanney Birna Jónsdóttir forystugrein í Fréttablaðið undir fyrirsögninni Þriðja heims Ísland, þar sem fram kemur það sjónarmið höfundar að Íslandi svipi að mörgu leyti til þriðja heims ríkja, a.m.k. varðandi skilvirkni viðskiptaumhverfisins. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þeirrar fullyrðingar en sýnist Fanney hins vegar nokkuð seinheppin varðandi það dæmi sem hún tekur máli sínu til stuðnings. „Þegar höftunum var upprunalega komið á fót óttuðust margir afturhvarf til þess tíma þegar flokksskírteini eða klíkuskapur voru forsenda þess að fá gjaldeyri úthlutaðan“, segir Fanney og lætur þess getið að bréf Viðskiptaráðs til fjármála- og efnahagsráðherra staðfesti fullkomlega að nefndur ótti eigi við rök að styðjast. Fanney fullyrðir að „ógagnsæi og ójafnræði einkenni ákvarðanatöku gjaldeyriseftirlits Seðlabankans og ákveðnir „ráðgjafar“ fái, í gegnum tengsl sín við bankann, skjótari og hagstæðari úrlausn mála sinna“. Hún spyr loks hvort þessi lýsing á starfsháttum bankans eigi meira skylt við seðlabanka í öðru vestrænu ríki eða í þriðja heiminum.

**Ósatt og ósanngjarnt**

Fullyrðing Fanneyjar er bæði ósanngjörn og ósönn. Í fyrsta lagi er ósanngjarnt og villandi að gefa sér að starfshættir seðlabanka í þriðja heiminum séu almennt slæmir. Í öðru lagi er staðhæfing um að slík lýsing eigi við um Seðlabanka Íslands ósanngjörn, ósönn og órökstudd. Höfundur vitnar í bréf Viðskiptaráðs, þar sem vísað er í ónafngreinda heimildarmenn, en virðist ekki gera ráð fyrir að fullyrðingar þeirra geti verið rangar eða byggðar á misskilningi, né virðist höfundur hafa reynt að grafast fyrir um sannleiksgildi þeirra. Seðlabankinn hefur sjálfur reynt að afla upplýsinga um málsatvik sem gætu varpað ljósi á tilefni þessara fullyrðinga, m.a. hjá Viðskiptaráði, en fátt var um svör. Seðlabankanum er mikið í mun að bæta stjórnsýslu þar sem hnökra er að finna, en án upplýsinga um málsatvik er bankanum vandi á höndum.

**Hagsmunir og jafnræði**

Á Seðlabankanum hvílir sú skylda að veita undanþágur frá fjármagnshöftum á grundvelli sjónarmiða sem kveðið er á um í lögum. Við veitingu undanþágu þarf að vega og meta hagsmuni undanþágubeiðanda annars vegar og þjóðarhagsmuni hins vegar, þar sem fordæmisgildi undanþágu getur vegið þungt. Gjaldeyriseftirlitið heldur því ítarlegt bókhald um undanþágur, enda leggja stjórnsýslulög þær skyldur á herðar Seðlabankanum að aðilar í sambærilegri stöðu fái sambærilega úrlausn mála. Stór hluti mála er nú afgreiddur samkvæmt skýrum fordæmum. Hvort mál falli undir tiltekið fordæmi er að sönnu stundum matskennd ákvörðun. Þegar um erfið mál er að ræða koma jafnan fleiri en gjaldeyriseftirlitið að því máli og að lokum sérstök úrskurðarnefnd sem skipuð er þremur sérfræðingum, auk seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra. Þetta ætti að geta talist vönduð stjórnsýsla, þótt því miður leiði hún stundum til þess að afgreiðslutími

**➜ Á Seðlabankanum hvílir sú skylda að veita undanþágur frá fjármagnshöftum á grundvelli sjónarmiða sem kveðið er á um í lögum.**

verður lengri en æskilegt væri út frá öðrum sjónarmiðum. Seðlabankinn mun áfram leggja sig fram við vandaða stjórnsýsluhætti og bæta þá ef hægt er. Ég vænti þess að ritstjórar Fréttablaðsins leggi sig einnig fram um að gæta þess framvegis að vanda sig við frétta- og leiðaraskrif.

# Hluti áheita ekki til góðgerða

FJÁRAFLANIR



**Ragnar Schram**
framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna

Þannig hljómar nýleg fyrirsögn í fréttamiðli hér á landi. Var verið að vísa til þess að þegar gefið var 1.000 króna áheit til góðs málefnis í gegnum hlaupastyrkur.is hélt Reykjavíkurmaraþon eftir allt að 100 krónum í kostnað og 900 krónur fóru þá til góðgerðarfélagsins (og af þeim 900 krónum fer hugsanlega eitthvað í rekstur þess félags). Það þarf ekki að vera óeðlilegt. Það kostar fé að afla fjár, það vita allir sem staðið hafa í fjáröflun.

Hins vegar er afar mikilvægt að upplýsa þann sem gefur í hvað peningarnir fara. Þar virðist Reykjavíkurmaraþon hafa runnið til á hálu malbikinu. Sá sem gefur til góðs málefnis á rétt á þessum upplýsingum. Víða er þó pottur brotinn í þeim efnum.

Á hverju ári standa mörg góð samtök hér á landi fyrir áberandi fjáröflunum og tugþúsundir landsmanna gefa til góðra málefna. Því ber að fagna. En kostnaður við eina stóra söfnun getur numið tugum milljóna. Slíkt þarf ekki að vera óeðlilegt og má alls ekki fela. Aðalatriðið er að styrktaraðilar viti hve mikið þeir borga í kostnað. Því miður er það ekki alltaf svo og skora ég á þá sem standa í opinberum fjáröflunum að upplýsa um þessa hluti á sem heiðarlegastan hátt. Jafnvel þó svo að kostnaður sé upp á 20% eða meira eins og stundum vill verða.

Og svo ég undanskilji ekki þau samtök sem ég sjálfur starfa fyrir þá fóru 13% heildarframlaga SOS Barnaþorpanna í fyrra í kostnað við rekstur og fjáröflun samtakanna eins og glöggt má sjá á heimasíðu þeirra.



# „Forstjórabústaður“ Orkuveitunnar og umhverfismál Nesjavallavirkjunar

SUMARBÚSTAÐIR



**Bjarni Bjarnason**
forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

Fréttablaðið og Stöð 2 hafa undanfarna daga fjallað um svokallaðan forstjórabústað Orkuveitu Reykjavíkur við Þingvallavatn og um þá ákvörðun stjórnar Orkuveitunnar, sem tekin var í lok júní síðastliðnum, „að leita leiða til að ljúka nýtingu landsins undir sumarhús“ eins og segir orðrétt í fundargerð. Mér sýnist að umfjöllunin hafi verið nokkuð brotakennd og vil ég reyna að fylla í myndina með þessari grein.

Hitaveita Reykjavíkur keypti Nesjavallajörðina árið 1964 vegna vaxandi þarfar fyrir heitt vatn. Jörðin nær frá norðausturbrún Hengilsins til strandar Þingvallavatns eins og sjá má á meðfylgjandi ljósmynd. Vatnsbakkinn liggur að mestu í úfnu hrauni. Jörðinni fylgdi lítill sumarbústaður í Riðvík og hefur hann stundum verið kallaður forstjórabústaðurinn innan Orkuveitunnar. Að auki eru þar tíu aðrir sumarbústaðir í einkaeigu meðfram vatnsbakkanum. Einkabústaðirnir standa á leigulandi úr Nesjavallajörðinni en hún liggur utan Þingvallaþjóðgarðsins.

**„Forstjórabústaðurinn“**

Sumarbústaðurinn í Riðvík var byggður árið 1946 og er hann 47 fermetrar að stærð. Hann var byggður samkvæmt kröfum þess tíma og byggingarefnið var flutt á ísi á Þingvallavatni því enginn var þá vegurinn. Hitaveita Reykjavíkur byggði bátaskýli við bústaðinn árið 1998. Ég þekki ekki notkunarsögu bústaðarins í Riðvík en nafngiftin bendir til þess að hann hafi verið notaður af forstjórum Orkuveitunnar að einhverju marki eða að þeir hafi haft ráðstöfunarrétt yfir honum, hver sem notkunin kann að hafa verið.

Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga árið 2010 tók ný stjórn við Orkuveitunni. Stjórnin réð nýjan forstjóra tímabundið til hálfs árs og tóku nýja stjórnin og forstjórinn meðal annars þá ákvörðun að afnema öll sérréttindi stjórnenda í Orkuveitunni. Einkaafnot eða forgangur að húseignum Orkuveitunnar heyrðu þar undir. Ég hóf störf í Orkuveitunni 1. mars 2011. Ákvæði um einkaafnot mín af bústaðnum í Riðvík er ekki að finna í ráðningarsamningi og vissi ég ekki á þeim tíma að bústaðurinn væri til. Sú hugmynd var rædd um þetta leyti að afhenda starfsmannafélagi Orkuveitunnar bústaðinn til útleigu fyrir félagsmenn. Bústaðurinn stendur á viðkvæmu vatnsverndarsvæði sem útilokaði þá hugmynd. Notkun og örlög bústaðarins lentu því í biðstöðu, sem nú hefur verið rofin með framangreindri samþykkt stjórnar Orkuveitunnar.

**Rekstur, umhverfismál og sala**

Mikill rekstrar- og skuldavandi blasti við stjórn Orkuveitunnar í upphafi árs 2011. Var þá samin víðtæk áætlun um endurreisn, Planið svokallaða, sem tók gildi 1. apríl það ár. Einn af fimm mikilvægum þáttum Plansins er sala eigna sem ekki heyra undir kjarnastarfsemi Orkuveitunnar. Listi var gerður yfir þær eignir sem áformað var að selja og voru sumarbústaðalóðirnar tíu á bakka Þingvallavatns þar á meðal. Forstjóra var falið að selja lóðirnar þegar leigusamningum lyki.



**VIÐ ÞINGVALLAVATN** Horft til norðurs yfir Nesjavelli, Nesjahraun og Þingvallavatn. Vatnstökuhúsið á Grámel er ofarlega til hægri á myndinni og sumarhúsið við Riðvík þar steinsnar frá. Sumarhúsalóðirnar eru niðri við vatnið undan Nesjahrauninu. MYND: GRETAR ÍVARSSON/OR

Bústaður Orkuveitunnar í Riðvík var ekki á sölulistanum. Ástæðan er sú að bústaðurinn stendur nánast ofan á vatnsbóli Nesjavallavirkjunar á Grámel, þaðan sem dælt er 2.000 lítrum á sekúndu af ferskvatni sem hitað er í virkjuninni og dælt áfram til Reykjavíkur.

Stjórnendur Orkuveitunnar hafa hugað mjög að umhverfismálum undanfarin ár eftir að hæstu fjármálaöldurnar lægði. Starfsemi virkjananna á Nesjavöllum og á Hellisheiði hefur verið í brennidepli. Hraunið milli Nesjavallavirkjunar og Þingvallavatns og vatnsbakkinn fyrir landi Nesjavalla tengjast umhverfismálum virkjunarinnar á tvennan hátt. Annars vegar er framangreind vatnstaka á Grámel, en þar er nú afkastamesta vatnsból landsins. Vatnið er bæði nýtt fyrir hitaveituna á höfuðborgarsvæðinu og sem neysluvatn á virkjunarsvæðinu. Hins vegar er hraunið afrennslisleið fyrir vatn frá Nesjavallavirkjun, sem dreifist um hraunið neðanjarðar á ferð sinni til Þingvallavatns.

Við nánari skoðun var það niðurstaða stjórnenda Orkuveitunnar að óráðlegt væri að selja einstaklingum land á svo viðkvæmum stað og missa þannig forræði yfir því til frambúðar. Stjórnendur Orkuveitunnar óskuðu eftir því við stjórn fyrirtækisins að afturkalla ákvörðun um sölu á sumarbústaðalóðunum, sem hún samþykkti. Stjórnin ákvað jafnframt að fela forstjóra að leita leiða til að ljúka

**➜ Stjórnendur Orkuveitunnar hafa hugað mjög að umhverfismálum undanfarin ár eftir að hæstu fjármálaöldurnar lægði.**

nýtingu landsins fyrir sumarhús, eins og fyrr er getið. Viðræður við eigendur sumarhúsanna tíu standa nú yfir og eru ýmsir þættir til skoðunar. Ljóst er að það mun taka nokkurn tíma að ná endanlegu markmiði og þarf Orkuveitan að huga að góðu meðalhófi í framgöngu.

Bústaður Orkuveitunnar í Riðvík stendur næst vatnsbólinu á Grámel og því mun hann víkja fyrstur en ákveðið hefur verið að rífa hann næsta sumar.

# Brýr milli lífs og dauða

SAMFÉLAG



**Hrannar Jónsson**
formaður Geðhjálpar

*Hver var hviðan sem neistann slökkti?*
*Hver var dropinn sem glas þitt fyllti?*

*Þú brýrð í mér og ég brý í þér.*
*Brúin á milli, sem þú eitt sinn áttir,*
*hún hrundi og fannst aldrei aftur.*

*Þú gekkst samt þinn veg*
*og fannst engan annan*
*Svo þú fórst of snemma*
*og snýrð aldrei aftur*

*Þegar eitt faðmlag eða bros*
*hefði getað vakið upp aftur*
*Minninguna um lífið.*

Einu sinni heyrði ég mann segja frá því þegar hann ætlaði að svipta sig lífi. Hann stökk fram af Golden Gate-brúnni í San Francisco. Hann varð númer 32 í röðinni af þeim sem hafa lifað það af. Þeir eru víst 33 í dag. Mér er minnisstætt að hann sagði að þar sem hann gekk að brúnni, vildi hann helst að einhver hefði stoppað hann. Tekið hann tali, hlustað á hann. Þá hefði hann ekki hoppað. Hann var manneskja sem var örvæntingarfull og sá enga leið út. Þegar ég heyrði í honum ferðast um og halda fyrirlestra um þessa lífsreynslu sína.

Ég veit hvernig það er að vera á staðnum þar sem vonin er dáin, þótt ég hafi aldrei tekið skref að neinni brú. Fyrir nokkrum árum lagði ég af stað í aðra göngu, því ég upplifði svo mikið tóm í hjartanu. Þá hafði ég komist að þeirri niðurstöðu að ekkert verkefni væri mikilvægara en að finna neistann aftur. Ég er enn á þessu ferðalagi og skemmti mér sífellt betur. En það breytir því ekki að þetta sálarmyrkur er eitt stærsta þjóðfélagsböl í okkar heimshluta.

Þegar fólk týnist uppi á heiðum fer hugrakkt og gott fólk og leitar og bjargar fjölmörgum mannslífum. Það er gott og eitthvað sem við getum verið stolt af. Hins vegar týnist fólk stundum í blindbyljum uppi á heiðum hugans. Það situr einhvers staðar týnt og eitt, þótt það sé innan um alla hina. Það eru dapurlegar fréttir að fjórar manneskjur á mánuði svipti sig lífi og ég veit að þarna getum við gert miklu betur. Þarna er svo sannarlega eitthvað sem hallar á kynin: Þrír af hverjum fjórum eru karlmenn.

Ég hef þekkt fólk sem hefur ráðið sér bana. Eftir á situr maður auðvitað vanmáttugur og hugsar, hefði ég getað gert eitthvað? Hefði ég getað sagt eða gert eitthvað öðru vísi? Ég var ekki með svar fyrir Björk eða Palla eða Dan eða Luca. Ég er ekki með svörin en ég veit að við getum gert miklu betur.

Í dag, sem mitt litla framlag, ætla ég þó að leggja mig fram um að brosa framan í fólk. Ég ætla að reyna að taka utan um ein-

**➜ Ég var ekki með svar fyrir Björk eða Palla eða Dan eða Luca. Ég er ekki með svörin en ég veit að við getum gert miklu betur.**

hverja. Ég ætla að hlusta. Ég ætla að segja einhverri manneskju hversu mikilvægt sé að hún sé til. Þetta er auðvitað eitthvað sem ég vil gera alla daga, en í dag er dagur forvarna gegn sjálfsvígum og ég ætla að reyna aðeins meira.

Dagskrá til minningar um fórnarlömb sjálfsvíga verður tvíþætt í Reykjavík þann 10. september. Annars vegar opin málstofa í Iðnó milli kl. 16 og 17.15 og hins vegar kyrrðarstund í Dómkirkjunni kl. 20. Kyrrðarstundir verða einnig á Egilsstöðum og Akureyri.

Að dagskránni standa Rauði kross Íslands, Geðhjálp, Þjóðkirkjan, Ný dögun, Lifa, Hugarafl, Embætti landlæknis og geðsvið LSH.

# Biðlum til Alþingis og sveitarfélaga Íslands

HEILBRIGÐISMÁL



**Eymundur L. Eymundsson**



**Leó Sigurðsson**
Grófin Geðverndarmiðstöð

Við viljum biðla til ríkisstjórnar og sveitarfélaga að setja meiri pening í meðal annars forvarnir og fræðslu um geðraskanir. Það þarf að skoða nýjar nálganir og breytingar í kerfinu og nýta sér reynslu fagmanna og notenda í bata til að hjálpa fólki með geðraskanir og fjölskyldum þeirra. Forvarnir og fræðsla eru mikilvægt afl fyrir samfélagið til að fólk geri sér grein fyrir hvað er að vera með geðröskun og það eigi að vera óhætt að leita sér aðstoðar eins og með hvern annan sjúkdóm! Samvinna er nauðsynleg til að ná árangri og bjarga mannslífum. Notendur í bata eru mikilvæg auðlind sem ætti að nota meira þegar verið er að móta stefnu í geðheilbrigðiskerfinu.

**Kominn tími á umræðu**

Það vill enginn vera veikur, sama hvaða veiki það er. Lítið sjálfstraust og sjálfsvirðing, taugakerfið brothætt, skömm, sjálfsvígshugsanir, sjálfshatur og að vera uppstökkur. Allt eru þetta algengir fylgikvillar geðraskana. En af hverju eru svona miklir fordómar gagnvart fólki með geðraskanir? Er það umfjöllun fjölmiðla sem hefur svona mikil áhrif? Eru það bandarískar bíómyndir sem sýna óraunverulegt ástands fólks með geðraskanir? Ef fólk væri með krabbamein væri fólk með fordóma gagnvart því? Nei, það vill enginn vera veikur og það gildir jafnt um fólk með geðræn veikindi og önnur veikindi! Vanþekking er enn mikil í þjóðfélaginu, stimplun og fordómar verða oft til þess að fólk leitar sér ekki aðstoðar. Svo fólk geri sér grein fyrir alvöru málsins, þá svipta 3-4 með geðraskanir sig lífi á mánuði. Árið 2013 eru það 49 fyrir utan þá sem reyna og eru í hættu. Hvað þarf til að stjórnvöld átti sig?

**Samvinna**

Með því að opna þessa umræðu og nýta sér sameiginlega reynslu fagmanna og notenda í bata af geðröskunum væri hægt að bjarga mörgum mannslífum og afleiðingum þeirra. Meðal annars með því að leggja almennilegan pening í forvarnir og fræðslu um geðraskanir. Í félags sem eru að vinna í þessum geira svo þau geti sinnt þessum málum. Opinberar stofnanir sem vinna í þessum geira ættu að sjá hag sinn í að ráða notendur í bata til starfa. Það er mikill fjársjóður í notendum í bata sem er oft vanmetinn, því miður. Það þarf nýja nálgun og hvernig

**➜ Ef fólk væri með krabbamein væri fólk með fordóma gagnvart því? Nei, það vill enginn vera veikur og það gildir jafnt um fólk með geðræn veikindi og önnur veikindi!**

væri þá að nýta sér reynslu notenda sem fæst ekki í bókum heldur af persónulegri reynslu? Að fagmenn og notendur í bata vinni saman á jafningjagrunni gæti hjálpað mörgum til að öðlast betra líf og bjargað mörgum mannslífum. En til þess þarf aðeins vilja til að breyta en ekki hanga í sama farinu.

LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is



# Heilsa og hreyfing í vetur

*Í Lyfju finnur þú allt það helsta til að viðhalda heilsunni, forminu og góða skapinu þegar það fer að kólna.*

*Afsláttur gildir til 24. september.*




## Lifeplan

5:2 fyrir þá sem fasta.
Cherry vinnur gegn bólgum og svefnleysi.

**20% afsláttur**




## ReCharge

Sykurlaus orkuskot með nauðsynlegum vítamínum. Bragðgóður drykkur sem inniheldur guarana og koffín. Eykur orku og einbeitingu.

**20% afsláttur**




## Jillian Michaels

**Maximum Strength Fat Burner™**

Töflur sem innihalda einstaka blöndu af náttúrulegum efnum sem aðstoða líkamann við að brenna fitu.

**20% afsláttur**




## AstaZan

Bólgueyðandi, skjót hjálp við liðverkjum og stirðleika. Flýtir endurheimt. Styrkir viðkvæma húð. Lútein fyrir augun + E vítamín. Skjót virkni! 2 mánaða skammtur

**20% afsláttur**




## Super Beets

**og BeetElite rauðrófukristall**

Aukin súrefnisuppitaka, meiri ATP orkuframleiðsla, meira úthald. Virkar 30 mín. eftir inntöku.

**20% afsláttur**




## Biomega

Vítamín fjölskyldan. Vítamín sem mæta þörfum allra á heimilinu. Íslensk framleiðsla, litlar töflur, nýtt og betra bragð.

**20% afsláttur**
*af allri línunni*




## Tiger Balm

Af mörgum talið áhrifamesta smyrsl í heimi. 100% náttúrulegt hitasmyrsl við bráðum líkamlegum eymslum sem og þrálátum og langvarandi verkjum.

**20% afsláttur**




## Nutrilenk Active

Náttúruleg lausn fyrir alla þá sem þjást af aumum og stirðum liðum.

**20% afsláttur**




## OptiBac

**Sérhæfð meltingagerlalína**

Með hverjum pakka af For every day fylgir One week flat frítt með á meðan birgðir endast.

**20% afsláttur**
*af allri línunni*

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 70398 09/14

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lágmúla | Smáralind | Grundarfirði | Patreksfirði | Hvammstanga | Húsavík | Seyðisfirði | Reyðarfirði | Selfossi |
| Laugavegi | Smáratorgi | Stykkishólmi | Ísafirði | Skagaströnd | Þórshöfn | Neskaupstað | Höfn | Grindavík |
| Nýbýlavegi | Borgarnesi | Búðardal | Blönduósi | Sauðárkróki | Egilsstöðum | Eskifirði | Laugarási | Keflavík |



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar elskulega eiginmanns, föður, tengdaföður, sonar og afa,

**BIRGIS H. ÞÓRISSONAR.**

**Anna Laufey Sigurðardóttir**
**Agla Birgisdóttir** **Egbert van Rappard**
**Andri Már Birgisson** **Ingveldur Dís Heiðarsdóttir**
**Hanna Kristín Birgisdóttir** **Árni Geir Úlfarsson**
**Sigurður Helgi Birgisson** **Sólveig Ásta Einarsdóttir**
**Egill Snær Birgisson**
**Hanna Björg Felixdóttir**
**Þórir Jónsson** **Lára Lárusdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,

**LEIFUR ÖRN DAWSON**
**málari,**
**Byggðarholti 4, Mosfellsbæ,**

varð bráðkvaddur á heimili sínu miðvikudaginn 3. september síðastliðinn. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju, Grafarholti, föstudaginn 12. september kl. 15.00.

**Camilla Ragnars**
**Leifur Örn Leifsson** **Inga N. Matthíasdóttir**
**Guðrún M. Leifsdóttir** **Adam Jarman**
**Sigurður Jónsson** **Marta Markúsdóttir**
**Matthías Leifsson** **Kjartan Örn Leifsson**
**Camilla Jarman** **Elías Jarman**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**ÞÓRIR MAGNÚSSON**
**Ásabraut 3, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 2. september. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 15. september kl. 13.00. Aðstandendur vilja koma á framfæri sérstöku þakklæti til starfsfólks Sjúkrahússins í Keflavík.

**Jensía Michala Leo**
**Gilbert Leo Þórisson** **Sjöfn Anna Halldórsdóttir**
**Steinunn J. Leo Þórisdóttir** **Jóhann Sigurðsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, bróðir okkar og mágur,

**GUNNAR FINNSSON**
**Boðagranda 2A, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 31. ágúst. Útförin fer fram frá Langholtskirkju í Reykjavík í dag, miðvikudaginn 10. september, kl. 13.00. Blóm og kransar afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarkort Hollvina Grensásdeildar.

**Kristín Erla Albertsdóttir**
**Arndís Finnsson** **Hrafn Jóhannsson**
**Hilmar Finnsson** **Jósefína Ólafsdóttir**
**Ólafur W. Finnsson** **Bryndís M. Valdimarsdóttir**

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA
Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



Nýtt á heimsvísu
VARANLEGT LETUR
Eingöngu hjá Graníthöllinni
Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni
Graníthöllin Legsteinar
www.granitholin.is
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888



# Mikið kapp í fólki og margir hlaupagikkir

**Starfsmenn Marels á Íslandi ætla að hlaupa, ásamt fjölskyldum og vinum, 6.500 kílómetra þann 12. september og safna áheitum vegna munaðarlausra barna á Fílabeinsströndinni.**

Þetta er í þriðja sinn sem Tour de Marel-dagurinn er haldinn en í annað sinn sem allir 400 starfsmenn Marels víðsvegar um heiminn safna fyrir SOS barnaþorpið í Yamoussoukro á Fílabeinsströndinni, segir Auðbjörg Ólafsdóttir, sérfræðingur hjá Marel. „Í fyrra söfnuðum við 75 þúsund evrum eða ellefu og hálfri milljón sem fór í byggingu grunnskóla. Hann verður opnaður núna 15. september og söfnunin í ár fer í að styðja við rekstur og starfsemi skólans. Það þarf meira en þak og veggi, það þarf líka að borga laun kennara og ýmis aðföng og við efumst ekkert um að þeir peningar sem við öflum verði vel nýttir.“

Auðbjörg segir stefnt að því að hlaupa 6.500 kílómetra. Það svari til leiðarinnar til Fílabeinsstrandarinnar en hlaupinn verði fimm kílómetra hringur í Heiðmörkinni. Margir leggist þar á eitt. „Það er mikil hlaupamenning hér innan fyrirtækisins og nú er verið að skora á ýmsa að hlaupa ákveðið marga hringi – einhverjir ætla að reyna að ná 50 kílómetrum, það er mikið kapp í fólki. Kári Steinn Karlsson ofurhlaupari ætlar að starta hlaupinu með okkur klukkan 10.30 á föstudaginn og svo ætlar hann að koma aftur síðdegis og taka nokkra hringi en hlaupið stendur í sólarhring.“

Um 30% barna á Fílabeinsströndinni eru munaðarlaus, að sögn Auðbjargar. Það er afleiðing alnæmis og borgarastyrjaldar fyrir nokkrum árum. „SOS barnaþorpin eru þrjú í landinu, það nýjasta í Yamoussoukro,“ upplýsir hún. „Ef peningarnir okkar duga fyrir meira en skólanum fara þeir í að styðja við aðra starfsemi í þorpinu.“

Starfsstöðvar Marels eru víða um heim og þar eru alls konar viðburðir í gangi um næstu helgi. „Í Hollandi verður Tour de Marel-dagurinn á sunnudaginn, þar verður hlaupið og hjólað. Hægt er að velja um að hjóla 105 og 170 kílómetra – þeir eru meira í hjólagírnum en við,“ segir Auðbjörg og segir Marel í Danmörku og Brasilíu líka vera að skipuleggja þrekraunir fyrir sig. Samhliða þessum viðburði safni fyrirtækið áheitum inni á www.tourdemarel.com.

En hvað ætlar Auðbjörg sjálf að afreka, ef allt gengur samkvæmt áætlun? „Ég ætla að reyna að ná 15 hringjum, samtals 75 kílómetrum, og mun hlaupa þrjá til fjóra af þeim sjálf en svo ætla ég að fá aðstoð frá fjölskyldu minni við hina hringina. Ég æfi hlaup reglulega allt árið um kring en hef síðastliðnar tvær vikur æft sérstaklega fyrir þetta.“

gun@frettabladid.is



**EINN AF HLAUPAGIKKJUNUM** Það er mikil stemning fyrir Tour de Marel enda margir ofurhlauparar hér innan húss,“ segir Auðbjörg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON



**Í YAMOUSSOUKRO** Börnin í SOS þorpinu eru að fá nýjan skóla, þökk sé Marel.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA HAUKSDÓTTIR SIGURZ**
**Búlandi 31, Reykjavík,**

andaðist sunnudaginn 7. september á Landspítalanum í Fossvogi. Útför hennar fer fram þriðjudaginn 16. september nk. kl. 13.00 frá Bústaðakirkju. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Von, styrktarfélag gjörgæsludeildar í Fossvogi, sími: 543-7658.

**Magnús Reynisson** **Sigríður Jóhanna Tyrfingsdóttir**
**Skúli Eggert Sigurz** **Ingunn Þóra Jóhannsdóttir**
**Jóhanna S. Ingólfsdóttir**
**Ingólfur Ingólfsson**
**Sigurður Haukur Sigurz** **Björg Eyjólfsdóttir**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför mannsins míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**SIGURÐAR EMILS MARINÓSSONAR**
**fyrrverandi framkvæmdastjóra**
**Sælgætisgerðarinnar Mónu,**
**Boðaþingi 5, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilis Hrafnistu að Boðaþingi fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Ágústa Kristín Sigurjónsdóttir**
**Jakobína Edda Sigurðardóttir** **Gunnar Eiríksson**
**Gunnar Sigurðsson** **Hólmfríður Þorvaldsdóttir**
**Emilía Sigurðardóttir**
**Ágúst Sigurður Sigurðsson** **Aðalheiður Ólafsdóttir**
**Hjalti Sigurðarson** **Hrönn Hrafnsdóttir**
**Sigurjón Atli Sigurðsson** **Jóney Hrönn Gylfadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, fimmtudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í fimmtudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.




MARKAÐURINN

Miðvikudagur 10. september 2014 | 22. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



# VILL HEFJA AMERÍKUFLUG WOW AIR NÆSTA VOR

- Flugfélagið ætlar að hefja áætlunarflug til Bandaríkjanna og hefur fengið til þess tvær Airbus A321-þotur.
- Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi WOW air, útilokar ekki að aðrir fjárfestar komi inn í félagið.
- Vill fjölga farþegum um 300 þúsund og auka ársveltuna úr 11 milljörðum króna í allt að 17 milljarða.

SÍÐA 6

## Hýsir 2.500 Bitcoin-námuvélar

Um tuttugu erlend fyrirtæki sem stunda Bitcoin-námastarfsemi hafa samið við Advania um að leigja aðstöðu í gagnaveri fyrirtækisins í Reykjanesbæ. Gagnaverið var byggt síðastliðið vor en þar eru nú yfir 2.500 tölvur sem vinna rafmyntina og nota til þess 8,5 megavött af raforku.

„Við byggðum tvö hús í Reykjanesbæ og erum nánast búin að fylla þau af þessum Bitcoin-námuvélum,“ segir Eyjólfur Magnús Kristinsson, framkvæmdastjóri hjá Advania.

➜ SÍÐA 2

## Össur hækkar um 84 prósent

Markaðsverðmæti stoðtækjafyrirtækisins Össurar nemur í dag um 146 milljörðum íslenskra króna og hefur gengi bréfa þess hækkað um 84 prósent á tólf mánuðum. Næststærst er Icelandair Group og er markaðsvirði þess um 90 milljarðar króna. Marel er svo þriðja stærsta félagið og er markaðsvirði þess um 74 milljarðar. Þróun stærstu þriggja fyrirtækja á Aðallista Kauphallarinnar hefur verið gerólík að undanförnu.

➜ SÍÐA 4

## Starfaði hjá AGS í Washington



Lilja D. Alfreðsdóttir var nýverið ráðin verkefnisstjóri í forsætisráðuneytinu á grundvelli vistaskiptasamnings við Seðlabanka Íslands.

„Ég var þar með matsfyrirtækin, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og fjárfestingatengsl, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Lilja.

Hún nefnir fjölskylduna þegar hún er spurð um áhugamál en einnig skokk, stangveiði og bóklestur.

➜ SÍÐA 8



Snertilausar greiðslur í posum

Valitor býður hraðvirka og örugga posa sem gerir söluaðilum kleift að taka við **snertilausum greiðslum.**

Söluaðilar eiga þess kost að fá uppfærslu á posabúnað sinn og geta þá boðið viðskiptavinum sínum að greiða með **síma** eða snertilausu korti auk hefðbundinna greiðsluleiða.

Þú sérð um **söluna** – við sjáum um **greiðsluna**

VALITOR

525 2080 // sala@valitor.is // www.valitor.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 14-0727

# Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**6 Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**6 Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**2 STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**ÖSSUR** 40,6% frá áramótum

**NÝHERJI** 4,2% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**MAREL** -25,9% frá áramótum

**MAREL** -3,8% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 109,00 | -16,2% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 220,50 | -15,8% | -2,0% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 32,55 | 19,4% | 0,2% |
| Hagar | 45,00 | 17,2% | 0,4% |
| Icelandair Group | 18,09 | -0,6% | 0,5% |
| Marel | 98,60 | -25,9% | -3,8% |
| N1 | 18,60 | -1,6% | 0,0% |
| Nýherji | 5,00 | 37,0% | 4,2% |
| Reginn | 15,50 | -0,3% | -1,3% |
| Tryggingamiðstöðin* | 24,45 | -23,7% | -0,6% |
| Vátryggingafélag Íslands** | 8,26 | -23,4% | -0,6% |
| Össur | 322,00 | 40,6% | 0,3% |
| HB Grandi | 30,20 | 9,0% | 1,0% |
| Sjóvá | 12,26 | -9,3% | -0,8% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.150,50 | -8,7% | -8,7% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 1. 150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 20,50 | 54,7% | 2,5% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,33 | 9,0% | 0,0% |

*fyrsta verð 08. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

# Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 10. september**
- **Hagstofan - Landsframleiðslan á 2. ársfjórðungi 2014**
- **Hagstofan - Efnahagslegar skammtímatölur í september 2014**

**Fimmtudagur 11. september**
- **Seðlabankinn - Gjaldeyrisforði og tengdir liðir**

**Föstudagur 12. september**
- **Hagstofan - Vísitala launa á 2. ársfjórðungi**
- **Vinnumálastofnun - Atvinnuleysistölur fyrir ágúst**

**Þriðjudagur 16. september**
- **Hagstofan - Fiskafli í ágúst 2014**
- **Þjóðskrá - Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu**

**Miðvikudagur 17. september**
- **Þjóðskrá - Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis**

**Fimmtudagur 18. september**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á Vísir*

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

## Próf í verðbréfaviðskiptum 2014-2015

Prófnefnd verðbréfaviðskipta stendur fyrir prófum í verðbréfaviðskiptum veturinn 2014-2015 sem hér segir: Próf í I. hluta verða haldin **1, 5. og 8. nóvember 2014**, próf í II. hluta **24., 28. og 31. janúar 2015** og próf í III. hluta **6., 9., 13. og 16. maí 2015**. Um prófin fer samkvæmt reglugerð nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum, með áorðnum breytingum. Vakin er athygli á að próf í verðbréfaviðskiptum **verða ekki haldin nema að a.m.k. 10 manns hafi skráð sig í próf**, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum. Sama á við um haustpróf 2015. Öllum er heimilt að skrá sig til verðbréfaviðskiptaprófs.

Prófnefnd verðbréfaviðskipta tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr á verðbréfaviðskiptaprófi og semur prófsefnislýsingu, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 633/2003. Í prófsefnislýsingu greinir jafnframt upplýsingar um leyfileg hjálpargögn í prófum o.fl., en lýsinguna má nálgast á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis, ***www.fjr.is.*** Lengd hvers prófs er allt að 4 klukkustundir. Um undanþágur frá töku prófa fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 633/2003. Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaviðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þreytt og skal próftaki hafa lokið öllum nauðsynlegum prófum með fullnægjandi árangri **innan þriggja ára frá því að hann tók fyrsta prófið**. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0. Nánari upplýsingar um verðbréfaviðskiptapróf má nálgast á fyrrgreindri vefsíðu prófnefndar.

Próftökum verður tilkynnt um nákvæmari tíma- og staðsetningu er nær dregur prófunum, sem þreytt verða í húsakynnum á vegum Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík.

Skráning í prófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans ***http://www.ru.is/opnihaskolinn/prof-i-verdbrefamidlun/***. Próftakar verða að hafa skráð sig og greitt prófgjald minnst einni viku fyrir sérhvert próf.

Prófgjald verður auglýst síðar á heimasíðu prófnefndar á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis http://www.fjarmalaraduneyti.is/raduneytid/nefndir/nr/16884.

*Reykjavík, 10. september 2014*
*Prófnefnd verðbréfaviðskipta*

Sameiningarviðræður félaganna tveggja eru sagðar á upphafsstigum en aðdragandinn var skammur:

# Sameining MP og Virðingar rædd

„Þetta er á upphafsstigum og aðdragandinn var skammur en formlegar viðræður eru að fara af stað,“ segir Hannes Frímann Hrólfsson, forstjóri Virðingar hf., um sameiningarviðræður félagsins og MP banka.

Hannes segist ekki vilja tjá sig um viðræðurnar að öðru leyti og vísar í fréttatilkynningu sem félögin sendu frá sér í gær. Þar segir að stjórnir þeirra hafi ákveðið að taka upp formlegar viðræður um sameiningu. Ekki sé hægt að segja til um hve langan tíma viðræðurnar muni taka en að allt kapp verði lagt á að hraða þeim eins og hægt er.

„Með sameiningu MP banka og Virðingar yrði til öflugt fjármálafyrirtæki sem væri leiðandi á fjárfestingabankamarkaði og einn stærsti aðili í eignastýringu á Íslandi,“ segir í tilkynningunni.

Virðing hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki. MP banki sérhæfir sig á sviði eignastýringar og fjárfestingabankastarfsemi ásamt því að bjóða sérhæfða bankaþjónustu. **- hg**



**MP BANKI** Fjölmiðlar greindu frá því í sumar að Straumur fjárfestingabanki og MP banki ættu í viðræðum um sameiningu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNALDUR

# Gagnaverið að fyllast af Bitcoin-námuvélum

***Advania hefur samið um að leigja yfir tuttugu fyrirtækjum aðstöðu í gagnaveri í Reykjanesbæ undir Bitcoin-námastarfsemi. Þar eru yfir 2.500 tölvur sem nota 8,5 MW. Gagnaverið reis á sex vikum.***

**TÆKNI**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

Um tuttugu erlend fyrirtæki sem stunda Bitcoin-námastarfsemi hafa samið við Advania um að leigja aðstöðu í gagnaveri fyrirtækisins í Reykjanesbæ. Gagnaverið var byggt síðastliðið vor en þar eru nú yfir 2.500 tölvur sem vinna rafmyntina og nota til þess 8,5 megavött af raforku.

„Við byggðum tvö hús í Reykjanesbæ og erum nánast búin að fylla þau af þessum Bitcoin-námuvélum,“ segir Eyjólfur Magnús Kristinsson, framkvæmdastjóri hjá Advania og formaður Samtaka íslenskra gagnavera.

Eyjólfur útskýrir að tölvurnar í gagnaverinu búi til nýjar Bitcoin-myntir eða „grafi þær upp“. Enginn opinber aðili eða seðlabanki gefur myntina út eða prentar hana en í staðinn eru tölvur notaðar til að leysa flóknar stærðfræðiformúlur sem þurfa að liggja fyrir þegar ný mynt er gefin út. Tölvurnar í gagnaverinu eru að sögn Eyjólfs sérhannaðar til að leysa þessar formúlur.

„Þegar ein mynt er notuð skapast pláss til að búa til nýja og það eru fleiri hundruð fyrirtæki í heiminum sem eru alltaf að búa til ný Bitcoin. Fyrirtækin fá þá hluta af nýslegnu myntinni í sinn hlut og því er mikil samkeppni um þetta. Þetta eru slík fyrirtæki sem eru inni hjá okkur og þau eru stanslaust að búa þetta til.“



**FRAMKVÆMDIRNAR** Gagnaverið er reist á Fitjum í Reykjanesbæ en byggingu þess lauk í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eyjólfur segir Advania hafa ráðist í byggingu gagnaversins þegar samningar við nokkur af fyrirtækjunum lágu fyrir. Gagnaverið er um 2.500 fermetrar að stærð og var byggt á einum og hálfum mánuði.

„Það er ekkert launungarmál að mesta eftirspurnin eftir plássi í gagnaverum kemur frá Bitcoin-fyrirtækjum,“ segir Eyjólfur.

Fyrirtækin leituðu að sögn Eyjólfs hingað til lands aðallega vegna þess hversu hagkvæmt það er að kæla tölvurnar í gagnaverum hér á landi.

„Þeir sem eru að koma hingað vegna Bitcoin eru að sækjast eftir tiltölulega hagstæðu rafmagni. Hér er ekki hagstæðasta rafmagnið því menn geta fengið það ódýrara í löndum eins Bandaríkjunum, Rússlandi og Svíþjóð. Við höfum hins vegar náð mjög góðum tökum á kælitækninni og erum að nota tiltölulega litla orku í að kæla búnaðinn sem lækkar rafmagnsreikninginn töluvert.“



**RAFMYNTIN** Hver Bitcoin er nú metið á 55.335,69 krónur.

Framkvæmdastjóri segir fyrirtækið vilja vanda til verka en það hefur nú opnað þrjár stöðvar erlendis:

# Opnuðu Boot Camp-stöð í Noregi

Þriðja Boot Camp-stöðin erlendis var opnuð í Kristiansand í Noregi nú í ágúst. Fyrir eru tvær í Danmörku, önnur í Vejle og hin í Kaupmannahöfn.

„Það hefur gengið ótrúlega vel. Viðtökurnar eru mjög góðar,“ segir Arnaldur Birgir Konráðsson framkvæmdastjóri, sem er betur þekktur sem Biggi í Boot Camp.

„Stöðvarnar eru allar svipaðar að stærð eða um tvö til þrjú hundruð fermetrar. Þær eru að reka sig eins og við gerðum hér á landi þegar við fórum fyrst af stað á um 200 til 250 kúnna grundvelli.“

Birgir bendir á að það kosti ekki mikið að hefja rekstur á Boot Camp stöð. „Konseptið byggist á því að byrja smátt. Þú getur byrjað hvar sem er, þetta snýst um að finna sér húsnæði og byggja svo ofan á það. Það þarf ekki að eyða miklum fjármunum í tæki og tól.“ Stöðvarnar eru reknar á grundvelli einkaleyfissamninga en Birgir og aðrir stofnendur Boot Camp eiga einkaleyfið undir heitinu Budz Boot Camp.

„Næstu skref eru í rauninni þau að við höfum sett okkur að gera vel það sem við erum að gera. Við viljum ekki vaða áfram, það er alltaf fullt sem maður getur gert betur.“ **- nej**



**VINSÆLT** Boot Camp fagnaði tíu ára afmæli síðastliðna helgi en hugmyndin hefur þróast mikið á undanförnum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




# Grænt umhverfi fyrir þitt fyrirtæki

Reitir fasteignafélag býður viðskiptavinum sínum upp á grænt leigusamband. Með grænu leigusambandi hjálpum við þér að breyta atvinnuhúsnæðinu þínu í vistvænan vinnustað.

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis með yfir 130 eignir til leigu um allt land. Markmið okkar er að vera leiðandi í mótun umhverfisvitundar í íslensku atvinnulífi.

**Kynntu þér græna reiti á reitir.is.**

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Verðmæti Össurar hefur aukist um 67 milljarða króna á tólf mánuðum

*Markaðsverðmæti stoðtækjafyrirtækisins Össurar nemur í dag um 146 milljörðum íslenskra króna og hefur gengi bréfa þess hækkað um 84 prósent á tólf mánuðum. Þróun stærstu þriggja fyrirtækja á Aðallista Kauphallarinnar hefur verið gerólík að undanförnu. Gengi bréfa í Marel hefur lækkað um 24 prósent.*

**KAUPHÖLLIN**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Þróun hlutabréfaverðs í stærstu þremur félögunum sem skráð eru á Aðallista Kauphallar Íslands hefur verið gerólík undanfarna tólf mánuði. Össur er langstærsta félagið, en heildarmarkaðsvirði þess er um 146 milljarðar íslenskra króna. Gengi bréfa í félaginu hefur hækkað hratt og örugglega frá sumrinu 2013 eftir mikla hagræðingu í rekstri. Næststærst er Icelandair Group og er markaðsvirði þess um 90 milljarðar króna. Marel er svo þriðja stærsta félagið og er markaðsvirði þess um 74 milljarðar.



**BERA SAMAN BÆKUR** Níels Jacobsen, stjórnarformaður Össurar, og Jón Sigurðsson forstjóri bera saman bækur sínar á aðalfundi félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Marel

Gengi Marels hefur fallið nokkuð undanfarið ár, var 131 króna á hlut í byrjun september í fyrra en er um þessar mundir í kringum 100. Lækkunin er um 24%. Ástæðan er rakin til þess að félagið hefur birt röð uppgjöra sem hafa valdið fjárfestum vonbrigðum. Tekið var í taumana undir lok síðasta árs og var Árni Oddur Þórðarson, sem á stóran hlut í Marel í gegnum félagið Eyri Invest, ráðinn forstjóri félagsins í stað Hollendingsins Theo Hoen. Í afkomutilkynningum frá félaginu hefur Árni Oddur sagt að verið sé að umbreyta félaginu sem muni hafa kostnað í för með sér.

Jóhann Viðar Ívarsson, hlutabréfagreinandi hjá IFS greiningu, segir að arðsemi Marels hafi frá og með árinu 2012 verið umtalsvert undir markmiðum. „Þeir voru framan af með markmið um 10-12 prósent hlutfall EBIT af tekjum. Það var bil sem þeir náðu á árinu 2010 og næstum því árið 2011. Árið 2012 var þessi mælikvarði arðsemi 8,6% og í fyrra var hann kominn niður í 6,5%. Það sem af er ári 2014 er arðsemin mjög lág en þess ber með að gæta að talsverður kostnaður hefur fallið til á tímabilinu vegna umbreytinga,“ segir Jóhann Viðar.

Hann segir að fyrirtækið sé þó að mörgu leyti áhugaverður fjárfestingakostur. „Þeir eru alþjóðlegt tæknifyrirtæki og eru nánast einungis með erlendar tekjur sem þykir kostur í höftum í dag,“ segir Jóhann Viðar. Þetta þyki eftirsóknarvert þegar fjárfestar geti ekki farið beint í erlendar fjárfestingar vegna fjármagnshaftanna. „Þannig að þetta er gengisvörn og þar með verðbólguvörn að fara inn í erlent tekjuflæði,“ segir hann.

Marel sé líka áhugaverður fjárfestingakostur vegna grunnhugmyndafræði í rekstrinum. Félagið framleiði búnað til að vinna dýraprótein. Fari svo fram sem horfi að millistéttarfólki og vel stæðu fólki í þróunarríkjum muni fjölga þá muni neysla þar á kjöti og fiski aukast til lengri tíma. „Og þá munu viðskipti aðila eins og Marels aukast til lengri tíma. Málið fyrir Marel sé bara að fá hlutdeild í aukningunni,“ segir hann. Því séu líkur á að góð ytri skilyrði muni skapast fyrir tekjuvöxt hjá Marel.

### Icelandair Group

Gengi bréfa í Icelandair Group var um 14,6 á hlut snemma í september á síðasta ári og fór alla leið upp í 19,7 í byrjun febrúar þessa árs. Frá þeim tíma hefur félagið lækkað lítillega og er nú rétt um 18,1. Hækkunin á tólf mánaða tímabili nemur tæpum 24%. Þótt félagið hafi skilað mjög viðunandi afkomu væri synd að segja að stjórnendur hafi siglt lygnan sjó allt árið. Vinnudeilur hafa valdið félaginu óvissu og eru sérfræðingar sem Fréttablaðið hefur talað við sammála um að gengi bréfa hefði hækkað enn meira ef ekki hefði komið til þeirra. Í hálfsárs uppgjöri félagsins kom fram að vegna kjaradeilna þurfti að fella niður 157 flugferðir og breyta bókunum yfir 22 þúsund farþega. Tekjutap og beinn kostnaður Icelandair Group vegna þessa nam um 3,5 milljónum Bandaríkjadala sem jafngildir um 400 milljónum íslenskra króna. Ekki sér fyrir endann á vinnudeilum því samningar voru gerðir til skamms tíma. Flugmenn sömdu til loka þessa mánaðar og flugfreyjur sömdu til loka ágúst 2015. Þá er líka hugsanlegt að fréttir af eldgosinu í Bárðarbungu hafi haft áhrif á hlutabréfaverð, í það minnsta til skamms tíma.

Tekjur félagsins hafa á undanförnum misserum aukist með meira framboði af flugsætum bæði á nýjum og eldri leiðum, aukinni sætanýtingu og vaxandi ferðaþjónustu á Íslandi. En mestu máli hefur þó skipt að félagið hefur nýtt sér tækifæri í flugi á milli Norður-Ameríku og Evrópu. „Stærsta breytan hefur legið í vexti hjá þeim í Atlantshafsflugi, frá Evrópu til Bandaríkjanna og öfugt, þar sem er millilent á Íslandi. Þetta er stærsti tekjupósturinn hjá þeim og þar sem þeir eiga mikið undir. Túristarnir sem koma til Íslands og Íslendingarnir sem skreppa út í heim eru ekki jafn stórir póstar,“ segir Jóhann Viðar. Hann segir svo virðist vera sem Icelandair Group hafi unnið mikið verk í að finna borgir í Bandaríkjunum sem eru tiltölulega stórar en samt ekki það stórar að þeim sé nú þegar þjónað vel af stærri flugfélögunum í flugi til Evrópu. „Þannig að þeir eru ekkert að breiða meira úr sér í New York eða Boston,“ segir Jóhann, þeir fljúgi þá frekar til borga á borð við Denver, Edmonton og Vancouver.

**Heildarverðmæti þriggja stærstu félaganna í Kauphöll Íslands 2012–2014**




### Össur

Gengi bréfa í Össuri hefur hækkað um um 84% á einu ári. Það var 174 krónur á hlut í september í fyrra en er nú 321. Þessi hækkun er rakin til þess að fyrirtækið hafi farið í umbreytingarferli sem hafi skilað auknum hagnaði, batamerkja á bandaríska markaðnum fyrir stoðtæki og skynsamlegra kaupa á öðrum félögum. Í árshlutauppgjöri fyrir annan ársfjórðung kemur fram að hagnaður félagsins jókst um 106% milli ára. Hagnaðurinn nam 17 milljónum Bandaríkjadala, eða um tveimur milljörðum króna, á öðrum fjórðungi þessa árs, samanborið við 8 milljónir dala, um 940 milljónir króna, á öðrum fjórðungi ársins 2013. Söluvöxtur var 23 prósent á fjórðungnum. Að miklu leyti eru þetta áhrif nýkeypta félaga sem ekki voru inni í samstæðuuppgjöri í fyrra en innri vöxtur er einnig aftur orðinn ágætur.

Jóhann Viðar segir að helstu markaðir Össurar séu Evrópa og Bandaríkin. Það sé ekki langt síðan Össur lenti í hremmingum vegna erfiðleika í sölu stoðtækja í Bandaríkjunum. Stjórnendur hafi brugðist við þessu og hagrætt myndarlega í rekstrinum. Þetta hafi þeir gert með því meðal annars að segja upp stjórnendum og flytja framleiðslu til. „Sérstaklega hafa þeir gert góða hluti með því að flytja mikið af stoðtækjaframleiðslunni til Mexíkó. Þeir hafa verið að ná fram lægri framleiðslukostnaði þar,“ segir Jóhann Viðar.

# TÖKUM GAMLA PRENTARA UPP Í NÝJA EPSON PRO FYRIR 20.000 KRÓNUR !

## ALLT AÐ 50% LÆGRI PRENTKOSTNAÐUR




**69.990**
~~VERÐ 89.990~~

**29.990**
~~VERÐ 49.990~~

**49.990**
~~VERÐ 69.990~~

EPSON
WorkForce Pro

### LOSAÐU FYRIRTÆKIÐ VIÐ ÓHAGKVÆMA PRENTARA

Það er ekki verðið á prentaranum sem skiptir mestu máli, heldur kostnaðurinn við að reka hann. Ódýrustu prentararnir eru yfirleitt dýrastir þegar upp er staðið. Komdu með gamla og óhagkvæma prentara til okkar og leyfðu okkur að farga þeim við hátíðlega athöfn. Í staðinn færðu glænýjan Epson Workforce Pro með 20.000 króna afslætti, nýjustu tækni og getur lækkað prentkostnað um allt að 50% í samanburði við vinsæla laserprentara. Sparnaður sem getur numið hundruðum þúsunda hjá fyrirtækjum sem prenta mikið.

**Nánari upplýsingar í s. 414-1710 og sala@tl.is**

tl.is
TÖLVU LISTINN
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

> Úrskurður Samkeppniseftirlitsins var mjög skýr og afdráttarlaus um að það er einokunarstaða á Norður-Ameríkuflugi. Hins vegar er WOW air næststærsti viðskiptavinur Isavia og á heildina litið eigum við gott samstarf við ríkisfyrirtækið.



**Á SKRIFSTOFUNNI** Skúli hefur lagt til að byggð verði ný lággjaldaflugstöð á gamla varnarsvæðinu í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ameríkuflug WOW air aftur á dagskrá

***WOW air ætlar að hefja áætlunarflug til Bandaríkjanna næsta vor og hefur fengið til þess tvær Airbus A321 þotur. Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi flugfélagsins, útilokar ekki að aðrir fjárfestar komi inn í félagið.***

**VIÐTAL**
Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is



Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi WOW air, segir flugfélagið ætla að hefja áætlunarflug til Norður-Ameríku næsta vor. Félagið hefur samið um leigu á tveimur Airbus A321-vélum og áætlanir gera ráð fyrir að farþegum fjölgi úr 500 þúsund á þessu ári í 800 þúsund árið 2015. Auknum umsvifum fylgir aukinn kostnaður og félagið gæti að sögn Skúla þurft að fara í frekari hlutafjáraukningu með aðkomu annarra fjárfesta.

**Tveir áfangastaðir í fyrstu**

„Við erum komin með öll tilskilin leyfi fyrir Norður-Ameríkufluginu enda búin að undirbúa þetta núna í um ár eða síðan við fengum flugrekstrarleyfið,“ segir Skúli þegar hann sest niður með blaðamanni til að ræða framtíðaráform flugfélagsins. Hann útskýrir hversu mikilvægt það er að geta tengt flug til Norður-Ameríku við Evrópu svo hægt sé að bjóða farþegum sem ferðast á milli heimsálfanna að nota Ísland sem stoppistöð. Sautján flugfélög fljúgi á milli Íslands og Evrópu og því hafi myndast mikil samkeppni í þeim ferðum.

„Aftur á móti hefur Icelandair fengið að sitja eitt að Ameríku, fyrir utan Delta sem flýgur einungis yfir sumarið til New York, og er því með einokun á þeim markaði. Því held ég að það séu miklir hagsmunir fyrir neytendur og ferðaþjónustuna í heild sinni að efla samkeppni í Norður-Ameríkuflugi.“

Skúli segir að áfangastaðir WOW í Bandaríkjunum verði tveir til að byrja með. Aðspurður nefnir hann Boston en segir að hinn áfangastaðurinn verði kynntur á næstunni. Sala á ferðunum eigi að hefjast síðar í haust og sumaráætlun fyrirtækisins verði kynnt á næstu vikum. Þá komi í ljós hvort fyrirtækið muni fjölga ferðum til ákveðinna áfangastaða eða fækka öðrum.

„Ég reikna fastlega með því að við munum sjá mikla og góða eftirspurn, bæði frá Íslendingum sem vilja ferðast með ódýrari hætti til Bandaríkjanna og svo er ég sannfærður um að ferðamenn frá Bandaríkjunum eigi enn fullt inni.“

**Stæðunum úthlutað í vetur**

WOW kvartaði í mars 2013 til Samkeppniseftirlitsins yfir fyrirkomulagi Isavia á úthlutun á afgreiðslutímum, eða stæðum, á Keflavíkurflugvelli. Flugfélagið gagnrýndi að Icelandair hefði fengið alla þá afgreiðslutíma sem Skúli segir að séu nauðsynlegir fyrir tengiflug á milli Evrópu og Bandaríkjanna. Í nóvember 2013 beindi Samkeppniseftirlitið tilmælum til Isavia um að fyrirtækið þurfti að tryggja WOW aðgang að „samkeppnislega mikilvægum afgreiðslutímum“. Í lok febrúar á þessu ári felldi áfrýjunarnefnd samkeppnismála þá ákvörðun úr gildi eftir að Isavia og Icelandair höfðu kært hana. WOW hafði þá tilkynnt að félagið hefði hætt við fyrirhugað flug til Bandaríkjanna. Málið fór fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem WOW krafðist þess að úrskurður nefndarinnar yrði felldur úr gildi. Héraðsdómur vísaði því frá en í júní síðastliðnum sendi Hæstiréttur það aftur í hérað.

„Núna er verið að stækka Leifsstöð og bæta við flughliðum og þeim á að fjölga enn frekar árið 2016. Við teljum þessar breytingar, og hliðranir í okkar áætlunum, gera okkur kleift að ná þessum tengingum,“ segir Skúli. Hann segir nú stefnt að því að brottfarartímar félagsins verði fyrr á daginn en áður var gert ráð fyrir og á undan tímum Icelandair. Þá liggur beinast við að spyrja Skúla hvort fyrirtækið ætli að reka málið áfram fyrir Héraðsdómi.

„Úrskurður Samkeppniseftirlitsins var mjög skýr og afdráttarlaus um að það er einokunarstaða á Norður-Ameríkuflugi. Hins vegar er WOW air næststærsti viðskiptavinur Isavia og á heildina litið eigum við gott samstarf við ríkisfyrirtækið. Við höfum því ákveðið að leyfa þessu máli að hafa sinn gang í kerfinu en láta það ekki trufla okkar daglegu vinnu. Mér hefur fundist það afskaplega kjánalegt að vera í einhverju stríði við einn stærsta samstarfsaðila minn,“ segir Skúli.

Hann segir að úthlutun á nýjum stæðum á Keflavíkurflugvelli fari fram í vetur.

„En við erum með fjöldann allan af plássum nú þegar og getum kosið að nota þau annaðhvort til Ameríku eða eitthvað annað. Hins vegar ætlum við að fara fram á ákveðna stækkun. Þau áform og formleg úthlutun á þeim stæðum þurfa að fara í gegnum reglulegt ferli þannig að í sjálfu sér fáum við ekki endanlega staðfestingu á því fyrr en í vetur. Hins vegar á það ekki að trufla flug til Norður-Ameríku.“

**Krefst hlutafjáraukningar**

Flugfélagið er alfarið í eigu Títan fjárfestingafélags ehf. sem er aftur í eigu Skúla. Títan setti um 500 milljónir króna inn í félagið í október í fyrra og þá nam heildarfjárfesting þess um 1,5 milljörðum. Skúli segir áframhaldandi uppbyggingu WOW kalla á frekari hlutafjáraukningu og útilokar ekki að aðrir fjárfestar eigi eftir að koma að þeirri fjármögnun.

„Ég hef fram til þessa séð um það sjálfur og ætla mér að halda áfram að taka þátt í þeirri uppbyggingu. Það getur hins vegar vel verið að þegar umfangið verður orðið enn meira, þegar við förum úr 11 milljarða ársveltu á þessu ári í 16 til 17 milljarða á næsta ári, að það verði mjög heilbrigt og áhugavert að breikka hluthafahópinn aðeins og efla fyrirtækið þannig. Það er eitthvað sem á eftir að koma í ljós,“ segir Skúli.

Hann gerir ráð fyrir að afkoma félagsins á síðari hluta þessa árs verði mjög góð. Afkoma fyrri árshelmings hafi litast af ákvörðuninni í vor um að hætta við Ameríkuáformin.

„Þetta hægði á öllum plönum og við vorum búin að eyða mjög miklu í undirbúning og gera skuldbindingar. Við þurftum að bregðast við og því fylgdi umtalsvert kostnaður en það þurfti ekki að afskrifa hann allan því eitthvað af honum nýtist í undirbúningnum fyrir næsta vor. Hins vegar er það ekki spurning að þetta hafði veruleg áhrif á afkomuna síðastliðinn vetur og vor.“

**Lággjaldastefnan tók tíma**

Skúli hefur lagt til að byggð verði ný lággjaldaflugstöð á gamla varnarsvæðinu í Keflavík. Hann segir flugstöðina geta verið mikilvægan þátt í að gera landinu kleift að taka við fleiri ferðamönnum.

„Þessi ferðamannafjöldi er ekki svo mikill miðað við stærð landsins og við ættum að geta fjölgað þeim upp í tvær til þrjár milljónir á ári á næstu tíu árum,“ segir Skúli.

„Hins vegar hefur vöxturinn verið mjög ör. Við þurfum því að huga að fjárfestingu í innviðum. Í því samhengi erum við að horfa á það hvort það sé kominn tími til að setja upp nýja flugstöð í Keflavík sem yrði lággjalda tengistöð þar sem farþegar gætu farið yfir í Leifsstöð í litlum lestum eða rútum. Öll tollafgreiðsla og annað yrði áfram í Leifsstöð en þeir farþegar sem fara aldrei inn í landið þyrftu þá ekki að fara í gegnum Leifsstöð.“

Spurður um hvað hafi komið mest á óvart síðan WOW var stofnað í maí 2012 svarar Skúli að hann hafi gert ráð fyrir að það tæki styttri tíma að gera WOW að hefðbundnu lággjaldaflugfélagi.

„Það helgast af því að það hefur enginn gert þetta áður. Fyrsta sumarið sem við fórum af stað

## HJÓLAÐ UM BORGINA

**Karl Benediktsson, prófessor við Háskóla Íslands, leiðir hjólaferð um stíga borgarinnar laugardaginn 13. september. Lagt er af stað frá Öskju, náttúrufræðahúsi HÍ, klukkan 11. Tilvalin ferð fyrir fjölskylduna. Nánar á fi.is.**

Lionssalurinn Lundur
• Jólahlaðborð
• Árshátíðir
• Þorrablót
Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is
Cocktail.is
Veisluþjónusta
Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara

BE LLA VISTA
ÁHRIFARÍK
LEIÐ TIL AÐ VIÐHALDA GÓÐRI SJÓN
BELLAVISTA er eitt öflugasta fæðubótarefnið á markaðnum fyrir sjónina. Náttúrulegir plöntukjarnar ásamt vítamínum og steinefnum sem gegna mikilvægu hlutverki í að viðhalda góðri og skarpri sjón langt fram eftir aldri. Í BELLAVISTA er hátt hlutfall af bláberjaþykkni og lúteini.
Kynntu þér BELLAVISTA á www.gengurvel.is
Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna



2 FYRIR 1
af TexMex-borgara með frönskum gegn framvísun þessa miða.
Aðeins 1.490 kr. fyrir tvo.
Gildir til 31.10.2014.

# TEXMEX-BORGARI MEÐ TÓMATSALSA

**TEXASBORGARAR KYNNA** *TexMex-borgari sem rífur í bragðlaukana er nýjung á matseðlinum hjá Texasborgurum við Grandagarð.*

Sterkkryddaður TexMex-borgari með tómatsalsa hefur bæst í hóp eðalborgaranna á Texasborgurum við Grandagarð. „Það var kominn tími til að bjóða upp á ekta TexMex-borgara, enda er fyrirmyndin að Texasborgurum hamborgarabúllur í Texas, eins og nafnið gefur til kynna,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Ég hef komið á þær margar og þar vilja menn að piparinn rífi vel í og þannig er það hjá okkur.“

TexMex-borgararnir kosta aðeins 1.490 kr. Þeir eru stórir, 140 g, bornir fram í brauði með tómatsalsa, rauðlauk, jöklasalati, jalapeño, chili-flögum og cheddar-osti. Franskar fylgja með og svo þarf bara klink til að fá sér kokteilsósu eða annað til hliðar.

Það er sífellt verið að brydda upp á nýjungum á Texasborgurum. „Allar helgar erum við með amerískan bröns og í sumar byrjuðum við með pitsur þannig að úrvalið er mikið,“ segir Magnús Ingi. „Svo er ekki amalegt að ljúka máltíðinni í ísbarnum.“

Pitsurnar kosta allar það sama, 990 kr., óháð fjölda áleggstegunda. Val er um fjölbreyttar sósur og ost og raðað á pitsuna um leið og viðskiptavinurinn velur úr áleggsborðinu, eins og tíðkast á mörgum samlokustöðum. Og tilboðin slá allt út: Pitsa, hrásalat og gos á 1.390 kr. og pitsa, kaka dagsins og gos á 1.490 kr.

Allt um Texasborgara á texasborgarar.is og alltaf er líf og fjör á Facebook-síðunni.



**RÍFUR Í** TexMex-borgari eins og þeir vilja hafa hann í Texas.
MYND/GVA

Fæst í helstu apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum
natures aid
GMP vottuð vara
Flaxseed Oil 1000mg
Raspberry Ketones 400mg
Beetroot 700mg
Turmeric 400mg
Ginger, Turmeric & Bromelain
Immune Support+
Serrapeptase
www.gengurvel.is

Á dagskrá í september:

Sultur, Sýrt Grænmeti, Franskar Makrónur, LKL Mataræðið, Brauðbakstur, Indversk matargerð, Sushi, Franskar Tartlets

Skráning og nánari upplýsingar inná:
**www.salteldhus.is**

salt ELDHÚS



Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:



- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.

Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður og fararstjóri, Höskuldur Frímannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í. , Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Ferðamálaskóli Íslands

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



Enskuskóli Erlu Ara - Let's speak English

Velkomin í heimsókn og tekur ákvörðun eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt.

Enskunámskeið í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna

Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 35 ára og eldri.

www.enskafyriralla.is

- 10 getustig með áherslu á tal
- Öllu lesefni fylgja hljóðdiskar
- Styrkt af starfsmenntasjóðum

Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og erlaara@gmail.com



Skipuleggjum einnig námsferðir til Englands fyrir hópa og einstaklinga



MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára




**LÚXUS** Claridges er fimm stjörnu hótel í Lundúnum. Hótel hinna ríku og frægu. Það kostar ekki undir 90 þúsundum að gista á þessu hóteli eina nótt. Claridges er við Bond Street.

# LÚXUSGISTING Á GÓÐU VERÐI

**GLÆSIHÓTEL** *Viltu fara í lúxusferðalag án þess að borga mikið? Það er hægt ef þú velur réttu borgirnar. Hér er einungis tekið mið af hótelgistingu en reglan er sú að því fyrr sem flugferðin er keypt þeim mun ódýrari er hún.*

Ef ferðinni er heitið til Lundúna og gisting bókuð á fimm stjörnu hóteli í eina nótt kostar það svipað og fjórar nætur á lúxushóteli í Varsjá í Póllandi eða í Þessalóniku í Grikklandi. Höfuðborg Póllands býður ódýrustu lúxushótelin og Grikkland kemur fast á hælana, segir á netmiðli Daily Mail. Hægt er að fá fimm stjörnu hótel í Varsjá fyrir um 16 þúsund krónur nóttina og mjög svipað verð er í Þessalóniku. Nótt á fimm stjörnu hóteli í Lundúnum kostar hins vegar ekki undir rúmum 60 þúsund krónum. Hægt er að gista í ellefu nætur í Grikklandi fyrir eina nótt í London. Einnig ætti fólk að horfa til Búkarest og Prag vilji það borga sanngjarnt hótelverð.



**VARSJÁ** Það væri ekki leiðinlegt að heimsækja gamla bæinn í Varsjá en búa á glæsihóteli.

**MISJAFNT VERÐ**

Í könnun sem Daily Mail gerði kom í ljós að hægt er að gista á fimm stjörnu hótelinu Electra Palace í Þessalóniku fyrir um 14.500 kr. nóttin miðað við helgi í september og 10.500 kr. á Grand Palace. Í Varsjá er hægt að kaupa gistingu á Varsjá Marriott hótelinu á sama tíma fyrir 10.900 kr. nóttina og á Hilton Warsaw Hotel & Convention Centre fyrir 11.300 kr. Þetta eru allt glæsihótel. Til að nefna önnur dæmi þá kostar nóttin á The Met Hotel eða The Nikopolis í Þessalóniku í Grikklandi rúmar 13 þúsund á meðan Belmond Villa San Michele í Flórens kostar frá 122 þúsundum.

**DÝRASTA BORGIN**

Bent er á að lúxusferð til Aþenu, Lissabon eða Berlínar kostar ekki heldur annan handlegginn, eins og sagt er. Gott er að vera skipulagður fram í tímann og gæta þess að ekki séu stórar sýningar eða aðrir viðburðir í borginni á sama tíma.

Lundúnir eru ein vinsælasta borg í heimi en jafnframt með hæsta hótelverð sem þekkist. París, Flórens og Míland koma í næstu sætum á eftir. Þegar fólk velur tveggja til fjögurra stjörnu hótel tekur það ákveðna áhættu. Ekki er víst að allt sé ferðamanninum að skapi. Þegar keypt er gisting á fimm stjörnu hóteli er enginn vafi á að um lúxus er að ræða. Á slíku hóteli þarftu ekki einu sinni að bera töskurnar til herbergis. Stjörnugjöf milli landa er misjöfn og haft er eftir sérfræðingi um ferðamál á Daily Mail að hann myndi aldrei gista á minna en fjögurra stjörnu hóteli í Lundúnum.

Edinborg er með næsthæsta hótelverð í Bretlandi en lúxushótel í borginni kostar frá 41 þúsund krónum nóttin.



**FLÓRENS** Fallega Flórens. Margt áhugavert er að skoða í Flórens en gisting í borginni er mjög dýr.

**ÓDÝRUSTU 5* HÓTEL Í EVRÓPU**

- **Varsjá,** Pólland, frá 16.200 kr.
- **Þessalónika,** Grikkland, frá 16.800 kr.
- **Búkarest,** Rúmenía, frá 18.900 kr.
- **Aþena,** Grikkland, frá 20.000 kr.
- **Lissabon,** Portúgal, frá 22.000 kr.
- **Búdapest,** Ungverjaland, frá 22.000 kr.
- **Brussel,** Belgía, frá 23.500 kr.
- **Prag,** Tékkland, frá 27.000 kr.
- **Berlín,** Þýskaland, frá 28.000 kr.
- **Madrid,** Spánn, frá 30.000 kr.

**DÝRUSTU 5* HÓTEL Í EVRÓPU**

- **London,** Bretland, frá 62.000 kr.
- **Flórens,** Ítalía, frá 62.000 kr.
- **París,** Frakkland, frá 59.000 kr.
- **Mílanó,** Ítalía, frá 58.600 kr.
- **Nice,** Frakkland, frá 49.000 kr.
- **Róm,** Ítalía, frá 47.600 kr.
- **München,** Þýskaland, frá 47.400 kr.
- **Edinborg,** Bretland, frá 40.700 kr.
- **Amsterdam,** Holland, frá 40.000 kr.
- **Kaupmannahöfn,** Danmörk, frá 36.800 kr.


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

lifestream™

lífræn bætiefni fyrir alla - heilsa til framtíðar

# Árangur fer eftir gæðum

29 vítamín og steinefni ·18 amínósýrur
Blaðgræna · Omega · GLA fitusýrur · SOD
eitt öflugasta andoxunarensím líkamans



Allir mínir kúnnar eru að ná gríðarlegum góðum árangri með mínu æfingakerfi, ég mæli með Lifestream Spírulina fyrir mína kúnna og þá sem vilja aukna orku úthald og meiri lífsgæði.
Reynsla mín er að Lifestream vörurnar eru fremstar í gæðum.

**Garðar Sigvaldason, einkaþjálfari í Sporthúsinu**




## Lífrænt fjölvítamín
### -hrein náttúruafurð

Inniheldur mikið af glykogen og blaðgrænu. Mikið af glykogen í líkamanum við æfingar gefur betri árangur, blaðgræna eykur súrefnismettun. Inntaka 1/2 tíma fyrir æfingar eða vinnu gefur aukið þrek, lengra úthald og einbeitingu.

Rannsóknir staðfesta árangur
- www.celsus.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum, stórmörkuðum og Fríhöfninni

## BÍLAR & FARARTÆKI

**MB bílar**



Toyota Land Cruiser 120 skráður 05/2006 Ekinn 180 þkm. Dísel, sjálfskiptur, dráttarkúla, 7 manna, ný dekk. Verð kr. 3.490.000



Nissan Pathfinder skráður 02/2007 Ekinn 96 þkm. Dísek, sjálfskiptur, leður, lúga, dráttarkúla o.fl. Verð kr. 3.590.000

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið virka daga 10-18, laugard. 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

**ASKJA NOTAÐIR BÍLAR**



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2009, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.240150.



MERCEDES-BENZ E 250 cdi 4matic. Árgerð 2013, ekinn 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.980.000. Rnr.990813.



Kia Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 42 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.390.000. Rnr.210358. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**Bílalíf**



**EKINN AÐEINS 78.Þ KM**

TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD. Árg.2003,ek.aðeins 78.þ km, bensín,sjálfskiptur,er á staðnum.Verð 1.580.000.Rnr.351838. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**J.R.BÍLASALAN**



M.BENZ Sprinter 315 cdi 4x2. Árgerð 2007, ekinn 73 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.600.000 + VSK Rnr.156494.



M.BENZ Sprinter 318 cdi 4x2. Árgerð 2007, ekinn 114 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.400.000 +VSK. Rnr.156252.



M.BENZ Sprinter 413 cdi með kæli. Árgerð 2003, ekinn 112 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.450.000 + VSK. Rnr.156567.



M.BENZ M ml500. Árgerð 2006, ekinn 188 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.900.000. Rnr.156580.

**J.R.BÍLASALAN**



M.BENZ C c230k. Árgerð 2004, ekinn 158 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Rnr.156089.

**JR Bílasala**
**Bíldshöfði 3, 110 Rvk**
**Sími: 567 0333**
**Okkur vantar bíla á skrá og í stæði**
**www.jrbilar.is**

**ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR**



**NÝ A-LINER SOFA BED**

ÚTSALA, A-liner Classic Sofa Bed, Ísskápur, Truma, álfelgur, hár og flottur vagn, ATH aðeins 2 stk í boði, Verð 2.690.000kr , Er á staðnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

**100bílar.is**



LAND ROVER Range Rover Vouge V8 Diesel. Árg 1/2007, ek 95 Þ.KM, dísel 273hö, sjálfsk, Einn með öllum aukahlutum og lítur mjög vel út, Ásett verð 8.490.000. Rnr.118883. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**






**567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS**

# BÍLAHÖLLIN

**BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK**

**OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA FRÁ KLUKKAN 10-18, LAUGARDAGA 12-15**



**LAND ROVER Discovery 3 se.**
Árgerð 2007, ekinn 113 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.790.Mjög falleg og gott eintak Rnr.114093.



**BMW X3 xdrive20d panorama.**
Árgerð 2011, ekinn 46 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.990.Mjög vel útbúinn bíll Rnr.114036.



**NISSAN Qashqai se.**
Árgerð 2014, ekinn 14 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.590. Einkabíll Rnr.312402.



**SKODA Yeti.**
Árgerð 2014, ekinn 29 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.390. Rnr.312396.



**KIA Sorento lux.**
Árgerð 2013, ekinn 19 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.990. ATH Einkabíll Rnr.114205



**TOYOTA Rav4 gx plus.**
Árgerð 2014, ekinn 38 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.290. Rnr.219991.



**SUZUKI Grand vitara premium+ .**
Árgerð 2012, ekinn 54 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990. Besta verið í bænum Rnr.219983.



**VW Polo trendline.**
Árgerð 2013, ekinn 54 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.880. Rnr.219822.



**SKODA Superb 4x4.**
Árgerð 2013, ekinn 41 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.100. Rnr.312397.



**TOYOTA Yaris terra.**
Árgerð 2010, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.450. Eigum líka 2011 og 2012 Árg. Rnr.219226.



**HYUNDAI I30 classic.**
Árgerð 2012, ekinn 59 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.940. Rnr.312407.



**HYUNDAI I10 gl.**
Árgerð 2012, ekinn 72 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.390. Rnr.219996.



**VW Caravella comfortline .**
Árgerð 2007, ekinn 58 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990. 8 manna Rnr.113083



**TOYOTA Auris „disel".**
Árgerð 2012, ekinn 61 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.490. Eigum líka 2013 Árg Rnr.312394.



**LEXUS Is250.**
Árgerð 2006, ekinn aðeins 89 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.750.Mjög fallegur og vel með farinn Rnr.114199.



**LAND ROVER Range rover sport hse.**
Árgerð 2005, ekinn 143 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.790.Fallegur og vel með farinn Rnr.320025..



**SKODA Octavia combi ambition 1.6 tdi 4x4.**
Árgerð 2014, ekinn 17 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.380. Rnr.210000.



**VW Beetle design.**
Árgerð 2013, ekinn 16 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 3.100. Rnr.312405.

Landsbankinn

# NÝJIR BÍLAR DAGLEGA

Landsbankinn

# Laxeldi á Vestfjörðum

## Spennandi störf í boði hjá stærsta laxeldi Íslands



**Fjarðalax á Vestfjörðum leitar að áhugasömu og dugmiklu starfsfólki. Fjölbreytt störf eru í boði bæði í Reykjavík og fyrir vestan.**

Framundan er aukinn vöxtur og meiri framleiðsla, við óskum því eftir að ráða í eftirtalin störf:

### GÆÐASTJÓRI

Gæðastjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra og er staðsettur á skrifstofu félagsins á Patreksfirði.

**Starfssvið:**

- Umsjón með innleiðingu gæðakerfis.
- Rekstur og endurskoðun gæðakerfis.
- Fræðsla og þjálfun starfsmanna.
- Stýring á gæðaráði.
- Innleiðing vottana.
- Þróunarvinna.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði matvælafræði, líffræði, sjávarútvegsfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af gæðastjórnun úr sjávarútvegi.
- Reynsla af innleiðingu gæðakerfis.
- Sjálfstæð vinnubrögð og reynsla af stjórnun.
- Góðir samskiptahæfileikar, áreiðanleiki og nákvæmni.

### VÉLSTJÓRI

Umsækjandi þarf að hafa réttindi sem yfirvélstjóri VS.III á skip sem er lengra en 12 metrar eða A réttindi og vélarstærð 750 kw eða stærri.

### SKIPSTJÓRI

Umsækjandi þarf að hafa réttindi á 45 m skip eða styttra – Skipstjórnarnám B.

---

**Áhugasamir vinsamlegast sendi ferilskrá til starfsmannastjóra, kristin@fjardalax.is.**

**Umsóknarfrestur um framangreind störf er til 21. september 2014.**

Fjarðalax var stofnað árið 2009 en fyrirtækið elur lax í Arnarfirði, Patreksfirði og Tálknafirði. Fjarðalax hefur frá upphafi framleitt umhverfisvænan lax í kynslóðaskiptu eldi.

Kynslóðaskipt eldi felur í sér að hver kynslóð er alin í sjó í rúmlega tvö ár og síðan er fjörðurinn hvíldur í tæpt ár. Fjarðalax notar engin eiturefni eða aflúsunarefni við eldið.

Fjarðalax hefur hlotið umhverfis- og gæðavottunina BAP, Best Aquaculture Practices, ásamt IMO vottun fyrir Whole Foods Market í Bandaríkjunum. Umhverfisvöktun, rannsóknir og gæðastýring eru lykilþættir í rekstri fyrirtækisins.

Á sunnanverðum Vestfjörðum búa um 1300 manns, í ægifögru umhverfi í námunda við Látrabjarg, Rauðasand og Arnarfjörð.

Á Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal eru starfræktir fjórir skólar og þrír leikskólar auk tónlistarskóla. Þá rekur Fjölbrautaskóli Snæfellinga framhaldsdeild á Patreksfirði.

Mikil áhersla er lögð á umhverfismál og vinna skólarnir allir eftir verkefninu Skólar á grænni grein. Mannlífið á sunnanverðum Vestfjörðum er blómlegt og fjölmörg félagasamtök eru þar starfandi.










FJARÐALAX

Fjarðalax ehf.
Strandgötu 43
460 Tálknafjörður
www.fjardalax.is

## atvinna

**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.

HANDAFL EHF

S. 777 2 333

K100.5

## Sölumaður

K100 óskar eftir frábærum einstaklingi í söluteymi stöðvarinnar. Viðkomandi þarf að vera orkumikill, drífandi, sjálfstæður, skapandi, lausnamiðaður og umfram allt framúrskarandi í mannlegum samskiptum.
Í starfinu felst hugmyndavinna, samskipti við viðskiptavini og framleiðsla útvarpsauglýsinga.

*K100 er hluti af Skjánum sem á og rekur SkjáEinn, SkjáSport, SkjáBíó, SkjáFrelsi og SkjáKrakka*

**Umsóknir sendist á vidskiptastjori@skjarinn.is**

## útboð

MOSFELLSBÆR

### Útboð á rekstri félagsheimilisins Hlégarðs í Mosfellsbæ

Mosfellsbær leitar eftir áhugasömum aðilum til að gera tilboð í leigu á félagsheimilinu Hlégarði í Mosfellsbæ. Leigutaki skal standa fyrir öflugri og fjölbreyttri menningarstarfsemi, félagsstarfi, veitingarekstri og salarleigu í húsinu samkvæmt skilgreiningu í útboðsgögnum.

Öll gögn, þ.e. nánari lýsing húsnæðis og fylgifé ásamt tilboðsblaði fást send í tölvupósti eða afhent í þjónustuveri Mosfellsbæjar dagana **10.-23. september 2014.**

Nauðsynlegt er að þeir sem fá útboðsgögn gefi upp nafn og netfang til að hægt verði að koma viðbótarupplýsingum til allra komi þær fram á útboðstímabilinu.

Hafi aðilar spurningar varðandi gögn eða markmið Mosfellsbæjar, er æskilegt að þær séu sendar í tölvupósti á netfangið **mos@mos.is** merkt Hlégarður. Skal það gert eigi síðar en **30.september.** Meginmáli spurninga og svörum verður dreift til allra sem sótt hafa gögn verkefnisins eins fljótt og auðið er og eigi síðar en **5.október næstkomandi**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA




## fasteignir

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Bæjarhraun – Hf. – Atvinnuhúsnæði



Bakhús við Bæjarhraun. Innkeyrsludyr og ágæt lofthæð. Húsnæðið skiptist í lagersal, kaffistofu, skrifstofu, snyrting ofl. **Sanngjörn leiga.**

**Upplýsingar gefur Helgi Jón sölustjóri s. 893 2233.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

**TRAUSTI** fasteignasala

### HÁALEITISBRAUT 24

**OPIÐ HÚS Í DAG, MIÐVIKUD. 10. SEPT. FRÁ KL. 17:30-18:00**




Vel skipulögð og falleg fimm herbergja íbúð á fyrstu hæð í góðu fjölbýlishúsi miðsvæðis í Reykjavík. Ástand hússins er til fyrirmyndar og hefur mikið verið gert fyrir húsið síðastliðin misseri. Bílskúr fylgir íbúðinni ásamt geymslu í kjallara. Dýrahald er leyft í húsinu. Sameign er ný uppgerð og stigagangur er nýmálaður og snyrtilegur. Búið er að fóðra og skipta um allar frárennslislagnir í húsi og fyrir utan.
**Stærð: 135.6 m². Verð: kr. 33.9 millj.**



*Kristján Baldursson*
*hdl. löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.*

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Fagrihvammur 2b íbúð 302 – Hf – 4ra herb.

**Opið hús í dag kl. 17.30 og 18**




Nýkomin í einkasölu mjög fallega 4ra herbergja 106 fm. íbúð á 3.hæð í góðu fjölbýli. Ein íbúð á stigapalli. Góð staðsetning. Útsýni, suðursvalir, sérþvottaherbergi.
**Verð: 27.9 millj. *laus strax***
**Helgi Jón sölustjóri býður ykkur velkomin s: 893 2233**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

## tilkynningar

### Auglýsing um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi

**Vallakór 1-3 og 6-8 (áður Vallkór nr. 10). Breytt Deiliskipulag.**

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Kópavogs þann 28. ágúst 2014 tillögu að deiliskipulagi Vallakórs 1-3 og 6-8 (áður Vallakór nr. 10). Tillagan var auglýst frá 14. maí 2014 með athugasemdafrest til 30. júní 2014. Athugasemdir og ábendingar bárust. Þeim aðilum sem sendu inn athugasemdir og ábendingar hefur verið send umsögn skipulagsnefndar. Skipulagsstofnun hefur í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga yfirfarið málsgögnin sbr. erindi dags. 3. september 2014 þar sem ekki er gerð athugasemd við að birt sé auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda. Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Vakin er athygli á málskotsrétti samanber 10. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þ.e. frá og með 9. september 2014.

**Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda skipulagsáætlun er hægt að nálgast á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:00 til 15:00.**

Kópavogsbær

kopavogur.is

vorum við ekki með neina hliðartekjuhugsun. Þá vorum við bara eins og hin gamaldags flugfélögin með allt inni í einu fargjaldi. Á meðan lággjaldastefnan gengur fyrst og fremst út á að þú borgar bara fyrir það sem þú notar,“ segir Skúli og heldur áfram:

„Ég er hins vegar mjög ánægður með það hvar við erum í dag. Sætanýting hefur verið vel yfir 90 prósentum sem er grundvallarforsenda. Í öðru lagi snýst þetta um hvaða prósentu og samspil þú færð fyrir sætið og allar hinar hliðartekjurnar og það hlutfall er orðið mjög ásættanlegt.“

Skúli nefnir einnig hversu mikilvægt það sé að fyrirtækið dreifi sölu- og markaðskostnaði sínum rétt og að áhersla sé lögð á markaðssetningu á netinu. Fyrirtækið hafi ekki náð að fóta sig nógu vel í þeim efnum og það útskýri að mestu þá miklu starfsmannaveltu sem hefur verið hjá fyrirtækinu.

„Við vorum í rauninni ekki með mannskap sem hafði reynslu í þessu og það er auðvelt að segja að maður hefði viljað hafa þessa vitneskju frá fyrsta degi. En allt þetta fólk sem hefur verið hjá okkur er allt hæft og gott fólk en hefur kannski ekki alltaf verið samstiga um að fara alla leið í þessari ákveðnu stefnu,“ segir Skúli.

Hann segir að hópurinn sem myndar flugrekstrarsvið fyrirtækisins, sem er um 75 prósent af starfsmannafjöldanum, hafi að mestu verið óbreyttur frá upphafi.

„En ég held að við höfum á heildina litið verið mjög lánsöm í þessum mikla rekstri þar sem við fórum úr núlli í tíu milljarða veltu. Þetta hefði aldrei tekist nema með frábæru fólki og góðum liðsanda.“




**Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Vélar WOW eru af gerðinni Airbus A320 en þoturnar sem eiga að fara frá Íslandi til Bandaríkjanna eru af gerðinni A321. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Starfaði hjá AGS í Washington D.C.

*Lilja D. Alfreðsdóttir var nýverið ráðin verkefnisstjóri í forsætisráðuneytinu á grundvelli vistaskiptasamnings við Seðlabanka Íslands. Hún er með meistaragráðu frá Columbia University og BA í stjórnmálafræði.*

**SVIPMYND**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

„Síðustu daga hef ég verið að setja mig inn í ný verkefni og hlutverk mitt hér í ráðuneytinu er að samræma og fylgja eftir þeim verkefnum sem tengjast samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar,“ segir Lilja D. Alfreðsdóttir, verkefnisstjóri í forsætisráðuneytinu.

Lilja var á dögunum ráðin tímabundið til ráðuneytisins en hún hefur unnið í Seðlabanka Íslands frá árinu 2001. Þar hefur hún starfað sem aðstoðarframkvæmdastjóri á skrifstofu bankastjóra og alþjóðasamskipta.

„Ég var þar með matsfyrirtækin, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og fjárfestingatengsl, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Lilja.

Hún starfaði hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) í Washington D.C. frá 2010 til 2012 sem fulltrúi Íslands á skrifstofu sjóðsins sem fer með málefni kjördæmis Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna.

„Það var mjög góður tími enda borgin frábær og með athyglisverða sögu og söfn. Ég var þar einmitt þegar Ísland var að vinna að sinni efnahagsáætlun í samstarfi við AGS. Það er staða sem fæst ríki vilja vera í en þetta var hins vegar mjög áhugavert að koma að þessu og einnig að sjá þegar önnur ríki eins Írland og Grikkland komu inn í hópinn.“

Lilja er með meistaragráðu í alþjóðahagfræði frá Columbia University en hún fór þangað sem Fullbright-styrkþegi. Einnig lauk hún BA-námi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands.

„Þetta er mjög góð blanda fyrir bæði Seðlabankann og það sem ég er að gera núna. Svo var ég einnig skiptinemi við Minnesota-háskóla og háskóla í Suður-Kóreu þar sem ég lærði um austur-asísk stjórnmál,“ segir Lilja.

Hún er gift Magnúsi Óskari Hafsteinssyni, hagfræðingi í fjármálaráðuneytinu. Þau eiga tvö börn, Eystein Alfreð, sjö ára, og Signýju Steinþóru, fimm ára. Lilja nefnir fjölskylduna þegar hún er spurð um áhugamál en einnig skokk og stangveiði. Fimleikar koma einnig til tals og sú staðreynd að Lilja þjálfaði fimleika síðasta vetur.

„Svo finnst mér mjög gaman að lesa bækur. Ég var einmitt að klára bókina Flash Boys eftir Michael Lewis sem fjallar um verðbréfaviðskipti á Wall Street.“

Lilja segist spennt fyrir komandi vetri og þeim verkefnum sem hún mun þurfa að takast á við í nýju starfi.

„Það eru mörg spennandi verkefni framundan. Stóra málið varðar þrotabú gömlu bankanna og það er athyglisvert mál enda margt undir eins og afnám fjármagnshaftanna.“



**FYRIR UTAN STJÓRNARRÁÐIÐ** Lilja skokkar mikið og hlustar þá oft á hljómsveitina Quarashi sem er að hennar sögn í miklu uppáhaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## RÖKVISS OG SANNGJÖRN



„Ég var svo lánsöm að kynnast Lilju fyrir níu árum þegar við unnum hjá Seðlabankanum. Strax varð mér ljóst að þar færi kona sem vert væri að þekkja, bæði rökviss, sanngjörn og vinnur af miklum heilindum að öllu því sem hún tekur sér fyrir hendur. Þessir eiginleikar hennar afla henni trausts og virðingar hjá vinum og samstarfsmönnum. Við höfum átt gott samstarf frá upphafi, þó að við séum ekki alltaf á sama máli. Lilja er traustur vinur sem gott er að leita ráða hjá, bæði á faglegum sem og á persónulegum nótum. Hún er höfðingi heim að sækja og leggur mikla rækt við fjölskyldu sína og vini.“

**Perla Ösp Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri áhættustýringar Landsbankans.**



„Það er ákaflega gott að vinna með Lilju en við unnum saman í nefnd um Leiðréttinguna. Hún er fljót að lesa aðstæður og sýnir mikið frumkvæði í því að bregðast við svo allt fari á besta veg. Lilja hugsar í lausnum og býr yfir mikilli þrautseigju þannig að tilætluð markmið nást. Lítil saga fangar þessa góðu kosti Lilju, þrautseigju, frumkvæði og það að vera lausnamiðuð. Þegar dóttir hennar komst ekki að í fimleikatíma sökum þess að það vantaði fleiri þjálfara var lausnin innan seilingar. Lilja, sem sjálf lagði stund á fimleika á sínum yngri árum, tók að sér þjálfun fyrir fimleikafélagið og þar með komst stúlkan að hjá félaginu auk þess sem fjöldi annarra stúlkna fékk tækifæri til iðkunar íþróttarinnar.“

**Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri eignastýringar MP banka.**

OLA BORTEN MOE

# Evrópa ætti að auka gagnsæi á raforkumarkaðnum

Ola Borten Moe, fyrrverandi olíu- og orkumálaráðherra Noregs, er ungur að árum, fæddur árið 1976, en er samt talsvert reynslumikill í norskum stjórnmálum. Sem þingmaður norska Miðflokksins varð hann olíu- og orkumálaráðherra Noregs í ríkisstjórn Jens Stoltenbergs og sat í embætti frá 2011-2013, fram að síðustu kosningum. Sem ráðherra málaflokksins hafði hann mörg risavaxin mál á sinni könnu, m.a. málefni norska olíusjóðsins, stærsta ríkisfjárfestingarsjóðs í heimi, og málefni sem snúa að NorNed-raforkusæstrengnum milli Noregs og Hollands sem var vígður í maí 2008. Þegar sæstrengurinn hafði verið virkur í tvo mánuði hafði hann þegar skapað tekjur sem námu 50 milljónum evra en viðskiptaáætlanir NorNed gerðu ráð fyrir 64 milljóna evra tekjum á ársgrundvelli. Borten Moe var hér á Íslandi vegna ráðstefnu sem VÍB, eignastýring Íslandsbanka, hélt í gær um arðsemi orkuútflutnings en Landsvirkjun lýkur á árinu 2015 athugun sinni á hagkvæmni þess að leggja raforkusæstreng milli Íslands og Bretlands. Borten Moe fer yfir þessi mál í nýjasta þætti Klinksins sem má nálgast á forsíðu Vísis.



**Hvers vegna lækkaði raforkuverð til heimila í Noregi eftir opnun NorNed?**

„Það er samspil fjölmargra ólíkra ástæðna. Við drógum úr regluverki raforkumarkaðarins snemma á tíunda áratug síðustu aldar og það frelsaði margar raforkuauðlindir. Þetta þýddi að frá þessum tíma höfðum við stöðugt og öruggt framboð raforku. Við vöxt efnahagslífsins, fjölgun fólks og aukna raforkunotkun jukum við ekki framleiðslugetuna í raforku í sama mæli. Þetta gerðist á sama tíma og við lögðum strenginn til Hollands. Við þurftum að auka framleiðslugetuna og það höfum við gert á síðustu árum og raforkuverðið lækkaði á ný og hefur náð jafnvægi. Er núna svipað og fyrir 15 árum.“

**Tekjur vegna NorNed fóru fram úr viðskiptaáætlunum. Hefur strengurinn alltaf verið arðbær?**

„Þetta hefur verið mjög arðbær fjárfesting bæði fyrir eiganda strengsins, þjónustuveitandann Statnett og síðan vegna þeirra tekna sem fást með flutningi á raforku frá rekstraraðilum annarra strengja en þær fara í að greiða niður rekstrarkostnað.“

**Hefur reynsla Norðmanna af NorNed verið jákvæð?**

„Já, almennt séð, en þetta er líka spurning um margt fleira en orkuútflutning. Fyrir Noreg og norska raforkukerfið snerist lagning strengsins líka um öryggi raforkubirgða. Við flytjum ekki bara út raforku því við flytjum hana líka inn. Rétt eins og Íslendingar reiðum við Norðmenn okkur að mestu á vatnsaflsvirkjanir sem þýðir að ef það rignir ekki er raforkuframleiðslan minni.“

**Ættu Íslendingar að bíða eftir breytingum á evrópska raforkumarkaðnum áður en tekin er ákvörðun um lagningu strengs milli Íslands og Bretlands?**

„Evrópa ætti að auka gagnsæi á raforkumarkaðnum. Þeir hafa unnið að því en ekki hefur tekist að koma því í fulla framkvæmd. Mín tilfinning er sú að mikið af regluverki og tilskipunum bæði frá Brussel og aðildarríkjunum hafi dregið úr hagkvæmni raforkumarkaðarins. Besta dæmið eru styrkir til jarðefnaeldsneytis til að jafna út áhrif styrkja sem endurnýjanlegir orkugjafa njóta.“

**Stjórnun raforkubirgða er mikilvæg fyrir Norðmenn, er þetta eitthvað sem myndi skipta Íslendinga máli við mat á kostum þess að leggja streng milli Íslands og Bretlands?**

„Þið eruð með annars konar kerfi því þið eruð með jarðhita svo þið eruð ekki háð regninu eins og við Norðmenn. Það eru auðvitað mjög ólíkar aðstæður.“

› klinkið



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@365.is

Viðtalið við Stefán Sigurðsson er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
„Snilldarverk“
New York Times
Hamskiptin
eftir Franz Kafka í leikgerð Vesturports
Tryggðu þér miða strax!
Aðeins örfáar sýningar:
17. september
18. september
19. september
★★★★★
The Guardian
★★★★★
Sunday Express
★★★★★
Daily Mail
★★★★★
Daily Telegraph
★★★★★
What's On Stage
Rómuð sýning Vesturports snýr aftur eftir sigurgöngu um heiminn.
Árskortin komin í sölu.
551 1200
HVERFISGATA 19
LEIKHUSID.IS
MIDASALA@LEIKHUSID.IS
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Ósjálfbær staða í ríkisfjármálum ef ekki tekst að lækka vaxtabyrði:

# *Lækkun vaxtakostnaðar er stærsta velferðarmálið*

Þriðji stærsti útgjaldaliður ríkissjóðs á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem kynnt var í gær er vaxtakostnaður, eða 84 milljarðar króna. Þrátt fyrir að tekist hafi að lækka kostnaðinn milli ára er ljóst að þetta er ævintýralega há fjárhæð og þessi kostnaður hefur engan veginn lækkað nægilega hratt á síðustu árum.

Gert er ráð fyrir 4,1 ma.kr. afgangi á næsta ári og fjárlögin eru hallalaus annað árið í röð en fjárlögin 2014 voru fyrstu hallalausu fjárlögin frá árinu 2007. Þá hefur tekist að lækka skuldir ríkissjóðs og er gert ráð fyrir að þær verði 74 prósent af vergri landsframleiðslu Íslands árið 2015 en í samanburði var þetta hlutfall 90 prósent árið 2011.



## Markaðshornið

**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@stod2.is

**Vaxtakostnaður ríkissjóðs á næsta ári er hærri en heildarkostnaður vegna byggingar spítalans, þrátt fyrir lækkun kostnaðarins**

Þrátt fyrir árangur í ríkisfjármálum sem birtist m.a. í þessu, er enn of snemmt að hrósa happi. Jarðtengingin er líka rauður þráður í fjárlagafrumvarpinu og kynningarefni sem með því fylgir en þar segir:

„Meginvandi ríkissjóðs er gríðarlegar skuldir og verulega íþyngjandi vaxtajöfnuður.“

Á öðrum stað segir: „Að óbreyttu tæki áratugi að greiða niður þær skuldir sem ríkissjóður stendur frammi fyrir og á sama tíma kæmi vaxtabyrðin í veg fyrir framlög til mikilvægra málaflokka.“

Þetta undirstrikar mikilvægi lækkunar vaxtakostnaðar ríkissjóðs í hnotskurn. Íþyngjandi vaxtabyrði stendur öðrum málaflokkum fyrir þrifum.

Í fjárlagafrumvarpinu birtast áherslur ríkisstjórnarinnar þegar kemur að niðurskurði með ýmsum hætti. Þannig sparast 1.130 milljónir króna með því að stytta það tímabil sem heimilt er að greiða út atvinnuleysisbætur úr 36 mánuðum í 30. Einhver gæti fært fyrir því rök að hægt hefði verið að stytta þetta tímabil enn meira án þess að það hefði falið í sér pólitískt stórtjón fyrir ríkisstjórnarflokkanna. Til dæmis niður í 24 mánuði. Þannig er um fremur hófstilltan sparnað að ræða þótt þessu verði eflaust veifað í þingsal af stjórnarandstæðingum.

Sérstakur saksóknari er ekki vinsælasta stofnunin í stjórnarráðinu og fjárheimild þeirrar stofnunar lækkar um rúmlega 430 milljónir króna. Sem er reyndar í samræmi við áætlun um fjármögnun stofnunarinnar fram að þeim tíma er hún verður lögð niður.

Fjárhæðir í þessum handahófskenndu dæmum virðast hins vegar frekar ómerkilegar þegar þær eru skoðaðar í samhengi við vaxtakostnaðinn. Þetta eru aðeins tvö dæmi um málaflokka sem er verið að sníða til með tilheyrandi skerðingu framlaga eða beinni þjónustuskerðingu með það fyrir augum að ná markmiðum um jöfnuð í ríkisfjármálum.

Annað nærtækt dæmi snýr að byggingu nýs Landspítala, sem er nú talsvert deilumál milli einstakra þingmanna stjórnarflokkanna  þótt þingið hafi samþykkt á síðasta starfsdegi sínum fyrir þinghlé vorið 2014 þingsályktun um að flýta fyrir byggingu nýs Landspítala með 56 atkvæðum gegn engu. Kostnaðaráætlun vegna nýbygginga meðferðarkjarna, rannsóknarhúss og sjúkrahótels nýs Landspítala ásamt rekstrartækjum (lækningatækjum) fyrir þessar sömu fasteignir hljóðar upp á um 80 milljarða króna.

Vaxtakostnaður ríkissjóðs á næsta ári er hærri en heildarkostnaður vegna byggingar spítalans, þrátt fyrir lækkun kostnaðarins. Og þar munar um heila fjóra milljarða króna.

Lök staða ríkissjóðs og íþyngjandi vaxtakostnaður hefur staðið byggingu spítalans fyrir þrifum. Lækkun vaxtabyrðar ríkissjóðs er því stærsta og mikilvægasta velferðarmálið sem við stöndum frammi fyrir.



# Fjölbreyttara atvinnulíf

SKOÐUN

**Árni Páll Árnason,**
formaður samfylkingarinnar



Fyrsta mál Samfylkingarinnar nú við upphaf þingvetrar er að efla stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði. Við leggjum til aðgerðir sem miða að því að skjóta fjölbreyttari stoðum undir atvinnulíf á Íslandi og búa til vellaunuð störf um allt land.

Helsti vandi íslensks efnahagslífs nú er kyrrstaðan og einangrunin sem leiðir af höftum og veikum gjaldmiðli. Áhersla núverandi ríkisstjórnar hefur verið á að draga til baka margháttað frumkvæði ríkisstjórnar jafnaðarmanna í uppbyggingu stoðkerfis tækni- og atvinnuþróunar. Þess vegna er brýn þörf á að snúa vörn í sókn.

### Betra skattaumhverfi

Við leggjum til breytingar á skattaumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og þeirra einstaklinga sem fjárfesta í þeim. Veita á skattaafslátt til einstaklinga sem fjárfesta í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, hvort sem það er með beinni fjárfestingu eða sjóðum sem sérhæfa sig í því.

Þá leggjum við til að lækkun tryggingargjalds verði sett í forgang, enda leggst það á launakostnað. Hann er hlutfallslega þyngstur hjá þekkingar- og nýsköpunarfyrirtækjum og lækkun hans auðveldar fyrirtækjum að hækka laun og fjölga starfsfólki.

### Auka á nýfjárfestingar

Við viljum veita lífeyrissjóðum auknar heimildir til að fjárfesta í óskráðum félögum. Hagsmunir lífeyrissjóðanna sem búa við takmarkaða fjárfestingakosti vegna hafta og fjölda tækni- og hugverkafyrirtækja í vexti þarfnast fjármagns.

Við viljum beita sértækum ívilnunum vegna nýfjárfestinga sem miða að því að auka fjárfestingar í rannsóknar- og þróunarverkefnum og þjálfun starfsfólks. Fela á Íslandsstofu að markaðssetja og kynna slíkar ívilnanir, hér á landi og erlendis, í samráði við Samtök iðnaðarins. Ný ríkisstjórn lét illu heilli lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga renna út í lok síðasta árs, en boðar nú bót og betrun.

Byggja þarf upp upplýsingaveitu um þau tækni- og hugverkafyrirtæki sem leita fjárfesta í samstarfi nokkurra aðila, m.a. fjárfestingasviðs Íslandsstofu og nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Þær aðstæður hafa skapast hér eftir hrun að fjármagn leitar í einsleita ávöxtunarkosti og þess vegna mikilvægt að kynna vel kosti fjárfestingar í minni fyrirtækjum og ívilnanir sem þeim fylgja.

Við viljum að grænn fjárfestingasjóður verði starfræktur sem styður við uppbyggingu græns hagkerfis.  Þar verði áhersla á fjárfestingar í tækni- og hugverkafyrirtækjum á sviði umhverfistækni og vistvænna lausna.

### Efling verk- og tækninnáms

Efla þarf verk- og tækninám til að svara eftirspurn atvinnulífsins eftir starfskröftum með slíka menntun. Við unnum stórvirki í tíð síðustu ríkisstjórnar við að koma ungu atvinnulausu fólki til þjálfunar og náms. Þau verkefni hafa nú öll verið slegin af. Gera þarf aðgerðaráætlun um eflingu verk- og tækninnáms á Íslandi sem hefur það markmið að fjölga nemendum sem stunda verk- og tækninám.  Auka þarf fjárframlög til málaflokksins á öllum skólastigum, rannsaka þarfir atvinnulífsins, þróa nýjar námsleiðir og auka vægi verk- og tæknigreina í grunnskólum.

Á Tækni- og hugverkaþingi árið 2013 hlutu þessar tillögur Samfylkingarinnar 1., 2. og 3. verðlaun þegar stjórnmálaflokkarnir kepptu nafnlaust um hylli gesta. Þingmenn Samfylkingarinnar munu áfram vinna að þessum tillögum strax nú á haustdögum við fjárlagagerð og umræður um hvítbók menntamálaráðherra um umbætur í menntakerfinu. Til þess munum við þurfa stuðning atvinnulífsins.

> Við unnum stórvirki í tíð síðustu ríkisstjórnar við að koma ungu atvinnulausu fólki til þjálfunar og náms. Þau verkefni hafa nú öll verið slegin af.

# Byggjum á tölfræði í stað tilfinninga

SKOÐUN

**Helga Árnadóttir,** framkvæmdastjóri
Samtaka ferðaþjónustunnar



Ferðaþjónustan hefur verið mikið til umfjöllunar síðustu misseri, ekki síst vegna þeirrar miklu fjölgunar ferðamanna sem hefur orðið á stuttum tíma. Fjölgunin er næstum því áþreifanleg, en í henni felast þó óteljandi tækifæri. Fyrir okkur öll sem í landinu búum er ómetanlegt að eiga atvinnugrein sem skapar jafn mikil verðmæti. Það er staðreynd að ferðaþjónustan dregur vagninn hvað varðar gjaldeyrissköpun þjóðarinnar, en tæplega 27% teknanna komu frá ferðaþjónustunni einni saman á síðasta ári og hefur greinin eflst frekar en hitt á þessu ári. Án hennar væri væntanlega neikvæður vöru- og þjónustujöfnuður og verulegar blikur á lofti ef greinarinnar nyti ekki við. Þá skipta beinar skatttekjur af ferðaþjónustunni tugum milljarða. Atvinnusköpun greinarinnar er með mesta móti auk þess sem hún eflir og styður við aðrar atvinnugreinar s.s. landbúnað og sjávarútveg. Ferðaþjónustan er orðin ein af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar sem hefur eflt og blómgað byggðarlög um allt land.

### Hvert skal stefna og hvernig?

Þá er það spurningin, hvert stefnir þessi atvinnugrein og hvernig ætlum við að ná settum markmiðum þannig að tryggja megi verðmætasköpun greinarinnar til framtíðar? Til að geta svarað þessum lykilspurningum á annan hátt en á tilfinningalegum nótum verður að tryggja almennilegar rannsóknir til að styðjast við sem og reglubundna framleiðslu tölfræðiupplýsinga. Staðreyndirnar verða að fá að tala sínu máli. Tryggja verður rannsóknir í ferðaþjónustunni til jafns við rannsóknir í öðrum undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar.

Staðreynd málsins er sú að aðeins um 1% af því fé sem rennur til rannsókna á atvinnuvegum þjóðarinnar fer í rannsóknir á ferðaþjónstunni. Síðustu tölur yfir þessa skiptingu sýna að rannsóknir í iðnaði nam um 55% af heildarframlögum til rannsókna, um 35% fóru til fiskiðnaðar og landbúnaðar og um 10% til orkuframleiðslu og dreifingar. Eftir stóð innan við 1% – eiginlega afgangsstærð eða afrúnun sem ferðaþjónustunni hefur verið skammtað í gegnum tíðina.

### … og hvers vegna?

Fyrir atvinnugrein í svona örum vexti, þar sem tækifærin eru til staðar sem og áskoranir, er algjört lykilatriði að tryggja að ákvarðanir séu byggðar á tölfræði í stað tilfinninga. Nú þegar liggur fyrir greining á þörf fyrir rannsóknir og tölfræði í íslenskri ferðaþjónustu sem unnin var af KPMG fyrir Ferðamálastofu. Sú greining var gerð fyrir um það bil einu ári síðan og voru 11 forgangsrannsóknarefni tilgreind ásamt áætluðum kostnaði. Sá kostnaður nam um 350 milljónum sem verður að teljast hóflegur í öllum samanburði. Fyrr á árinu lagði iðnaðar- og viðskiptaráðherra um 10 milljónir til gerðar svokallaðra ferðaþjónustureikninga til næstu þriggja ára. Vissulega erum við sem störfum í ferðaþjónustu ánægð með þessa viðleitni stjórnvalda til að ná utan um algera grunnþætti greinarinnar. Hins vegar þarf að tryggja allar þessar forgangsrannsóknir strax.

Í skýrslu OECD frá því í byrjun mánaðarins um stöðu og þróun umhverfismála á Íslandi kemur einnig fram mikilvægi þess að finna jafnvægi milli vaxtar orkugeirans og ferðaþjónstunnar annars vegar og umhverfisverndar hins vegar. Sér í lagi þar sem hagkerfi landsins hefur breyst mikið og mikilvægi ferðaþjónustunnar hefur aukist jafnt og þétt. Þessir þættir útheimta ekki síst stefnumörkun frá hendi stjórnvalda sem þá aftur verða að byggja á öruggum tölulegum gögnum. Slíkir hagkvæmnisútreikningar verða að byggja á fjárhagslegum, samfélagslegum og umhverfislegum þáttum sem því miður liggja ekki allir fyrir hendi í dag. Verðmat á auðlindum landsins í dag verður að byggja á langtímahagsmunum, enda eru auðlindir okkar líka eign komandi kynslóða.

> Nú er lykilatriði að ganga í takt, í takt við réttar og fullnægjandi upplýsingar hverju sinni. Stjórnvöld, það er ykkar að slá taktinn!

### Tækifærið er núna!

Stjórnvöld verða að leggjast á eitt og bregðast hratt við þannig að þau miklu tækifæri sem í greininni liggja séu tryggð til langs tíma litið. Nú er lykilatriði að ganga í takt, í takt við réttar og fullnægjandi upplýsingar hverju sinni. Stjórnvöld, það er ykkar að slá taktinn!




KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN OG ENN BETUR BÚINN VOLVO XC60 AWD MEÐ ÖFLUGRI DÍSILVÉL
AFLMIKILL, SPARNEYTINN OG SKEMMTILEGUR Í AKSTRI

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. $CO_2$ 169 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

MARKAÐURINN
Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 119,02 | DKK 20,61 | NOK 18,789 | CHF 127,28 |
| GBP 192,16 | EUR 153,45 | SEK 16,748 | JPY 1,12 |

**FTSE**
6.829 -5,77 (0,08%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## 19% LÆKKUN

### Flúormælingar í Reyðarfirði

Niðurstöður sex flúormælinga í grasi í Reyðarfirði í sumar liggja nú fyrir. Meðaltal sumarsins er 30,8 µg samanborið við 37,8 µg sumarið 2013 og 52 µg sumarið 2012. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu Alcoa Fjarðaáls en tæknilegar bilanir hjá álverinu urðu að sögn fyrirtækisins til þess að flúor í gróðri fór yfir viðmiðunarmörk. Síðan þá hafi verið settar af stað ýmsar aðgerðir til að koma í veg fyrir að slíkt hendi aftur.



**9.9.2014** Ég tel fyrir mitt leyti að ganga þurfi lengra í fyrirvörum gagnvart leiðréttingunni. Tekjustofninn átti og á einvörðungu að vera skattur á þrotabú föllnu bankanna; hugmyndin er jú sú að lækka höfuðstól skuldara með því að flytja peninga frá þrotabúunum með skattlagningu yfir í vasa þeirra fyrrnefndu. ***Ögmundur Jónasson,** alþingismaður*

## 30 MILLJÓNA LÆKKUN

### Framlag til Fiskistofu lækkar



Heildarfjárveiting ríkisins til Fiskistofu á árinu verður um 902,2 milljónir króna samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi. Framlagið er um 30 milljónum króna lægra en í fyrra en jafngildir 4,3 milljóna króna lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs samkvæmt greinargerð sem fylgir frumvarpinu.

## *Hin hliðin*



**GUÐRÚN HÖGNADÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI FRANKLINCOVEY**

## Takk Guðríður

Flestir íslenskir vinnustaðir hefja haustið á ferskri rýni á grunnþáttum stefnumörkunar: Hlutverki og sýn, gildum, stefnu, markmiðum og leiðum. Fátt gefur tóninn í þeirri vinnu jafnvel og 1.000 ára einstök vegferð formóður margra Íslendinga: Guðríðar Þorbjarnardóttur – sem var ein víðförlasta kona miðalda.

Hún var fædd um 980 á Snæfellsnesi og var æska hennar mörkuð hrakningum. Hún missti fósturforeldra sína ung, henni var meinað að giftast fyrstu ástinni sinni – þrælssyni, og tveir fyrri eiginmenn hennar dóu, annar úr farsótt og hinn í sjóskaða. Farsælir vinnustaðir stíga jafnframt ölduna í lífsins ólgusjó, og læra af áföllum og mistökum og muna að deila þeim lærdómi með öllum kynslóðum starfsmanna.

Guðríður var haldin einstakri framsýni og tel ég tilgang hennar hafa verið að sækja á ný mið. Sú sýn færði henni æðruleysi og kjark á ferðum sínum en hún sigldi á opnu skipi til Vínlands með Þorfinni Karlsefni, þriðja eiginmanni, sínum og 160 manna föruneyti. Sýn hennar (e. vision) var að uppgötva, stefnan (e. mission) var skýr: að sækja vestur sem endaði í Hópi (Manhattan), og hluti af arfleifð hennar (e. legacy) er að vera móðir fyrsta hvíta mannsins sem fæddist í Ameríku: Snorra. Stefnan var vörðuð áföngum (e. goals) m.a. í bækistöðvum á Grænlandi til undirbúnings, vals á samferðafólki og til að kortleggja leiðina. Stefnumótun er afgerandi þáttur í farsælum rekstri – en þarf ekki að vera flókið ferli. Við þurfum einfaldlega að eiga svörin við spurningunum „Af hverju?“, „Hvað?“ og „Hvernig?“

**1) Af hverju?** – Hver er tilgangur vinnustaðarins? Sýn Guðríðar endaði ekki með uppgötvun Ameríku. Þaðan hrökkluðust þau heim til Íslands eftir útistöður við frumbyggja, en Guðríður hélt ótrauð áfram för sinni ein síns liðs, fótgangandi á sauðskinnsskónum til Ítalíu og dvaldi í Páfagarði við að rækta sína trú. Hún var ávallt sögð vel tengd við sín gildi (e. values). Rannsóknir undirstrika enn að langtímafarsæld vinnustaða byggist að miklu leyti á því hvernig þeir rækta og lifa gildin daglega.

**2) Hvað?** – Hvað ætlum við að gera til að þjóna okkar sýn? Líkt og Guðríður og föruneyti völdu leiðina vestur og hún síðan ein um Evrópu, þá er tryggð vinnustaða við stefnu afgerandi til árangurs. Þetta felur í sér að segja jafnvel nei við góðum hugmyndum, en já við þeim allra bestu. Ekki er síður mikilvægt að upplýsa samferðamenn stöðugt um stefnuna, þannig að þeir geti þjónað henni daglega með ákvörðunum sínum og hegðun.

**3) Hvernig?** – Því miður virðumst við oft byrja á að leita svara við þessari spurningu, í stað þess að tengja okkur við tilganginn. Langtímaárangur liggur í svari hópsins við spurningunni „Af hverju“?

Guðríður gekk aftur til Íslands eftir pílagrímsferð sína til Rómar – hún hafði þá siglt átta sinnum yfir úthöf og ferðast yfir þvera Evrópu. Hún gerðist einsetukona að Glaumbæ í Skagafirði og miðlaði af sínum fróðleik. Farsælir leiðtogar sem byggja sterka arfleið eru oft þekktir betur sem kennarar eða leiðbeinendur, fremur en harðstjórar.

Hvaða arfleið ætlar að þú að skilja eftir með þinni forgöngu og sýn?



# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!





40% afsláttur

**197** kr. askjan

Verð áður ~~329~~ kr. askjan
Plómur, 1 kg



50% afsláttur

**389** kr. kg

Verð áður ~~779~~ kr. kg
Græn vínber

# FYRST OG FREMST ÓDÝR




36% afsláttur

**1398** kr. pk.

Verð áður ~~2195~~ kr. pk.
Bio Kult, 60 hylki




31% afsláttur

**399** kr. pk

3 í pk.

Verð áður ~~585~~ kr. pakki
Hámark próteindrykkur
m/kaffi og karamellubragði, 3 x 250 ml




Dugar í 20-30 grauta

**1998** kr. pk.

Badia Chiafræ, 624 g

# YOGI TE
## í miklu úrvali

15% afsláttur




Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl



**2** | KL. 20:30

**Léttir sprettir**

Rikka fer hringinn í kringum landið í þessum nýju þáttum og skoðar spennandi útivist við allra hæfi.

# Frábært miðvikudagskvöld

**2** | KL. 20:50

**The Night Shift**

Nýtt læknadrama í anda Grey's Anatomy sem gerist á bráðamóttökunni í San Antonio.



**2** | KL. 21:35

**Mistresses**

Áhrifamikil mynd sem hlaut frábærar viðtökur á Sundance-kvikmyndahátíðinni.



**2** | KL. 22:20

**Covert Affairs**

Þriðja þáttaröðin af Covert Affairs sem fjallar um unga konu sem ráðin er til starfa hjá bandarísku leyniþjónustunni, CIA.



| KL. 22:00

**Rock Of Ages**

Stórskemmtileg mynd með Alec Baldwin, Russell Brand og Julianne Hough í aðalhlutverkum.



**3** | KL. 19:25

**Baby Daddy**

Gamanþáttaröð um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraþrepi hans.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! **365.IS**




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 6 | 4 | | 7 |
| | 2 | | | | 5 | | | |
| 8 | 5 | | | 4 | | 1 | 6 | |
| 7 | | 3 | 2 | 1 | | 6 | | |
| 9 | 6 | 2 | | 3 | | | | |
| 4 | | | 9 | | 7 | | | |
| 1 | | | | | 3 | | 8 | |
| 2 | | | | | | | 4 | 6 |
| | | | | 9 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 8 | | 7 | 5 | |
| | 2 | | | 3 | | 9 | 1 | |
| | 3 | | | | | | | |
| 2 | 5 | 8 | | 6 | | 4 | | 1 |
| | | | 4 | | | | | |
| | | 4 | | | 8 | | | |
| 1 | | 6 | | | | | 8 | 2 |
| | | 7 | 5 | | | | | |
| | 9 | | | | 4 | | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | 2 | 6 | 3 | | | 4 |
| | 8 | | | | | | 1 | |
| | | | 4 | 8 | | | | |
| 1 | | | | | | | 7 | |
| 3 | 6 | | | | 7 | | | 5 |
| 7 | 5 | | 3 | | 2 | 4 | | |
| | 3 | | | | 6 | | | |
| 2 | | | 9 | | | | 3 | |
| 9 | 4 | 5 | | | 8 | | | 2 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 8 | 6 | 7 | 9 | 5 | 3 | 1 |
| 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 7 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 4 | 3 | 2 | 6 | 8 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 1 | 8 | 7 | 2 | 3 |
| 2 | 1 | 4 | 3 | 5 | 7 | 6 | 8 | 9 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 9 | 6 | 4 | 1 | 5 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 6 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 5 | 4 | 2 | 7 | 8 | 1 | 3 | 9 | 6 |
| 8 | 6 | 7 | 9 | 3 | 4 | 1 | 5 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 7 | 3 | 4 | 1 | 9 | 2 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 2 | 5 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 1 | 4 | 2 | 6 | 8 | 9 | 5 | 7 | 3 |
| 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 7 | 3 | 2 | 5 | 9 |
| 7 | 2 | 8 | 9 | 1 | 5 | 3 | 4 | 6 |
| 9 | 7 | 6 | 1 | 2 | 8 | 4 | 3 | 5 |
| 4 | 3 | 5 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 |
| 2 | 8 | 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 7 | 3 | 9 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 2 | 5 | 4 | 7 | 9 | 6 | 3 |
| 9 | 3 | 4 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 8 |
| 7 | 9 | 3 | 8 | 5 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 7 | 3 | 5 |
| 2 | 6 | 5 | 1 | 7 | 3 | 8 | 4 | 9 |
| 3 | 8 | 1 | 7 | 2 | 5 | 6 | 9 | 4 |
| 4 | 2 | 6 | 9 | 8 | 1 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Tveir öflugustu stríðsmennirnir eru þolinmæði og tími.“

*Leo Tolstoj.*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** glansa, **6.** í röð, **8.** illæri, **9.** þunnur vökvi, **11.** Í röð, **12.** gafl, **14.** gróðabrall, **16.** samtök, **17.** þörungur, **18.** fát, **20.** leita að, **21.** ekki úti.

**LÓÐRÉTT**
**1.** samtals, **3.** kusk, **4.** verkfæri, **5.** tímabils, **7.** græn baun, **10.** samstæða, **13.** framkoma, **15.** gróft orð, **16.** ái, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** glja, **6.** lm, **8.** óár, **9.** lap, **11.** rs, **12.** stafn, **14.** brask, **16.** aa, **17.** sól, **18.** fum, **20.** gá, **21.** inni.
**LÓÐRÉTT: 1.** alls, **3.** ló, **4.** járnsög, **5.** árs, **7.** matbaun, **10.** par, **13.** fas, **15.** klám, **16.** afl, **19.** mm.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Þjóðverjinn Arkadij Naiditsch (2.715) hafði hvítt gegn landa sínum, Georg Meier (2.652), fyrir skemmstu í Baden-Baden.**

**Hvítur á leik:**



17. **Bxh6! c4** (17.…gxh6 18. g7+ Kxg7 19. Bxb7) 18. **Dxc4 Rb6** 19. **Dd3 gxh6** 20. **g7+! Kf7** 21. **Bf3 Dg8** 22. **Bh5+ Ke6** 23. **dxe5 Hf4** 24. **Rg6 Rxg6** 25. **Bxg6** og svartur gafst upp. Snarplega teflt!

**www.skak.is:** Haustmót TR hefst á sunnudag.

# GRIFFILL KVEÐUR LAUGARDALSHÖLLINA

# 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLU!

Nú er vera okkar í Laugardalshöllinni á enda. Við viljum þakka öllum okkar viðskiptavinum fyrir góðar móttökur.
Við viljum sýna ykkur þakklæti okkar með því að bjóða **25% AFSLÁTT** af öllum vörum í dag.

Inneignarnótur hjá Griffli geta viðskiptavinir notað í öllum verslunum Pennans – Eymundsson.
Penninn Eymundsson í Kringlu og Smáralind eru með sérlega gott úrval af náms- og skiptibókum.



## LAUGARDALSHÖLL

## GRIFFILL MARKAÐUR!

GRIFFILL SÍMI: 533-1010
WWW.GRIFFILL.IS
LAUGARDALSHÖLL

OPNUNARTÍMAR:
**AÐEINS Í DAG**
10-19

GRIFFILL



**LISTAMAÐURINN** Ívar verður með leiðsögn um Rás í Hafnarborg á fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Listaspjall

Ívar Brynjólfsson mætir í Hafnarborg í Hafnarfirði annað kvöld klukkan 20. Þar ætlar hann rölta um sýninguna Rás og rabba við gesti um verkin sem þar eru eftir hann.

Ívar lauk BFA-gráðu frá ljósmyndadeild San Francisco Art Institute árið 1988 og hefur sýnt víða bæði hér á landi og erlendis á einka-og samsýningum. Ljósmyndir hans takast á við þann ramma sem maðurinn býr sér til og skilur sig þannig frá öðrum dýrategundum.

Ívar er einn þeirra sex listamanna sem eiga verk á Rás og eru þekktir fyrir að gera huglægri reynslu efnisleg skil á áhrifaríkan hátt. - gun

# Kristinn hefur átt betri daga

TÓNLIST ★★☆☆☆

**Sönglög um svífandi fugla: Lög eftir Þorvald Gylfason við ljóð eftir Kristján Hreinsson.**

**FLYTJENDUR VORU KRISTINN SIGMUNDSSON, JÓNAS INGIMUNDARSON OG BRYNDÍS HALLA GYLFADÓTTIR.**

Menn þurfa ekki að vera starfandi tónlistarmenn til að vera góðir lagahöfundar. Sigvaldi Kaldalóns var læknir en samdi samt ódauðlegar söngperlur. Þorvaldur Gylfason er prófessor í hagfræði en hann sinnir líka tónsmíðum. Þær hafa ekki verið áberandi í tónlistarlífinu, en ég heyrði þó heillandi lag eftir hann á Menningarnótt í fyrra. Á sunnudaginn var blés hann til tónleika í Salnum í Kópavogi. Þá fluttu Kristinn Sigmundsson söngvari og Jónas Ingimundarson píanóleikari ásamt Bryndísi Höllu Gylfadóttur sellóleikara hvorki meira né minna en fjórtán lög eftir hann.

Yfirskrift tónleikanna var Sönglög um svífandi fugla. Lögin voru við ljóð eftir Kristján Hreinsson. Ljóðin eru vangaveltur um lífið og kærleikann sem bindur allt saman. Eins og titillinn ber með sér eru fuglar útgangspunkturinn. Þeir eru sennilega líking fyrir sálina og hugann sem flýgur um tilveruna, sér hana út frá ólíkum sjónarhornum og í mismunandi samhengi. Stemningin í ljóðunum er rómantísk og tilfinningaþrungin, lifandi og kraftmikil.

Heldur fannst mér laglínur Þorvalds daufar í samanburðinum. Þær voru vissulega fallegar, en aldrei þannig að þær væru beinlínis grípandi. Ef til vill má kenna útsetningum Þóris Baldurssonar um, en þær voru fremur tilþrifalitlar. Útsetningarnar voru þannig að meðleikurinn var í höndum píanó- og sellóleikara. Það var dálítið knúsað. Raddir hljóðfæranna beggja voru óþarflega oft á svipuðum stöðum á tónsviðinu. Þetta myndaði þykkan hljóm sem hálfpartinn yfirgnæfði rödd Kristins. Sellóið var aukinheldur býsna sterkt í sjálfu sér. Bryndís Halla virkaði eins og hún væri í samkeppni við sönghröddina. Heildarhljómurinn var ekki ánægjulegur áheyrnar.

Kristinn hefur átt betri daga. Hann virtist ekki sannfærður um það sem hann var að gera. Söngurinn var lengst af fremur flatur, þótt Kristinn reyndi af og til að blása lífi í tónlistina.

Tónleikadagskráin var einkennileg að því leyti að ljóðskáldið sat á sviðinu og sagði frá hverju ljóði áður en það var flutt. Þetta var misráðið. Betra hefði verið að leyfa tónlistinni og ljóðunum sjálfum að tala. Inngangur skáldsins að hverju lagi truflaði stemninguna. Það var alltaf verið að klippa á rauða þráðinn, ef svo má að orði komast. Maður komst aldrei almennilega inn í andrúmsloftið sem lá til grundvallar skáldskapnum og tónlistinni. Of mikið var verið að útskýra hvað við áheyrendur ÁTTUM að upplifa.



**ÆFT HEIMA Í STOFU** Kristinn og Jónas hafa oft átt góða spretti saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Útkoman var ansi klén. Það er synd því ég held að Þorvaldur hafi prýðilega hæfileika sem lagahöfundur. Eins og fyrr hefur komið fram kann hann að semja laglínur sem eru áheyrilegar og fallegar. En það er ekki nóg. Útsetningarnar þurfa að vera djarfari og hugmyndaríkari, og ég held að best væri að sleppa sellóinu næst.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Áheyrileg en daufleg tónlist sem var auk þess ekki nógu skemmtilega útsett.




Nýr Hyundai i10 4G Wi-Fi

Verðlaunabíll frá 1.990.000 kr.

Nýr Hyundai i10 hefur unnið til 10 verðlauna á síðastliðnum fjórum mánuðum og er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Með fullkominni 4G Wi-Fi tengingu geta farþegar auðveldlega breytt i10 í minnsta skemmtistað í heimi og sent beint frá skemmtilegum bíltúr með góðum vinum. Gerðu eitthvað skemmtilegt!

Nýi bíllinn er Hyundai

GE bílar, Reykjanesbæ, www.bilahusid.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080

HYUNDAI NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda

ENNEMM / SÍA / NM64331

# OPNUM Í DAG!

BÓKA LAGERSALA




Gjafir fyrir öll tækifæri!

Yfir 4000 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Allt að 90% afsláttur

## RISALAGERSALA á Fiskislóð 39

**OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19**




790 kr.




1.690 kr.




1.290 kr.




99 kr.

Dagatal 2014 eftir Hugleik




990 kr.




590 kr.




590 kr.




990 kr.




1.290 kr.




2.950 kr.




3.990 kr.




2.490 kr.

*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19**







# Útsaumsmynstrin blómstra

**Þegar Guðbjörg Ringsted byrjaði sinn listamannsferil var blýanturinn aðalverkfæri hennar. Nú hafa litirnir tekið völdin enda fara þeir blómamynstrum hennar vel. Guðbjörg hefur opnað sýningu í Bergi á Dalvík.**

„Ég tek útsauminn yfir á annað stig,“ segir Akureyringurinn Guðbjörg Ringsted glaðlega þegar forvitnast er um verk hennar á sýningunni í menningarhúsinu Bergi á Dalvík. Hún segir þema málverkanna vera útsaumsmynstur af íslenska kvenþjóðbúningnum sem öðlist sitt eigið líf í hennar meðförum. Þau standi ýmist kyrrlát eða flögri um á myndfletinum. „Þetta er leið til að slíta sig úr viðjum vanans,“ segir hún sposk.

Guðbjörg notar akrýlliti í verkin sín. Hún kveðst í upphafi hafa mundað blýantinn þegar hún fór að forma lauf og blóm en langt sé síðan penslarnir og litirnir tóku yfir.

Þetta er 30. einkasýning Guðbjargar en sú fyrsta var í heimabænum Akureyri fyrir þrjátíu og einu ári.

gun@frettabladid.is



**LISTAKONAN** „Ég tek útsauminn yfir á annað stig,“ segir hún. MYND/ÚR EINKASAFNI





**SÝNISHORN** Mynstrin á íslenska kvenbúningnum eru Guðbjörgu óþrjótandi uppspretta. Sum kyrrlát en önnur flögra um á myndfletinum.




# Staða listamannsins

**Eva Ísleifsdóttir myndlistarmaður opnar sýningu í SÍM salnum í Hafnarstræti 16 á morgun, fimmtudag.**

Hálfur listamaður er titill sýningar sem Eva Ísleifsdóttir opnar í sýningarsal Sambands íslenskra listamanna í Hafnarstræti 16 milli klukkan 17 og 19 á morgun, 11. september. „Ég tek portrettverk frægra listamanna og mála þau eins og þau séu brotin og bara hálf,“ segir hún.

En hver er meiningin? „Svona túlka ég stöðu og áhrif listamannsins í samfélaginu,“ segir hún. „Verkin breytast í táknmyndir fyrir það sem þessir listamenn standa fyrir.

Ertu þá að vísa til almenningsálitsins? „Nei, meira til eigin líðanar. Hugmyndirnar sem ég kalla fram í þessari sýningu liggja í andstæðunum. Togstreitu við að gangast undir ábyrgð listamannsins gagnvart samfélagi sínu, útskýringar og ástæður hans fyrir tilvist sinni og öfgum hans í að reyna útskýra þær.“

Sýningin er opin alla virka daga frá 10 til 16. til 23. september.

- gun



**HÁLFUR LISTAMAÐUR** „Verkin breytast í táknmyndir fyrir það sem þessir listamenn standa fyrir,“ segir höfundurinn Eva.

dyson

## ÖFLUGAR HÁGÆÐA RYKSUGUR

- Mikill sogkraftur
- Engir pokar
- Góðar loftsíur
- Minni rafmagnsnotkun

*Fyrir þá sem vilja aðeins það besta!*



Sem verkfræðingar verðum við að skoða og meta núverandi tækni og spyrja hvort til séu betri lausnir. Það er drifkrafturinn hjá Dyson - nýtt hugvit, nýjar lausnir. „Ég fann upp og þróaði Dyson Cyclone tæknina með þetta í huga. Ég vissi að það hlyti að vera til betri leið. Um það bil 5.127 frumgerðum síðar hafði ég fundið lausnina“.

James Dyson

**JAMES DYSON**
uppfinningamaður
cyclone vacuum tækninnar.





**NÝ KYNSLÓÐ**

# 15%

KYNNINGAR
**AFSLÁTTUR**
TIL 15. SEPTEMBER

*2ja ára ábyrgð á handryksugum og 5 ára ábyrgð á ryksugum.*



dyson

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Flottir instagrammarar á New York Fashion Week

Þeir sem hafa áhuga á tísku ættu að fylgjast með þessum á Instagram sem birta alls konar flottar myndir af tískuvikunni í New York.


@ BAGSNOB


@ BLAIREADIEBEE


@ CHIARAFERRAGNI


@ MANREPPELLER


@ SUSIEBUBBLE

# Afslappaður götustíll á tískuviku

Tískuvikunni í New York lýkur á morgun, fimmtudag. Lífið tók saman nokkrar myndir af mannlífinu á götum New York-borgar.


**FALLEGUR** svartur kjóll og sandalar.


**FALLEGAR** teinóttar buxur.


**BLOGGARINN KRISTINA BAZAN** er smart í hvítu við hvítt.


**STÍLISTINN** Ada Kokosar og bloggarinn Hanneli Mustaparta svalar í hvítu.


**BIRKENSTOCK-SANDALARNIR** eru flottir við smekkbuxur.


**LEIGH LEZARK** Plötusnúður er alltaf töff.


**SKEMMTILEGUR** munstraður samfestingur.


**AIMEE SONG** tískubloggari veit hvað hún syngur.


**LITRÍKUR KJÓLL** Skemmtilegt og smart dress.


**FALLEGIR SKÓR** úr haustlínu Stellu McCartney.

# Ljúffeng eplakaka með ostakökutvisti

Það er smá maus að gera þessa köku en langt frá því að vera flókið. Útkoman er nánast himnesk.

**Eplaostakaka**

Botn
- 2½ bolli hveiti
- ½ bolli ljós púðursykur
- ¼ tsk. salt
- 225 g mjúkt smjör

*Fylling:*
- 225 g mjúkur rjómaostur
- ½ bolli + 2 msk. hrásykur
- 2 stór egg
- 1 tsk. vanilludropar

*Eplafylling:*
- 3 græn epli, skorin í bita
- 1 tsk. kanill
- 2 msk. sykur

*Mulningur:*
- 1 bolli hveiti
- 1 bolli ljós púðursykur
- ½ bolli haframjöl
- 115 g mjúkt smjör

Hitið ofninn í 170°C og smyrjið kassalaga form. Byrjið á botninum. Blandið hveiti, púðursykri og salti saman. Því næst er smjörinu blandað saman við með höndunum. Setjið blönduna í formið og bakið í fimmtán mínútur.

Hrærið rjómaostinn létt og blandið sykrinum, eggjum og vanilludropum saman við. Hellið blöndunni yfir heitan botninn.

Því næst er komið að mulningnum. Blandið hveiti, púðursykri og haframjöli saman. Blandið smjörinu saman við með höndunum og setjið mulninginn til hliðar.

Blandið eplum, sykri og kanil saman og hellið eplunum yfir rjómaostsblönduna. Dreifið mulningnum yfir eplin og bakið í þrjátíu mínútur.

Geymist í ísskáp í allt að þrjá daga.

*Fengið af síðunni http://deliciouslysprinkled.com/*


**MMMMM** Þessi kaka svíkur engan.
MYND/DELICIOUSLYSPRINKLED




# NÝR STAÐUR BÍLDSHÖFÐA

**VIÐ BJÓÐUM YKKUR VELKOMIN Á NÝJAN OG GLÆSILEGAN STAÐ OKKAR Á BÍLDSHÖFÐA 12.**

**TÓLF ÁRA OG YNGRI BORÐA FRÍTT AF BARNAMATSEÐLI OG ÖLL FJÖLSKYLDAN FÆR LJÚFFENGAN EFTIRRÉTT. SVO ER ALLTAF LÍF OG FJÖR Í BARNAHERBERGINU!**

Tilboðið gildir til 16. september
í sal á Bíldshöfða.




PANTA & SÆKJA
5 78 78 74

SAFFRAN

Bíldshöfði • Bæjarhraun • Dalvegur • Glæsibær • N1 Ártúnsbrekku • **Skoðaðu matseðilinn á saffran.is**

## HÖLL MINNINGANNA: FRÁ BALDVINI Z TIL BALDVINS Z



**Baldvin Z** var einu sinni í hljómsveitinni Toy Machine.

Með honum í sveitinni var meðal annars **Árni Elliot.**



Árni er kærasti fyrirsætunnar og ljósmyndarans **Chloé Ophelia.**



Chloé varð í þriðja sæti í fegurðarsamkeppninni Ungfrú Ísland. is árið 2001. Sigurvegari í keppninni var **Kolbrún Pálína Helgadóttir.**

Kolbrún bar einnig sigur úr býtum í kynþokkakeppni Leyndardóms Victoriu á Tunglinu árið 1997. Í dómnefnd sátu **Ingvar Þórðarson**, þáverandi framkvæmdastjóri Loftkastalans, **Gerður Kristný** skáld og **Kjartan Þorbjörnsson** ljósmyndari.



Sá síðastnefndi er frá Akureyri eins og **Baldvin Z.**

# Töfrandi litir í Toronto

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Toronto í Kanada hófst 4. september og lýkur þann fjórtánda. Áætlað er að um hálf milljón manna sæki hátíðina ár hvert. Skærustu stjörnur kvikmyndabransans voru óhræddar við að leyfa litríkum fatnaði að njóta sín í ár.



**VÍGALEG Í VALENTINO** Amanda Seyfried í kjól frá Valentino og hælaskóm frá Jimmy Choo. NORDICPHOTOS/GETTY



**STAL SENUNNI** Leikkonan Naomi Watts klæðist hér kjól frá Antonio Berardi.



**TOPPTVENNA** Leikkonan Julianne Moore í kjól frá Chanel Couture og í skóm frá Christian Louboutin. Kollegi hennar Kate Bosworth í kjól frá Hugo Boss og í hælaskóm frá Kurt Geiger.



**SVARTUR OG SÍGILDUR** Leikkonan Reese Witherspoon í kjól frá Saint Laurent.



**GLÆSILEGAR** Fyrirsætan Cara Delevingne ásamt leikkonunni Kate Beckinsale, sem er í samfestingi frá Azzarro.

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010



**HIMINLIFANDI** Baldvin segir Vonarstræti hafa fengið góðar viðtökur í Toronto. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Troðfullt á Vonarstræti

Vonarstræti, mynd Baldvins Z, er sýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto og hefur vakið lukku. Búið er að selja myndina til Kanada, Danmerkur og Noregs.

„Þetta var ógeðslega gaman og gekk ótrúlega vel. Ég hefði aldrei búist við því að þetta yrði svona frábært," segir leikstjórinn Baldvin Z. Kvikmynd hans, Vonarstræti, eða Life in a Fishbowl eins og hún heitir á ensku, var tekin til sýningar á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto í Kanada sem nú stendur yfir.

Baldvin kom heim til Íslands í gær og er enn í skýjunum yfir viðtökunum á hátíðinni.

„Ég var viðstaddur tvær sýningar og það var troðfullt á þeim báðum. Það var mikið klappað í lokin og eftir þær var langur tími þar sem við svöruðum spurningum áhorfenda. Ég hef oft verið viðstaddur spurningar og svör en hef aldrei lent í því eins og þarna að það var klappað við sum svörin. Þarna var líka eldra fólk en maður er vanur að hitta í bíói og spurningarnar voru þroskaðar og flottar. Síðan lentum við í því að gefa þessu fólki eiginhandaráritanir eftir á og það var mjög gaman," segir hann.

Vonarstræti hefur skapað talsvert umtal hið ytra og hefur sýningarrétturinn nú þegar selst til Kanada, Danmerkur og Noregs. Þá eru samningaviðræður í gangi við Bandaríkin, Þýskaland, Sviss og Japan. Baldvin segist hafa fundið vel fyrir þessu umtali í Toronto.

„Við gerum okkur samt ekki vonir um neitt. Það er bara extra frábært að myndin veki umtal."

Leikstjórinn kunni vel við sig á hátíðinni.

„Það voru allir svo kurteisir og skemmtilegir og allir komnir til að njóta bíómyndanna. Svo er líka gaman að fylgjast með fólkinu sem er að fylgjast með fræga fólkinu. Það kemur með vatnsbrúsa og stóla og er greinilega vel þjálfað í því að sjá fræga fólkið."

liljakatrin@frettabladid.is

> **Við gerum okkur samt ekki vonir um neitt. Það er bara extra frábært að myndin veki umtal.**
> *Baldvin Z*

### Bjargaði degi Baldvins

Leikstjórinn og Íslandsvinurinn Darren Aronofsky sá Vonarstræti í Toronto og var ekki lengi að tísta jákvæð orð um myndina.

„Frábær mynd frá #Íslandi á @TIFF_NET Vonarstræti. Frábærir, íslenskir leikarar í mynd um líf sem skarast sem var fönguð á tilfinninganæman hátt," tísti Darren.

„Þetta tíst bjargaði deginum mínum á þessari hátíð," segir Baldvin Z. „Hann hefur sennilega verið á seinni sýningunni en við tókum ekki eftir honum. Hann tvítaði um leið og sýningin var búin og ég er hálffeginn að hafa ekki vitað af honum. Þá hefði ég örugglega verið mjög vandræðalegur eftir á," bætir hann við.



## Erlendir dómar um Vonarstræti

*„Baldvin Zophoníasson skapar félagslega slungna og vel uppbyggða sápuóperu með vændiskonu/einstæða móður, fyrrverandi fótboltastjörnu sem varð bankamaður og lufsulega fyllibyttu í aðalhlutverki. Zophoníasson fær það mesta úr þéttu leikaraliði, sérstaklega Þorsteini Bachmann."*

★★★★

Jim Slotek - **Toronto Sun**

*„Bragðdauf „Magnolia" þar sem sterkur leikur getur ekki bætt fyrir skort á frumleika."*

Jordan Mintzer - **Hollywood Reporter**

*„Þetta er metnaðarfullt verkefni eftir kvikmyndagerðarmanninn Baldvin Zophoníasson sem nær að halda í það mannlega í gegnum alla myndina."*

★★★

Trevor Hogg - **Flickering Myth**



**ÞORSTEINN BACHMANN VONARSTRÆTI**


RIGG VIÐBURÐIR
MIÐASALAN HEFST Í DAG KL. 12:00
MIDI.IS, HARPA.IS OG Í SÍMA 528-5050
MIÐAVERÐ 5990/7490/8490
RIGG VIÐBURÐIR
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FRAMLEIDDU HEIÐURSTÓNLEIKA FREDDIE MERCURY OG BAT OUT OF HELL:
MAGNI ÁSGEIRSSON STEFÁN JAKOBSSON DAGUR SIGURÐSSON
ERNA HRÖNN BERGSVEINN ARILIUSSON
U2
UPPLIFÐU KRAFTMIKLA TÓNLEIKA Í HÖRPU!
TÓNLEIKASÝNING
ELDBORG 24.OKTÓBER KL.20
TROMMUR: BENEDIKT BRYNLEIFSSON
GÍTAR: KRISTJÁN GRÉTARSSON
BASSI: RÓBERT ÞÓRHALLSSON
HLJÓMBORÐ: STEFÁN ÖRN
SLAGVERK: GUNNAR LEÓ
RADDSVEIT REYKJAVÍKUR
HLJÓÐMEISTARI: HAFFI TEMPÓ
LJÓSAMEISTARI: HELGI STEINAR
midi.is
HARPA

SAMbio.is







FADING GIGOLO
FRÁBÆR GAMANMYND MEÐ WOODY ALLEN, JOHN TURTURRO, SHARON STONE OG SOFÍU VERGARA Í AÐALHLUTVERKUM.

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR VIP 2D: | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D: | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D: | KL. 6 | 10 |
| FADING GIGOLO | KL. 8:10 | 12 |
| INTO THE STORM | KL. 10:20 | 12 |
| STEP UP: ALL IN | KL. 8 | 7 |
| FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ÍSL TAL 2D: | KL. 6 | L |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D: | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| LUCY | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 5:40 - 8 | 16 |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 3D TEXTALAUS: | KL. 10:20 | 16 |
| NINJA TURTLES | KL. 3D: 5:40 - 8 KL. 2D: 10:20 | 10 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D: | KL. 8 - 10 | 12 |
| FADING GIGOLO | KL. 10:30 | 12 |
| STEP UP: ALL IN | KL. 5:30 | 7 |
| INTO THE STORM | KL. 8 | 12 |
| FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ÍSL TAL 2D: | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D: | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| FADING GIGOLO | KL. 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 10:10 | 12 |
| JERSEY BOYS | KL. 5:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| PARÍS NORÐURSINS | KL. 8 - 10:20 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D: | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |
| INTO THE STORM | KL. 10:10 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| PARÍS NORÐURSINS | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| PARÍS NORÐURSINS LÚXUS | KL 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| TMNT 2D | KL 3.30 - 5.45 | 10 |
| TMNT 3D | KL 3.30 - 8 | 10 |
| THE GIVER | KL 5.45 - 10.15 | 12 |
| LET'S BE COPS | KL 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| EXPENDABLES | KL 8 - 10.40 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| PARÍS NORÐURSINS | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| THE GIVER | KL 8 - 10.15 | 12 |
| ARE YOU HERE | KL 10.40 | 12 |
| LET'S BE COPS | KL 5.45 - 8 | 12 |
| NIKULÁS Í FRÍI | KL 5.45 | L |
| DAWN ... PLANET OF THE APES | KL 10.15 | 14 |
| VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI | KL 5.20 | 14 |
| VONARSTRÆTI | KL 8 | 14 |

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| PARÍS NORÐURSINS | 5:30, 8, 10:10 | 12 |
| LIFE OF CRIME | 8 | 12 |
| TMNT 3D | 5:30 | 10 |
| LET'S BE COPS | 10:10 | 12 |
| THE EXPENDABLES | 10 | 12 |
| LUCY | 8 | 16 |
| AÐ TEMJA DREKAN SINN 2D | 5:30 | L |


## Tekur við af þekktum þáttastjórnanda

Breski leikarinn og þáttastjórnandinn James Corden mun taka við af Craig Ferguson, sem stjórnandi bandaríska spjallþáttarins The Late Late Show. Sagði Corden í tilkynningunni að það væri honum mikill heiður að taka við af jafn stórkostlegum sjónvarpsmanni eins og Ferguson er. Hann segist ætla að gera sitt allra besta til þess að gera góðan þátt fyrir Bandaríkjamenn. Corden er mjög þekktur í Bretlandi og stjórnar þar meðal annars sjónvarpsþættinum A League of Their Own ásamt því að leika í sjónvarpsseríunni The Wrong Mans. Ferguson mun láta af störfum í desember og fer þátturinn með Corden í loftið í janúar.



JAMES CORDEN

# Bjartsýni yfir meðallagi

BAKÞANKAR
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Láttu ekki svona, þetta verður komið upp á morgun eða hinn, í síðasta lagi á föstudag. Við höldum boðið á laugardaginn!“ Það var engan bilbug að finna á bóndanum. Með uppbrettar ermar mundaði hann sleggjuna og réðst á vegg. Ég hreifst með, það var ekki annað hægt. Auðvitað yrði þetta ekkert mál. Einingarnar voru svo til samsettar. Í raun snerist verkið bara um að raða inn og stinga í samband. Vippa niður eins og einum léttum millivegg eða veggstubb sem stóð lítið eitt út á gólfið. Það yrði fljótgert með sleggjunni, sem sveiflaðist nú svo glumdi í.

**FRAMKVÆMDIRNAR** komu óvænt upp. Við höfðum kíkt í búð eftir að hafa séð auglýsingu í blaði um útsölu, bara rétt til að skoða. Eftir stuttan dans við slyngan sölumann gengum við þó út með eitt stykki eldhús. Flutningabíll kom og fór og skyndilega var ekki hægt að komast um heima hjá okkur fyrir skápum, hillum og skúffum sem fylltu hvern fermetra. Við vorum ekki einu sinni búin að mæla! Við erum gjörn á þetta.

**SLEGGJAN** barðist nú um og molaði múrhúð utan af rammgerðri trégrind. Veggstubburinn ætlaði ekki að svíkja þann sem reisti hann og stóð af sér hvert höggið. Rafdrifinn múrbrjótur leysti þá sleggjuna af og bruddi í sig múrinn svo fínn steinsalli lagðist yfir hvern fersentimetra íbúðarinnar. Ekki fóru skáparnir upp það kvöldið. Né það næsta.

**EKKI** þriðja kvöldið heldur þar sem þá var nýja múrhúðin, sem varð að smyrja yfir óumbeðnar skemmdir eftir sleggjuna, að þorna. Gólfdúkurinn sem þurfti að skrapa upp tafði verkið enn. Píparinn var upptekinn. Rykug upp fyrir haus slógum við upp öðrum millivegg en ekki fóru skáparnir upp, kíttið þurfti að þorna.

**FRAMKVÆMDAPREKIÐ** var óðum að hverfa og ég reyndi að fá bóndann til að horfast í augu við tapaða baráttu. En hann var enn í ham, boðið skyldi haldið, í versta falli frestað fram á sunnudag.

**ÞAÐ** varð ekki. Nú er miðvikudagur og enginn skápur kominn upp. Kannski verður boð um jólin.

# Opnunarmynd RIFF er óður til Íslands

Kvikmyndin Land Ho! er opnunarmynd Reykjavik Film Festival í ár.

Bandarísk/íslenska kvikmyndin Land Ho! verður opnunarmynd RIFF sem sett verður í Háskólabíói 25. september næstkomandi. „Um er að ræða vegamynd í léttum dúr sem fjallar um tvo roskna vini og ferðalag þeirra fyrst um Reykjavík þar sem næturlífið er skoðað og svo er farið vítt og breitt um Ísland,“ segir Anna Margrét Björnsson hjá RIFF.

Myndin er að mestu tekin upp hér á landi. „Kvikmyndin hefur fengið afbragðsdóma vestanhafs og fékk meðal annars 78 prósent á kvikmyndasíðunni Rotten Tomatoes en hún var frumsýnd við góðar undirtektir á hinni virtu Sundance-hátíð í janúar,“ heldur Anna Margrét áfram.

Myndina telja aðstandendur RIFF vera eins konar óð til ferðamennskunnar á Íslandi. Á undanförnum árum hafa erlendir ferðamenn uppgötvað Ísland svo um munar, en hvað er það sem þeir koma til að sjá og hvernig sjá þeir okkur eru spurningar sem Land Ho! leitast við að svara.

„Aðstandendur myndarinnar, til að mynda leikstjórinn Martha Stephens, verða viðstödd frumsýninguna en meðal framleiðanda hennar eru Birgitta Björnsdóttir og Hlín Jóhannesdóttir. Fleiri Íslendingar eiga jafnframt þátt í gerð myndarinnar, til dæmis leika hin íslensku Daníel Gylfason og Þrúður Kristjánsdóttir hlutverk í myndinni.

Myndin fjallar um mága sem fjarlægjast hvor annan þegar annar skilur og hinn missir konu sína. Mitch, sem er skurðlæknir á eftirlaunum, býður Colin í heimsókn og narrar hann til að koma með sér til Íslands – staðarins sem getur kætt tvo gamla karla sem hafa fengið sinn skerf af vonbrigðum í lífinu. Eftir að hafa skoðað næturlífið í Reykjavík halda þeir út fyrir borgarmörkin. Mitch, sem er oft ansi beinskeyttur og jafnvel dónalegur, og Colin, sem er miklu fjarrænni, eru ólíkir en þeir tengjast þó sterkum böndum á ferð sinni um landið á meðan þeir fílósófera um lífið.

Fyrstu kvikmyndir Mörthu Stephens voru frumsýndar á SXSW-hátíðinni árin 2010 og 2012. Báðar unnu þær til verðlauna á kvikmyndahátíðum um víða veröld.

Opnunarmynd RIFF verður frumsýnd í Háskólabíói þann 25. september, eins og áður kom fram, en hátíðin stendur yfir frá 25. september til 5. október.

olof@frettabladid.is



**KVIKMYNDIN ER AÐ MESTU LEYTI TEKIN UPP Á ÍSLANDI** Myndin fjallar um mága sem ferðast saman til Íslands. MYND/RIFF



**MARTHA STEPHENS** er leikstjóri myndarinnar. MYND/RIFF



**BARNGÓÐ** Kim nýtur sín í móðurhlutverkinu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Vill fleiri börn

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian er tilbúin til að eignast annað barn en hún og rapparinn Kanye West eiga saman dótturina North sem er orðin eins árs.

Kim segir í samtali við Ellen DeGeneres að hún sé orðin sjóuð í því að hugsa um mörg börn enda hafi hún passað fyrir systur sína, Kourtney Kardashian.

„Ég hugsaði um frænku mína, frænda og dóttur mína. Baðaði þau öll þrjú, gaf þeim að borða, klæddi þau í náttföt og svæfði þau. Ég var bókstaflega grátandi. Það var svo erfitt með þrjú börn. Ég veit ekki hvernig mamma gerði þetta með sex börn,“ segir Kim. Hún vill þó eignast fleiri börn.

„Ég ætla að eignast tvö og sjá hvernig gengur. Ég held að ég eignist ekki sex. Kannski þrjú eða fjögur.“ - lkg



**ÞREYTT Á SLÚÐRINU** Taylor er í pásu frá ástinni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Engin stefnumót

Söngkonan Taylor Swift prýðir forsíðu tímaritsins Rolling Stone. Hún hefur átt í ástarsambandi við marga þekkta menn, þar á meðal Joe Jonas, Taylor Lautner, Jake Gyllenhaal og Harry Styles en nú er hún komin í pásu frá rómantík. Hún segist ekki hafa farið á stefnumót síðan hún hætti með Harry fyrir rúmlega einu og hálfu ári.

„Mér finnst eins og að það að fylgjast með ástalífi mínu sé orðið að dægradvöl almennings. Og mér líður ekki vel með að sjá honum fyrir þannig skemmtun lengur. Mér finnst ekki gaman að sjá glærusýningu af strákum sem ég hef deitað. Mig langar ekki að gefa grínistum tækifæri til að segja skrýtlur um mig á verðlaunahátíðum,“ segir Taylor og bætir við að hún hafi ekki orku í að vera ástfangin núna.

- lkg

KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS EUROPA CINEMAS BÍÓ ★ PARADÍS MIÐASALA Á midi.is




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI:
ALÞJÓÐLEG GRÍNHÁTÍÐ Á HEIMSMÆLIKVARÐA
3 DAGAR · 5 SÝNINGAR · 14 GRÍNISTAR · 24.-26. OKTÓBER Í HÖRPU
REYKJAVÍK COMEDY FESTIVAL 2014
RICKY VELEZ · JAMES ADOMIAN
ANDREW SCHULZ
NEW YORK'S FUNNIEST
KERRY GODLIMAN
HANNAH ÚR GAMAN-ÞÁTTUNUM DEREK
STEPHEN MERCHANT
MEÐHÖFUNDUR THE OFFICE
JIM BREUER
EINN AF 100 BESTU Í HEIMI, SAMKVÆMT COMEDY CENTRAL
ROB DEERING · HARRIET KEMSLEY
JOEL DOMMETT · SEAN MCLOUGHLIN
BBC PRESENTS: BEST OF FEST
ÁSAMT FYNDNASTA FÓLKI ÍSLANDS
ARI ELDJÁRN · DÓRI DNA · SAGA GARÐARS · ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON
MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10
20% ALLSHERJARAFSLÁTTUR AF HEILDARVERÐI
EF ÞÚ KAUPIR MIÐA Á ALLAR 5 SÝNINGARNAR*
* EINGÖNGU FÁANLEGUR Í MIÐASÖLU HÖRPU EÐA Í SÍMA 528-5050
wow air
Doritos
BOLI LÉTTÖL
WWW.RCF.IS OG WWW.SENA.IS/RCF
MIÐASALA Á MIÐI.IS, HARPA.IS, Í MIÐASÖLU HÖRPU OG Í SÍMA 528-5050
COMEDY FEST EUROPE
sena

## Gekk allt upp

**FÓTBOLTI** „Að vinna Tyrki 3-0 er eiginlega súrrealísk byrjun fyrir okkur,“ sagði Emil Hallfreðsson eftir sigurinn á Tyrklandi í gær.

„Við bjuggumst kannski ekki við svona stórum sigri en við erum ótrúlega sáttir eftir leikinn. Við byrjuðum miklu betur og vorum miklu ákveðnari.

„Við ákváðum í hálfleik að slaka ekkert á og héldum áfram í seinni hálfleik. Það gekk allt upp sem við lögðum upp með,“ sagði Emil sem bjóst við Tyrkjum sterkari en raun bar vitni.

„Þetta var kannski ekki þeirra dagur og við áttum allir toppdag sem var kannski það sem skildi á milli.“ **- gmi**



## Þetta er glæsileg byrjun hjá okkur

**FÓTBOLTI** Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska landsliðsins, var jarðbundinn eftir öruggan sigurinn á Tyrklandi í gær og passaði sig að fara ekki á flug líkt og leikmenn Íslands gerðu eftir sigur á Noregi í upphafi undankeppni EM fyrir fjórum árum.

„Hvað getur maður sagt. Þetta er glæsileg byrjun. Við ætluðum okkur sigur og markmiðin voru háleit. Við gerðum vel og vorum vel spilandi en þetta er bara byrjunin,“ sagði Aron Einar.

„Við erum ekki búnir að vinna neitt. Það er alveg klárt. Við þurfum að halda áfram og búa okkur undir næsta leik. Frábært að byrja svona vel eins og við gerðum á móti Noregi. Þið sáuð samt hvað gerðist þá, við töpuðum fyrir Kýpur. Við erum einbeittir og það þarf allt að ganga upp ef við ætlum okkur eitthvað í þessari keppni.

Við berum mikla virðingu fyrir Tyrkjum og þeir eru mjög sterkir en þetta var taktískur sigur hjá okkur líka,“ sagði Aron sem greindi pirring í tyrkneska liðinu er leið á leikinn.

„Svo missa þeir líka mann af leikvelli og við nýttum okkur okkar sóknir og gerðum virkilega vel. Við getum verið stoltir og stuðningurinn hér í kvöld, ég hef aldrei séð annað eins,“ sagði Aron Einar að lokum. **- gmi**



**ÖFLUGUR** Fyrirliðinn átti flottan leik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



**SJÓÐHEITUR** Kolbeinn skorar og skorar fyrir Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Frábært hjá öllu liðinu

**FÓTBOLTI** „Þetta var ansi gott verð ég að segja. 3-0 á móti Tyrkjum er eitthvað sem við erum ekki vanir. Þetta var frábær leikur hjá öllu liðinu,“ sagði Kolbeinn Sigþórsson sem skoraði þriðja mark Íslands í sigrinum á Tyrklandi í gær.

„Við verðum að reyna að spila svona í hverjum einasta leik. Ég held að við höfum spilað einn besta leik Íslands frá upphafi. Við spiluðum vel í nánast allar 90 mínúturnar. Við fengum mörg færi og lentum ekki í miklum vandræðum í vörninni. Við stjórnuðum leiknum og hefðum þess vegna getað unnið stærri sigur. Mér fannst ekki mikil hætta. Skipulagið var frábært og þeir komust ekkert í gegnum okkur. Þjálfarateymið undirbjó okkur vel,“ sagði Kolbeinn sem skoraði þriðja mark Íslands, skömmu eftir að Gylfi Sigurðsson kom Íslandi í 2-0. **- gmi**

## UNDANKEPPNI EM
### ÚRSLIT GÆRDAGSINS

| | |
|---|---|
| **Ísland - Tyrkland** | **3-0** |
| 1-0 Jón Daði Böðvarsson (18.), 2-0 Gylfi Þór Sigurðsson (75.), 3-0 Kolbeinn Sigþórsson (77.) | |
| **Kasakstan - Lettland** | **0-0** |
| **Aserbaijan - Búlgaría** | **1-2** |
| **Tékkland - Holland** | **2-1** |
| 1-0 Borek Dockal (21.), 1-1 Stefan de Vrij (55.), 2-1 Borek Dockal (90.+1) | |
| **Andorra - Wales** | **1-2** |
| 1-0 Ildefons Lima, víti (6.), 1-1 Gareth Bale (22.), 1-2 Gareth Bale (81.) | |
| **Bosnía - Kýpur** | **1-2** |
| **Króatía - Malta** | **2-0** |
| **Noregur - Ítalíu** | **0-2** |
| 0-1 Simone Zaza (16.), 0-2 Leonardo Bonucci (62.) | |



**ÓVÆNT** Tékkar gerðu sér lítið fyrir og skelltu Hollendingum í riðli Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**MARK!!!** Besti maður Laugardalsvallar í gær, Gylfi Þór Sigurðsson, skorar hér annað mark Íslands í leiknum. Hann fór algjörlega á kostum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Draumur í Dalnum

**Íslenska karlalandsliðið í fótbolta hóf undankeppni EM 2016 með látum á Laugardalsvelli í gærkvöldi þegar Tyrkjum var skellt í fyrsta leik, 3-0. Strákarnir okkar yfirspiluðu Tyrkina sem sáu aldrei til sólar.**

**FÓTBOLTI** „Það er ekkert annað hægt en að vera hamingjusamur þjálfari eftir svona leik,“ sagði Heimir Hallgrímsson, annar landsliðsþjálfara Íslands, glaðbeittur á fréttamannafundi eftir stórsigur Íslands á Tyrklandi, 3-0, í fyrsta leik liðsins í undankeppni EM 2016 á Laugardalsvellinum í gærkvöldi.

Heimir hafði ærna ástæðu til að brosa enda gekk nánast allt upp sem hann og Lars Lagerbäck settu upp fyrir leikinn. Þeir voru búnir að lesa leik Tyrkjanna eftir vináttuleik þeirra gegn Dönum á dögunum og settu upp leikáætlun sem gestirnir réðu ekkert við.

En það var svo frammistaða strákanna sem sigldi sigrinum í höfn. Strákarnir okkar hafa boðið okkur upp á marga flotta sigra undanfarin misseri, en þessi var sá alflottasti.

### Jón Daði svaraði kallinu

Það kom mörgum á óvart að sjá Jón Daða Böðvarsson í byrjunarliði Íslands, kannski enn frekar að sjá hann spila í framlínunni ásamt Kolbeini Sigþórssyni, en ekki á kantinum.

Þeir sem efuðust um ákvörðun þjálfaranna þurftu fljótt að afsaka sig. Selfyssingurinn harðduglegi lét strax finna fyrir sér, lagði upp dauðafæri og skoraði fyrsta mark leiksins með skalla, stuttu eftir að hafa skallað annan bolta í slána.

Það tók hann ekki nema 18 mínútur að skora sitt fyrsta mark í fyrsta mótsleiknum. Þvílík byrjun. En það var ekki bara Jón Daði sem lét vita af sér.

Strax frá fyrstu mínútu var ljóst hvort liðið vildi vinna leikinn. Strákarnir okkar sóttu án afláts og voru fljótir að vinna boltann aftur þegar hann tapaðist. Færin komu á færibandi, en inn vildi boltinn ekki oftar en einu sinni í fyrri hálfleik.

### Gylfi geislandi

Á meðan alþingismenn Íslands rifust um fjárlagafrumvarp við setningu Alþingis niðri í bæ ríkti þjóðarsátt um eitt; Gylfi Þór Sigurðsson er kominn aftur! Það var unaður að sjá Gylfa Þór stýra miðjunni, geislandi af sjálfstrausti eftir að fá loks að spila aftur í ensku úrvalsdeildinni.

Swansea gerði góð kaup í sumar og við þökkum Wales-verjunum kærlega fyrir að koma honum aftur í gang.

Hafnfirðingurinn var langbesti maður vallarins og fór oft og tíðum illa með miðjumenn Tyrklands. Samvinna hans og Arons Einars var eins og hún gerist best; Gylfi Þór tók fullkomin hlaup fram á meðan Aron Einar sat til baka og stöðvaði hverja sóknina á fætur annarri. Fyrirliðinn spilaði sinn langbesta leik í nokkurn tíma.

Þegar maður var farinn að óttast að Tyrkirnir myndu skora ósanngjarnt mark og jafna metin var það svo Gylfi sem kórónaði leik sinn með öðru marki leiksins.



**MAGNAÐUR** Jón Daði stimplaði sig inn í liðið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Smá heppnisstimpill yfir því, en hann vann sér inn fyrir markinu.

Kolbeinn Sigþórsson innsiglaði sigurinn með 16. landsliðsmarkinu í 24. landsleiknum. Þessi tölfræði verður alltaf ótrúlegri. Hann afgreiddi langa sendingu Ara Freys Skúlasonar í netið með hnitmiðuðu skoti.

Ari Freyr spilaði einnig mjög vel líkt og kollegi hans í hinni bakvarðarstöðunni, Theodór Elmar Bjarnason. Ari var þó hættulegri fram á við, en báðir geta gengið stoltir frá borði líkt og miðvarðaparið. Það er erfitt að sjá Kára og Ragnari haggað þar.

Sigurinn í gær var algjör draumabyrjun á keppninni. Þriggja marka sigur gegn arfaslökum Tyrkjum sem höfðu ekki roð við íslenska liðinu, hvað þá eftir að þeir misstu mann af velli í seinni hálfleik. Fatih Terim, þjálfari Tyrklands, talaði varla um annað en rauða spjaldið á blaðamannafundi eftir leik, en það var ekki það sem skildi liðin að. Í gærkvöldi spilaði Ísland Tyrkland einfaldlega út af vellinum.

### Pössum okkur

„Þetta var nánast fullkominn leikur fyrir okkur þjálfarana,“ sagði Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari á fréttamannafundi eftir leik. „Tyrkirnir voru með fimm menn nánast frammi en við færðum okkar varnarmenn þannig að þeir sköpuðu sér ekki neitt. Það er líka sjaldgæft að Ísland skapi sér svona mörg færi.“

Heimir var þó fljótur að vara við of mikilli gleði í ljósi þess sem gerðist í síðustu undankeppni.

„Síðast byrjuðum við vel og unnum Noreg í fyrsta leik en töpuðum svo fyrir Kýpur sem átti að vera slakara lið en við. Við ætlum ekki að brenna okkur á sama hlutnum tvisvar sinnum,“ sagði Heimir Hallgrímsson. **tomas@365.is**

## FRAMMISTAÐA ÍSLENSKA LIÐSINS

**HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON** **7**
Hafði lítið að gera, en varði það sem kom á markið, var traustur í loftinu og sparkaði ágætlega frá marki.

**THEODÓR ELMAR BJARNASON** **7**
Hentaði honum að Ísland sótti meira í leiknum en varðist. Nýtist betur sem sóknarbakvörður. Stóð sig samt mjög vel; var harður í vörninni og studdi vel við sóknarleikinn.

**KÁRI ÁRNASON** **7**
Traustur í vörninni og skilaði boltanum vel frá sér. Baneitraður í teig Tyrkjanna þar sem hann skapaði oft hættu og átti þátt í markinu sem Jón Daði skoraði.

**RAGNAR SIGURÐSSON** **7**
Miðvörður númer eitt hjá Íslandi í dag. Eins og klettur fyrir miðri vörninni, en samband hans og Kára verður bara betra með hverjum leiknum

**ARI FREYR SKÚLASON** **8**
Átti frábæran leik. Tyrkirnir komust ekki framhjá honum, sama hvað þeir reyndu, og hinum megin á vellinum tengdi hann vel við Emil og átti nokkrar gullfallegar fyrirgjafir.

**BIRKIR BJARNASON** **6**
Slakasti maður íslenska liðsins í gær. Fékk eitt dauðafæri sem hann klúðraði en átti annars erfitt uppdráttar. Missti boltann nokkrum sinnum á slæmum stöðum og gaf boltann nokkrum sinnum beint á mótherja.

**ARON EINAR GUNNARSSON** **8**
Fyrirliðinn spilaði sinn besta leik í nokkurn tíma. Samstarf hans og Gylfa Þórs á miðjunni var upp á tíu. Stöðvaði ófáar sóknirnar og skilaði boltanum alltaf á samherja.

**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON** **9**
Langbesti maður vallarins. Þvílíkur munur að hafa Gylfa í leikformi og geislandi af sjálfstrausti. Miðjumenn Tyrkja litu á köflum út eins og áhugamenn þegar þeir reyndu að ná boltanum af Gylfa. Skoraði mark á mikilvægum tímapunkti.

**EMIL HALLFREÐSSON** **7**
Flottur leikur hjá Emil á vinstri kantinum. Hann og Ari Freyr ná vel saman og léku Tyrkina nokkuð grátt í gærkvöldi. Átti nokkrar fínar fyrirgjafir í fyrri hálfleik, en hann hvarf aðeins í þeim síðari.

**JÓN DAÐI BÖÐVARSSON** **8**
Svona eiga menn að stimpla sig inn í fyrsta mótsleik. Var jafnbesti maður liðsins í fyrri hálfleik ásamt Gylfa og skoraði gott mark. Ákveðinn og ófeiminn við að hlaupa á tyrknesku vörnina.

**KOLBEINN SIGÞÓRSSON** **7**
Fór ekki mikið fyrir honum í fyrri hálfleik, en var að vanda sterkur í loftinu. Færðist alltaf nær því að skora í seinni hálfleik og svo datt markið inn. En ekki hvað?

## VARAMENN

**RÚRIK GÍSLASON FYRIR BIRKI BJARNASON Á 70. MÍN** **X**
Fín innkoma, en hafði ekki mikil áhrif á leikinn

**ÓLAFUR INGI SKÚLASON FYRIR GYLFA ÞÓR SIGURÐSSON Á 89. MÍN** **-**

**VIÐAR ÖRN KJARTANSSON FYRIR JÓN DAÐA BÖÐVARSSON Á 92. MÍN** **-**


ÍSLAND GOT TALENT
LEITIN ER HAFIN Á NÝ!
SKRÁÐU ÞIG Á STOD2.IS/TALENT
Við leitum að fólki á öllum aldri sem hefur einstaka hæfileika til að heilla þjóðina og verða áheyrnarprufur í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Reykjavík dagana 20. og 21. september. Langar þig að láta ljós þitt skína?
Fáðu þér áskrift! 365.IS

# Íris fékk á sig færri mörk en landsliðsmarkvörðurinn

Spútniklið Fylkis í Pepsi-deild kvenna hefur fengið á sig mun fleiri mörk eftir að landsliðsmarkvörðurinn Þóra Björg Helgadóttir tók við markvarðarstöðunni af Írisi Dögg Gunnarsdóttur.

**FÓTBOLTI** Fylkir hefur staðið sig með mikilli prýði í Pepsi-deild kvenna, en nýliðarnir, sem leika undir stjórn Rögnu Lóu Stefánsdóttur, sitja þegar þessi orð eru skrifuð í 3. sæti deildarinnar með 29 stig eftir 16 umferðir. Lykillinn að þessu góða gengi Fylkis er sterkur varnarleikur, en Árbæjarliðið hefur aðeins fengið á sig 17 mörk í leikjunum 16. Aðeins efstu tvö lið deildarinnar, Stjarnan (9) og Breiðablik (15), hafa fengið á sig færri mörk. Sóknarleikur Fylkis hefur að sama skapi ekki verið neitt sérstakur, en liðið hefur aðeins skorað 18 mörk, eða rétt rúmt mark að meðaltali í leik.

Íris Dögg Gunnarsdóttir byrjaði tímabilið í marki Fylkis og lék fyrstu átta leikina, áður en hún var lánuð til FH. Ástæðan fyrir brottför Írisar var koma landsliðsmarkvarðarins Þóru Bjargar Helgadóttur sem ákvað að ganga til liðs við Fylki eftir tæpan áratug í atvinnumennsku erlendis. Þóra er flestum fótboltaáhugamönnum að góðu kunn en hún hefur leikið yfir 100 A-landsleiki fyrir Íslands hönd, auk þess sem hún átti mjög farsælan feril í atvinnumennsku.

Sé litið á tölfræðina kemur hins vegar í ljós að Fylkir hefur fengið á sig mun fleiri mörk með Þóru í markinu en Írisi. Í fyrstu átta leikjum Fylkis í deildinni hélt Íris marki sínu sex sinnum hreinu og fékk aðeins á sig fimm mörk; þrjú gegn Íslandsmeisturum Stjörnunnar og tvö gegn Selfossi. Leikurinn gegn Selfossi var jafnframt hennar síðasti deildarleikur fyrir Fylki (allavega í bili).

Þóra lék sinn fyrsta deildarleik fyrir Fylki 15. júlí og hélt hreinu í 1-0 sigri. Hún hélt marki sínu einnig hreinu í öðrum 1-0 sigri gegn ÍA í næstu umferð. Síðan þá hefur Þóra fengið á sig tólf mörk í sex leikjum; fjögur gegn Breiðabliki og Selfossi, þrjú gegn Stjörnunni og eitt gegn FH. Alls hefur Þóra leikið átta deildarleiki fyrir Fylki, fengið á sig tólf mörk og haldið marki sínu fjórum sinnum hreinu.

Þessi fjölgun á mörkum sem liðið fær á sig hefur hins vegar ekki komið eins mikið niður á stigasöfnun Fylkis og ætla mætti. Árbæjarliðið fékk 14 stig í leikjunum átta sem Íris varði markið í, en hefur krækt í 15 stig í þeim átta leikjum sem Þóra hefur spilað. Fylkir á eftir að leika tvo leiki í Pepsi-deildinni; gegn Þór/KA á heimavelli og Aftureldingu á útivelli.

ingvithor @365.is

## FRAMMISTAÐA MARKVARÐANNA ÍRISAR DAGGAR OG ÞÓRU BJARGAR




| | Íris Dögg Gunnarsdóttir | Þóra Björg Helgadóttir |
|---|---|---|
| Leikir | 8 | 8 |
| Mörk | 5 | 12 |
| Mörk að meðaltali í leik | 0,63 | 1,5 |
| Haldið hreinu – leikir | 6 | 4 |
| Stig | 14 | 15 |



**HETJA** Schumacher nýtur gríðarlegra vinsælda um víða veröld. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Schumacher kominn heim

**FORMÚLA 1** Michael Schumacher, einn besti ökuþór allra tíma, er farinn af spítalanum í Lausanne í Sviss og heldur endurhæfingu áfram á heimili sínu. Schumacher slasaðist alvarlega á höfði á skíðum í frönsku Ölpunum þann 29. desember síðastliðinn og var hann í dái á spítala í Frakklandi í marga mánuði.

Eftir að hann vaknaði úr dáinu var ákveðið að færa hann á spítala nær heimili hans í Sviss.

Talskona Schumachers, Sabine Kehm, staðfesti að hann væri á leiðinni heim til þess að halda áfram endurhæfingunni en minnti á að það væri enn langur vegur eftir.

„Hann mun halda endurhæfingunni áfram heima hjá sér. Við höfum náð góðum árangri undanfarnar vikur en það er mikið eftir í þessari baráttu.“ - kpt


# Íþróttasjóður

Umsóknarfrestur til **1. október**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Íþróttasjóði sem starfar samkvæmt lögum nr. 64/1998 og reglugerð nr. 803/2008.

**Veita má framlög til eftirfarandi verkefna:**

- Sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana
- Útbreiðslu- og fræðsluverkefna
- Íþróttarannsókna
- Verkefna samkvæmt 13. gr. íþróttalaga

Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á www.rannis.is **Umsóknum skal skila á rafrænu formi.**

**Nánari upplýsingar** veitir Andrés Pétursson, andres.petursson@rannis.is, sími 515 5833.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun




**FRÁBÆR ÁRANGUR** Íslensku strákarnir fagna marki í undankeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Komnir í EM-umspilið

U-21 árs liðið getur komist á EM í Tékklandi.

**FÓTBOLTI** Íslenska U-21 árs landsliðið er komið í umspil um laust sæti á EM. Þetta var staðfest í kvöld þegar riðlakeppninni lauk endanlega.

Sigurvegarar allra tíu riðlanna fóru sjálfkrafa í umspil en fjögur bestu liðin í öðru sæti fara líka þangað og berjast um sjö laus sæti á mótinu en alls taka átta lið þátt.

Ísland nældi í dýrmætt jafntefli í Frakklandi á mánudag sem að lokum skilaði liðinu inn í umspilið. Þá skoraði Kristján Gauti Emilsson mark Íslands í 1-1 jafntefli.

Lokakeppnin fer fram í Tékklandi seinni hlutann í júní á næsta ári. Tékkland er því öruggt um sæti í keppninni.

Dregið verður á föstudag um hvaða lið mætast í umspilinu en það fer fram 8. og 14. október næstkomandi.

Þetta er í annað sinn sem Ísland kemst í umspilið fyrir EM en það gerðist síðast árið 2010 er Ísland sló Skotland út úr keppni og komst í lokakeppni í fyrsta skiptið. Vonandi nær þetta efnilega lið okkar að endurtaka þann leik. - hbg



**ÓPOLINMÆÐI** HSÍ hefur fengið nóg af vinnubrögðum IHF. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Sitjum ekki hjá hljóðalaust

**HANDBOLTI** Von er á opinberri yfirlýsingu frá Handknattleikssambandi Íslands á morgun vegna ákvörðunar IHF að úthluta Þýskalandi sæti á Heimsmeistaramótinu í handbolta sem fer fram í Katar í upphafi næsta árs. IHF ákvað að draga Ástralíu úr leik og úthluta Þýskalandi sætinu þrátt fyrir að EHF hefði tilkynnt HSÍ að Ísland væri fyrsta varaþjóð frá Evrópu inn á mótið.

Guðmundur B. Ólafsson, framkvæmdastjóri HSÍ, staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að HSÍ myndi senda frá sér yfirlýsingu þar sem næsta skref yrði tilkynnt því HSÍ ætlaði ekki að sitja þegjandi hjá en Ísland hefur þegar krafist þess að IHF dragi til baka ákvörðun sína án árangurs. - kpt


# Sterkari saman

Tvö lyfjaform samtímis geta skilað árangri fyrr




+




eða




Hjá þeim sem finna fyrir aukinni reykingaþörf getur skjótvirkt nikótínlyf, t.d. 2 mg Nicorette lyfjatyggigúmmí eða innsogslyf samtímis forðaplástrinum skilað árangri fyrr.

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

**Nicorette nikótínlyf** (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. **Skammtar** eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf 12 tappar, forðaplástur 1 stk. Nota má forðaplásturinn einan og sér eða samtímis Nicorette lyfjatyggigúmmíi eða innsogslyfi. Koma á forðaplástrinum fyrir á hárlausri, óskaddaðri húð og fjarlægja eftir u.þ.b. 16 klst. Venjulega á að hætta meðferð með forðaplástri eftir 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem hafa aldrei reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir, eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, óméðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, virkt skeifugarnar- eða magasár, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgur, exems- eða ofnæmishúðbólgu (forðaplástur) eða langvarandi sjúkdóma í koki eða berkjusjúkdóma (innsogslyf). Lyfjatyggigúmmí inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, sem getur valdið ertingu í slímhúð, xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif og Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með frúktósaóþol ekki nota það. Lyfjatyggigúmmí getur fest við gervitennur og í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær. Forðaplásturinn getur valdið ertingu í húð og snertiofnæmi. Hætta skal notkun ef alvarleg eða viðvarandi staðbundin viðbrögð á notkunarstað koma fram. Ef snertihúðbólga kemur fram geta mikil húðviðbrögð komið fram við notkun annarra nikótínlyfja eða reykingar. Forðast skal snertingu við augu og nef. **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið/fargið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000. IS/NIC-C/2014-08/2

# GLÆSILEG HÖNNUN
## FRAMÚRSKARANDI MYNDGÆÐI



**Ný LED 7000 og 7500 sjónvörp frá Samsung. Stærðir 46“ og 55“**

EISA AWARD Best Product 2014-2015
FULL HD TV
Samsung UE55H7005

nánar um
# HAUSTTILBOÐ
á samsungsetrid.is



**Ný LED 8000 og 8500 sjónvörp frá Samsung. Stærðir 48“ 55“ 65“ og 78“**

Curved UHD TV

ORMSSON

SAMSUNG SETRIÐ

**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is**
OPIÐ VIRKA DAGA KL.10–18 · LAUGARDAGA KL.11–15

**SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is**
OPIÐ VIRKA DAGA KL.10–18 · LAUGARDAGA KL.12–16

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR · BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |



## Stöð 2 kl. 20.30
**Léttir sprettir**

Rikka ætlar að hvetja fólk til að standa upp úr stólnum og finna íþrótt sem hentar viðkomandi og bera með því ábyrgð á eigin heilsu.

## Í KVÖLD



**Stefnuræða forsætisráðherra**
**RÚV KL. 19.35** Bein útsending frá Alþingi þar sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína og fram fara umræður um hana.



**How I Met Your Mother**
**STÖÐ 2 KL. 20.05** Níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvenig Ted kynntist barnsmóður sinni.



**Homeland**
**GULL KL. 21.00** Önnur röð þessara mögnuðu spennuþátta þar sem við fylgjumst við með Carrie Mathieson, starfsmanni bandarísku leyniþjónustunnar.

## Bylgjan kl. 16.00
**Reykjavík síðdegis**

Þorgeir, Kristófer og Bragi með þjóðmálaumræðu sem skiptir máli.






## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Malcolm In the Middle
**08.25** Wipeout
**09.10** Bold and the Beautiful
**09.30** Doctors
**10.10** Spurningabomban
**11.00** Grand Designs
**11.50** Grey's Anatomy.
**12.35** Nágrannar
**13.00** Cold Feet 5
**13.55** Episodes
**14.25** Smash
**15.10** Arrested Development
**15.40** Xiaolin Showdown
**16.00** Grallararnir
**16.25** The Michael J. Fox Show
**16.50** The Big Bang Theory
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður Ítarlegt veðurfréttayfirlit.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Bad Teacher *(1/13)* Bandarískur gamanþáttur sem byggður er á samnefndri kvikmynd um kennslukonu sem er ekki starfi sínu vaxin en notar kynþokkann sér til framdráttar.
**19.40** The Middle *(17/24)*
**20.05** How I Met Your Mother *(21/24)*
**20.30** Léttir sprettir
**20.50** The Night Shift *(8/8)*
**21.35** Mistresses *(13/13)*
**22.20** Covert Affairs
**23.05** Enlightened
**23.35** NCIS
**00.20** Major Crimes
**01.05** True Stories
**01.55** The Blacklist
**02.40** The Blacklist
**03.25** The Blacklist
**04.10** Red Lights

## SPORT
*besta sætið*

**07.00** Tékkland - Holland
**08.45** Leiðin til Frakklands
**12.55** Aserbaídsjan - Búlgaría
**14.35** RN Löwen - Hamburg
**15.55** Þýsku mörkin
**16.25** Ísland - Tyrkland
**18.05** Gummersbach - RN-Löwen BEIN
**19.35** Euro 2016
**20.25** Tékkland - Holland
**22.10** Leiðin til Frakklands
**23.10** Gummersbach - RN-Löwen
**00.30** Kasakstan - Lettland

## SPORT 2
*enski boltinn*

**07.00** Andorra - Wales
**11.50** MK Dons - Man. Utd.
**13.35** Newcastle - Crystal Palace
**15.25** Man. City - Stoke
**17.05** Ungverjaland - Norður-Írland
**18.45** Andorra - Wales
**20.30** Premier League World
**21.00** QPR - Sunderland
**22.45** Football League Show 2014/15
**23.15** Leicester - Arsenal

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**17.30** Last Man Standing
**17.55** Guys With Kids
**18.15** Hart of Dixie
**19.00** Jamie's 30 Minute Meals
**19.25** Baby Daddy
**19.50** Who Do You Think You Are?
**20.50** Utopia
**21.45** Gang Related
**22.30** Damages
**23.20** Wilfred
**23.40** Originals
**00.20** Hart of Dixie
**01.05** Jamie's 30 Minute Meals
**01.30** Baby Daddy
**01.50** Who Do You Think You Are?
**02.50** Utopia
**03.45** Gang Related
**04.30** Damages
**05.15** Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Skógardýrið Húgó **08.44** Gulla og grænjaxlarnir **08.56** Tommi og Jenni **09.00** Lukku-Láki **09.25** Latibær **09.47** Hvellur keppnisbíll **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar **10.45** Doddi litli **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Skógardýrið Húgó **12.44** Gulla og grænjaxlarnir **12.56** Tommi og Jenni **13.00** Lukku-Láki **13.25** Latibær **13.49** Hvellur keppnisbíll **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar **14.45** Doddi litli **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Skógardýrið Húgó **16.44** Gulla og grænjaxlarnir **16.56** Tommi og Jenni **17.00** Lukku-Láki **17.25** Latibær **17.49** Hvellur keppnisbíll **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar **18.45** Doddi litli **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Elías og Fjársjóðsleitin **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.30** Strákarnir
**17.55** Frasier
**18.20** Friends
**18.40** Seinfeld
**19.25** Modern Family
**19.50** Two and a Half Men
**20.10** Örlagadagurinn
**20.40** Heimsókn
**21.00** Homeland
**21.55** Chuck
**22.40** Cold Case
**23.25** Shameless
**00.15** E.R.
**01.00** Boss
**01.55** Örlagadagurinn
**02.25** Heimsókn
**02.45** Homeland
**03.40** Chuck
**04.20** Cold Case
**05.05** Shameless
**06.00** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓSTÖÐIN

**12.05** Spy Kids 4
**13.35** Dolphin Tale
**15.25** Bowfinger
**17.00** Spy Kids 4
**18.30** Dolphin Tale
**20.20** Bowfinger
**22.00** Rock of Ages
**00.05** Universal Soldier /Day of Reckoning
**01.55** Son of No One
**03.30** Rock of Ages

## RÚV

**16.35** Martin læknir
**17.20** Disneystundin
**17.21** Finnbogi og Felix
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Nýi skólinn keisarans
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Eldað með Niklas Ekstedt
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Stefnuræða forsætisráðherra Bein útsending frá Alþingi þar sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína og fram fara umræður um hana.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Ó, borg, mín borg Chicago Heimildarmynd um Matthildi Jónsdóttur Kelley sem fluttist ung til Chicago.
**23.20** Njósnadeildin
**00.15** Fréttir
**00.25** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.30** 90210
**15.15** Catfish
**16.00** King & Maxwell
**16.45** Extant
**17.30** America's Funniest Home Videos
**17.55** Dr. Phil
**18.35** The Tonight Show
**19.20** The Talk
**20.05** 30 Rock Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Fregnir herma að Avery, eiginkonu Jack, hafi verið sleppt úr norðurkóreskri prísund sinni, Jack til mikillar gleði.
**20.25** America's Next Top Model Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Þetta er í fyrsta skipti sem fleiri en 14 þátttakendur fá að spreyta sig í keppninni enda taka piltar líka þátt í þetta sinn.
**21.10** Fleming
**22.00** Vexed
**23.00** The Tonight Show
**23.45** Revelations
**00.30** Fleming
**01.15** Vexed
**02.15** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.00** Golfing World 2014 **13.50** PGA Tour 2014 - Highlights **14.45** US Open 2014 **17.00** European Tour 2014 **17.45** Golfing World 2014 **18.35** Champions Tour 2014 **19.30** Countdown to the Ryder Cup 2014 **19.55** Web.com Tour Highlights **20.50** European Tour 2014 - Highlights **21.35** Golfing World 2014 **22.25** Champions Tour 2014 **23.20** Countdown to the Ryder Cup

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





**SALA Á FORSÝNINGAR HEFST Í DAG KL. 10!**

LEIKHÚSGESTIR FÁ 1.000 KRÓNA AFSLÁTT Á FORSÝNINGAR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

Sun 21/9 kl. 20 Forsýning
Mán 22/9 kl. 20 Forsýning
Þri 23/9 kl. 20 Forsýning
Mið 24/9 kl. 20 Forsýning

**Fim 25/9 kl. 20 Frumsýning UPPSELT**

Nældu þér í forsýningarmiða á Kenneth Mána í Borgarleikhúsinu!

MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS

BORGARLEIKHÚSIÐ Í SAMSTARFI VIÐ SAGA FILM

## MORGUNMATURINN



**„Morgunmaturinn minn er fjölbreyttur en minn uppáhalds er bláberjabomba sem inniheldur bláber, haframjöl, kókosolíu og vatn. Ég kreisti svo hálfa sítrónu út í kalt vatn og ómissandi er heitur kaffibolli sem er uppskriftin að góðum degi.“**

Unnur Pálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Fusion og einkaþjálfari í World Class.

# Leita að töfrateppi fyrir tónleika

Hjálmar starfa með dj. flugvél og geimskipi og hinum norska Erlend Øye.

Reggísveitin Hjálmar sendi í gær frá sér nýtt lag sem ber heitið Tilvonandi vor. Það er engin önnur en Steinunn Eldflaug Harðardóttir eða dj. flugvél og geimskip sem ljær laginu sinn sérstaka hljóm. Hún mun koma fram með Hjálmum á 10 ára afmælistónleikum þeirra í Hörpu þann 26. september.

„Ég hef verið mikill aðdáandi Steinunnar síðan ég heyrði tónlistina hennar fyrst. Ég átti nú ekki von á því að strákarnir myndu kaupa þetta en við buðum henni í heimsókn þar sem hún kom með öll litlu tækin sín,“ segir Guðmundur Kristinn Jónsson, meðlimur sveitarinnar, um samstarfið. Hljómsveitin segist nú leita að töfrateppi fyrir tónleikana en þeir vilja að Steinunn komi svífandi inn á sviðið á töfrateppi. Í tilkynningu frá Hjálmum segir að þeir sem geti orðið að liði séu beðnir um að hafa samband.

Sama dag kemur út tvöföld plata á vegum Senu er nefnist Skýjaborgin og inniheldur öll bestu lög Hjálma ásamt nokkrum lögum sem hafa

> **Ég hef verið mikill aðdáandi Steinunnar síðan ég heyrði tónlistina hennar fyrst.**
>
> *Guðmundur Kristinn Jónsson, gítarleikari í Hjálmum*

verið óútgefin hingað til. Þá kemur bráðum út plata sem Hjálmar unnu með norska tónlistarmanninum Erlend Øye úr hljómsveitinni Kings of Convenience. - þij



**SAMSTARF** Dj. flugvél og geimskip í samstarf með Hjálmum.

# Bítlarnir til Íslands

Hljómsveitin The Bootleg Beatles, ein vinsælasta heiðurshljómsveit heims, er á leið til Íslands. „Þetta er líklega það næsta sem þú kemst því að sjá Bítlana.“



**BÍTLAR** Hljómsveitin The Bootleg Beatles er á leið til landsins. MYND/EINKASAFN

„Fyrir sanna Bítlaaðdáendur er þetta líklega það næsta sem þú kemst að því að sjá sjálfa Bítlana,“ segir tónleikahaldarinn Guðbjartur Finnbjörnsson en hann stendur fyrir tónleikum einnar vinsælustu heiðurshljómsveitar í heimi, The Bootleg Beatles.

The Bootleg Beatles hafa hvarvetna í heiminum fengið frábæra dóma fyrir hljómleika sína og margir staðið agndofa yfir því hversu flott þetta er, hvað strákarnir eru góðir hljóðfæraleikarar og hversu vel þeir ná John, Paul, George og Ringo bæði í útliti og eins í söng og framkomu. „Með þeim verður einnig strengja- og blásarasveit og geta þeir því tekið flóknari lög, sem Bítlarnir gerðu seinna á ferlinum og lögðu ekki í að flytja sjálfir á hljómleikum,“ bætir Guðbjartur við. Farið er yfir allan feril sveitarinnar á tónleikunum og skiptast þeir í fjóra hluta.

Hann segir einnig að meðlimir Bítlanna hafi kommenterað á heiðurssveitina. „Sveitin spilaði á fimmtíu ára krýningarafmæli Elísabetar drottningar og þar kom Paul McCartney einnig fram. Sagan segir að Paul hafi beðið þá um að spila ekki neitt af því sem hann ætlaði sjálfur að spila á tónleikunum. George Harrison sagði víst við þá á sínum tíma að þeir kynnu hljómana betur en hann sjálfur,“ segir Guðbjartur léttur í lundu. The Bootleg Beatles hefur verið starfrækt frá árinu 1982 og komið fram á yfir 4.000 tónleikum út um allan heim. „Sá sem leikur Paul McCartney er rétthentur en spilar örvhent á bassann til þess að ná Paul fullkomlega, þeir nota líka allir sams konar hljóðfæri og Bítlarnir notuðu.“

Sveitin kom fram hér á landi árið 2012 við mikla hrifningu og endurtekur leikinn ásamt strengja- og blásarasveit í Háskólabíói 24. og 25. október. gunnarleo@frettabladid.is

## Brot úr ferli sveitarinnar

- The Bootleg Beatles hafa spilað lög Bítlanna frá árinu 1982 og hafa haldið yfir 4.000 tónleika.
- Fimm sinnum á Glastonbury.
- Átján sinnum í The Royal Albert Hall.
- Prisvar sinnum á Hróarskeldu.
- Seldu upp í Budokan-höllina í Japan.
- Hafa spilað á Wembley-leikvanginum.
- 50 ára krýningarafmæli Elísabetar drottningar.
- Hitað upp fyrir til dæmis Oasis á frægum tónleikum þeirra í Earl's Court árið 1995 og fluttu svo „I Am The Walrus“ með Oasis í lok hljómleikanna.

Travis
David Bowie
Rod Stewart
Simple Minds

# Í líki Noregskonungs

Víkingurinn Gunnar Víking Ólafsson bregður sér í líki Noregskonungs á hinum ýmsu víkingasýningum. Hann berst í orrustum og kynnir Ísland um heim allan.

„Það er mikill heiður að vera kominn í þetta, ég er líka að auglýsa Reykjavík og Ísland sem er auðvitað aðalvíkingaþjóðin,“ segir Gunnar Víking Ólafsson víkingur en hann er á leið til Englands þann 19. september í annað sinn til að leika Harald harðráða Sigurðsson Noregskonung í víkingasýningu. Umrædd sýning fer fram árlega undir nafninu Orrustan við Stamford Bridge eða hin gleymda orrusta. „Víkingaorrusta á milli Norðmanna og Englendinga var háð á nákvæmlega þessum stað árið 1066 og er þessi hátíð haldin á ári hverju á sama tíma árs og orrustan fór fram fyrr á öldum,“ útskýrir Gunnar.

Nokkur þúsund manns koma árlega á sýninguna og í henni taka þátt nokkur hundruð manns. „Menn eru að berjast og þetta eru alvöru vopn en ekki jafn beitt og upprunalegu vopnin. Þetta getur samt verið sárt en menn eru ekki að reyna drepa hver annan en við viljum búa til gott sjó,“ bætir Gunnar við.

Hann hefur einnig tekið þátt í svokallaðri Hastings-orrustu á Suður-Englandi og þar börðust allt að þrjú þúsund manns.

Gunnar er félagi og formaður í Einherjum sem eru víkingafélag Reykjavíkur en það var stofnað árið 2008. „Það eru líklega um það bil tíu félög á Íslandi og um 200 manns sem stunda víkingaæfingar af einhverju viti.“ Hann og félagar hans í Einherjum hittast hverja helgi þar sem félagið iðkar ýmsar æfingar. „Við erum með víkingahátíð um miðjan júlí og erum strax farnir að búa okkur undir næstu hátíð,“ bætir Gunnar við. Hann segist þó ekki taka þátt í hlutverkaleikjum í Öskjuhlíðinni. „Þetta svokallaða LARP er flott fyrir krakka og unglinga til þess að undirbúa þá fyrir æfingar með alvöru vopnum, sem við notum.“

Gunnar er einnig á leið til Bandaríkjanna sem víkingur og fer vestur um haf fljótlega eftir orrustuna á Englandi. „Ég verð víkingur ásamt Ragnari, sem er lukkudýr Minnesota Vikings í bandarísku NFL-deildinni, á leik á móti Atlanta Falcons. Þetta kom til af því að ég er að fara á stærstu víkingahátíð í Bandaríkjunum í október. Þegar forráðamenn liðsins vissu að það væri íslenskur kóngur og víkingur að koma vildu þeir fá mig. Þetta verður örugglega ótrúlega gaman,“ útskýrir Gunnar. Hann er fæddur á Íslandi en bjó í Kaliforníu í tuttugu ár þegar hann var yngri. „Ég var líka mikill stuðningsmaður Minnesota Vikings þegar ég var yngri, víkingaáhuginn kom snemma fram.“

Gunnar heitir Gunnar Víking og er ástæða fyrir því. „Þegar ég varð fimmtugur sagði mamma mér að hún hefði ætlað að skíra mig öðru nafni, eða Víkingur Þór. Þá fattaði ég af hverju ég hef alltaf haft svona mikinn áhuga á víkingum og fékk mér millinafnið Víking.“ Þá er hann einnig með bílnúmerið Víking.

gunnarleo@frettabladid.is



**HRAUSTMENNI** Gunnar Víking Ólafsson tekur þátt í orrustum víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ýmislegt um víkinginn Gunnar

- Hann er 53 ára gamall og leikur Harald Sigurðsson Noregskonung í orrustu við Englendinga.
- Hann bjó í Kaliforníu í tuttugu ár á sínum yngri árum og gekk þá um í Minnesota Vikings-búningi. Hann er einmitt að fara að leika víking á NFL-leik ásamt Ragnari víkingi sem er lukkudýr Minnesota Vikings.
- Hann er með bílnúmerið Víking.
- Hann stofnaði mótorhjólagrúppu sem heitir Norse Riders og í eru hjólamenn sem hafa áhuga á víkingum og ásatrú. Félagið hefur haslað sér völl í Noregi, Belgíu, Bandaríkjunum og Kanada.


D-vítamínbætt léttmjólk breytir tímabundið um útlit

D-vítamínbætta léttmjólkin er komin í spariföt til stuðnings beinheilsu þjóðarinnar. Í hvert skipti sem þú velur D-vítamínbætta léttmjólk renna **15 krónur** til kaupa á beinþéttnimæli handa Landspítalanum, en með honum er hægt að meta ástand beina á augabragði. Um leið hleðurðu inn kalki og D-vítamíni í beinin þín sem verða sterkari með hverju glasi.

Stöndum saman – styrkjum beinin






# LÍFIÐ ER LEIKUR

**Nýja barnalínan er komin í allar betri útivistarverslanir**



## JÖKULL
**Barna úlpa**

100% Nylon
Laus hetta
Mjúk og þægileg
Stærðir 116 – 176
3 litir

Leiðbeinandi verð
**14.990,-**



## LEIKA
**Barna útigalli**

100% Nylon
5.000mm vatnsvörn
5.000g öndun
Laus hetta
Stærðir 92 – 128
2 litir

Leiðbeinandi verð
**17.990,-**

**SÖLUSTAÐIR**

Skóbúð Húsavíkur - Húsavík
The Viking - Akureyri
Olíufélag Útvegsmanna - Ísafirði
Axel Ó - Vestmannaeyjum
Skóbúð Selfoss - Selfossi
K - Sport - Keflavík
Fjarðarsport - Neskaupstað
Veiðiflugan - Reyðafirði
ZO·ON Iceland, Kringlunni
ZO·ON Iceland, Bankastræti 10
ZO·ON Iceland, Factory Store, Nýbýlavegi 6

ZO·ON
ICELAND
www.zo-on.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



UPPLIFÐU ÞITT WOW MOMENT


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Á kafi í tískuvikunni

Hárgreiðslukonan **Íris Sveinsdóttir** er á tískuvikunni í New York þessa dagana þar sem hún greiðir fyrirsætum sem ganga tískupallana fyrir hönnuðinn Azede Jean-Pierre. Azede er talin vera einn af þeim hönnuðum á tískuvikunni sem eiga eftir að gera það gott í heimi tískunnar en þessi hæfileikaríka kona er strax búin að safna að sér aðdáendum meðal stjarnanna og eru söngkonan Solange Knowles og leikkonan Angie Harmon meðal þeirra sem hafa hrifist af hönnun hennar. Íris hefur því haft í nægu að snúast upp á síðkastið en hún er hvað þekktust fyrir hárbækurnar Gleðilegt hár og Frábært hár. **- lkg**



### Textinn kominn á netið

Vegna fjölmargra áskorana hefur tónlistarmaðurinn **Júníus Meyvant** birt á netinu textann við lag sitt Color Decay. Hægt er að skoða hann bæði á síðunum YouTube og Soundcloud og geta aðdáendur því loksins sungið hárréttan texta með laginu, hafi þeir ekki getað það hingað til. Color Decay, sem er fyrsta smáskífulag Júníusar, hefur notið mikilla vinsælda síðan það kom út í vor. Það fór í efsta sæti vinsældalista Rásar 2, hefur verið spilað á flestum útvarpsstöðum og er að finna á plötunni This Is Icelandic Indie Music Vol. II, sem kom út fyrr á árinu. **- fb**



## Mest lesið vísir

1. Faðir ungs manns sem framdi sjálfsvíg: „Við verðum að rjúfa þagnarmúrinn“
2. „Við biðjum börnin og aðstandendur þeirra innilega afsökunar“
3. Ísland í dag: Hræddur um að missa af fyrstu árum frumburðarins
4. „Hann er búinn að fella mig og ég ligg í valnum“
5. Jökulsá á Fjöllum hopar undan logandi hrauninu





